**allt**

**ÞÓRHILDUR MARTEINSDÓTTIR:**

*Fór vikugömul í fyrstu útileguna*

• börn • nám

Í MIÐJU BLAÐSINS



**ÓVENJULEG SKILNAÐARGJÖF**

**MH-DÚX:**

*Gaf skólanum fallegustu jöfnu stærðfræðinnar*



FÓLK 38


Síðan 1991

Þakviðgerðir

Pace®

Nánari upplýsingar á www.pace.is

Málarameistari sér um þakið

555 7500


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. júní 2005 - 146. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

**MIÐVIKUDAGUR**

## Valur fór létt með Fram



Valsmenn halda áfram að fara á kostum í Landsbankadeild karla en þeir fóru létt með erkifjendurna í Fram í gær.

ÍÞRÓTTIR 26

## Borðar fisk af færibandi

Þórólfur Árnason tekur við starfi forstjóra Icelandic Group. Hann segist vera kominn á kunnuglegar slóðir enda hefur hann haft talsverð afskipti af sjávarfangi í gegnum tíðina.



TÍMAMÓT 24

## Fegurðardrottningu skotið úr fallbyssu

Bandaríski spéfuglinn Jim Rose er á leið til landsins. Það er óhætt að segja að hann fari eigin leiðir í skemmtanabransanum.



UNGT FÓLK 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÝJAÐ MEÐ KÖFLUM** Yfirleitt hægur vindur og milt. Hætt við stöku síðdegisskúrum, einkum austan til. Hiti 7-16 stig, hlýjast vestanlands.

VEÐUR 4


**Fréttablaðið skorar og skorar!***

**Lestur íþróttasíðna**




Íslendingar 18-49 ára

*Lestur á íþróttasíður blaðanna á fimmtudögum. Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005


# Orkuveitan byggir 600 sumarbústaði

**Orkuveita Reykjavíkur ætlar að vera með í félagi um byggingu allt að sex hundruð sumarbústaða í landi Úlfljótsvatns ásamt Íslandsbanka. Hlutafé verður allt að þrjú hundruð milljónir. Framkvæmdir gætu hafist á árinu 2007.**

**FRÍSTUNDABYGGÐ** „Orkuveitan á frábær lönd við Úlfljótsvatn, í Hvammsvík og á Nesjavöllum og það er vilji til að nýta þau," sagði Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, en í dag mun stjórn Orkuveitunnar taka ákvörðun um hvort Orkuveitan verði með í félagi um byggingu allt að 600 sumarbústaða í landi Úlfljótsvatns í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Nýtt félag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og Klasa, sem er dótturfélag Íslandsbanka, hyggst reisa að minnsta kosti sex hundruð sumarbústaði í nýrri frístundabyggð ef tillaga um það verður samþykkt á stjórnarfundi í dag. Lagt verður til að stofnað verði nýtt hlutafélag um rekstur-inn, Úlfljótsvatn frístundabyggð. Félagið verður til helminga í eigu Orkuveitunnar og Klasa.

Hvor eigendanna mun leggja fram allt að 150 milljónir króna í hlutafé til hins nýja félags. Framlag Orkuveitunnar verður í formi landsvæðis en Klasi leggur fram reiðufé.

Samkvæmt hluthafasamningi sem gerður hefur verið leggur Orkuveitan fram jörðina Úlfljótsvatn, sem er tæplega 1.500 hektarar og er að verðmæti 150 milljónir króna. Klasi greiðir annars vegar 50 milljónir króna í formi hlutafjár og með kaupum á hlutafé af Orkuveitunni fyrir sömu upphæð.

Markmið félagsins er að annast mögulega byggingu og sölu sumarhúsa og þjónusta frístundabyggðina. Gert er ráð fyrir að hver lóð verði að lágmarki hálfur hektari og er gert ráð fyrir byggð að minnsta kosti 600 húsa, og fleiri ef mögulegt er. Miðað er við að undirbúningstími byggðarinnar hefjist strax og vari til ársloka 2006 en gert er ráð fyrir að byggingaframkvæmdir geti hafist á árinu 2007.

„Ég og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson fórum til Bandaríkjanna til að skoða frístundabyggðir og eftir þá ferð var auglýst eftir samstarfsaðila," sagði Alfreð Þorsteinsson.

Meðal manna í varastjórn Klasa eru athafnamennirnir Ásgeir Bolli Kristinsson og Sigurður Gísli Pálmason. -hb



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FUNDAÐ Í RÁÐHERRABÚSTAÐNUM** Dr. A.P.J. Abdul Kamal og Halldór Ásgrímsson funduðu í ráðherrabústaðnum í gærmorgun. Meðal þess sem rætt var um var fríverslun á milli Íslands og Indlands og samstarf vísindamanna ríkjanna tveggja. Opinberri heimsókn Indlandsforseta lýkur í dag. **Sjá síðu 14.**

Forsætisráðherra um einkavæðingu bankanna:

# Ræddi ekki átök um VÍS og hótaði engu

**EINKAVÆÐING** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kveðst aldrei hafa hótað stjórnarslitum vegna deilna um eignarhald á Vátryggingafélagi Íslands.

S-hópurinn svonefndi átti helminginn í VÍS á móti Landsbankanum en keypti hlut bankans í fyllingu tímans. S-hópurinn og VÍS urðu síðar annar af tveimur bjóðendum í hlut ríkisins í Búnaðarbankanum.

Halldór kveðst aldrei hafa átt fund með Davíð Oddssyni, núverandi utanríkisráðherra, um VÍS-átökin. „Ég minnist þess aldrei að við Davíð höfum talað um þetta mál."

Halldór segir í viðtali við Fréttablaðið í dag að Jóhannes Geir Sigurgeirsson hafi óskað eftir fundi með sér fyrir hönd Kaldbaks og S-hópsins um hugsanleg tilboð í hlut ríkisins í bönkunum. Sá fundur hafi aldrei verið haldinn en hann hafi rætt við fulltrúa fjárfestanna í síma. „Ég sagði þeim einfaldlega að þeir stjórnuðu sínum eigin málum og ef að þeir vildu verða vissari um að að báðir aðilar kæmust að málinu væri líklegasta leiðin til þess að þeir stæðu sameiginlega að því og bæðu sameiginlega um samninga um málið. Þeir komu sér ekki saman og ég hafði ekkert um það að segja. Það var þeirra mál." Sjá síðu 17



**W. MARK FELT** Hann lak upplýsingum til blaðamanna Washington Post, þeirra Bobs Woodward og Carls Bernstein.

Ráðgátan upplýst:

# Deep Throat gaf sig fram

**BANDARÍKIN** W. Mark Felt, fyrrverandi aðstoðarforstjóri bandarísku alríkislögreglunnar FBI, hefur viðurkennt að vera hinn dularfulli Deep Throat.

Undir þessu nafni gekk heimildarmaðurinn sem lét blaðamönnum Washington Post þær upplýsingar í té sem leiddu til að Watergate-málið komst í hámæli snemma á áttunda áratugnum, en í kjölfarið sagði Richard Nixon Bandaríkjaforseti af sér embætti.

Ýmsar sögur hafa verið á kreiki um hver Deep Throat sé en það er fyrst nú sem hann gefur sig fram. Felt, sem er 91 árs, kveðst ekki stoltur af því sem hann gerði. -shg

Burðarás selur:

# Avion kaupir Eimskip

**VIÐSKIPTI** Avion Group hefur keypt Eimskip af Burðarási fyrir tæpa 22 milljarða króna. Um er að ræða 94,1 prósents hlut í félaginu og sagði Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Avion, í gær að stefnt væri að því að eignast allt félagið. Færeyskt félag á 5,9 prósent og er mjög líklegt að það gangi inn í kauptilboðið samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

„Þetta er mjög gott verð sem við erum að fá fyrir hlut okkar í Eimskipi," segir Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss.

- bg / Sjá Markaðinn




Nýtt viðskiptablað með Fréttablaðinu alla miðvikudaga

MARKAÐURINN

Sögurnar • Tölurnar • Fólkið

Auglýsingasími 550 5000



## SPURNING DAGSINS

*Sveinbjörn, eru Skorrdælir ódælir?*

„Nei, þeir eru góðir nágrannar og ég vil gjarnan fá þá í púkkið."

Sveinbjörn Eyjólfsson er oddviti Borgarfjarðarsveitar og umhugað um sameiningu sveitarfélaganna í sýslunni. Skorrdælir hafa ítrekað hafnað sameiningu.

Forseti Alþingis andæfir ljósmyndasýningu:

# Vill enga steinstöpla á Austurvelli

**AUSTURVÖLLUR** Í gær sendi Halldór Blöndal, forseti Alþingis, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, borgarstjóra í Reykjavík, bréf þar sem hann mótmælir því að Reykjavíkurborg noti Austurvöll undir ljósmyndasýningu. Halldór setti álíka mótmæli fram í fyrra.

Eiríkur Hjálmarsson, aðstoðarmaður borgarstjóra, sagði í samtali við Fréttablaðið að skoðun þingforseta hefði verið þekkt þegar undirbúningur sýningarinnar hófst. „Erindi hans verður að sjálfsögðu svarað, en ég á ekki von á að borgaryfirvöld breyti fyrri afstöðu."

Ljósmyndunum verður komið fyrri á sömu steinstöplunum og notaðir voru í fyrra.

Kristján B. Jónasson, þróunarstjóri hjá Eddu, lýsti furðu sinni á því að þetta kæmi upp núna. „Ég hélt að borgin og þingið hefðu útkljáð þetta sín á milli og hefði viljað vita af þessari andstöðu fyrr." Hann sagði enn fremur að Edda hefði einungis fengið góð viðbrögð frá almenningi vegna sýningarinnar í fyrra.

Sýning sumarsins heitir „Andlit norðursins" eftir Ragnar Axelsson (RAX), sem gaf út samnefnda bók fyrir síðustu jól. Sýningin hefst þann 24. júní. ■



**LJÓSMYNDASÝNINGIN 2004** Það eru einkum steinstöplarnir sem fara fyrir brjóstið á Halldóri, sem kallar þá fyrirferðarmikla og grófa.

Verðlagskönnun ASÍ:

## Mjög mikill verðmunur

**VERÐKÖNNUN** Mjög mikill verðmunur var á milli matvöruverslana í verðkönnun sem verðlagseftirlit ASÍ gerði um land allt miðvikudaginn 25. maí síðastliðinn.

Mestur var munurinn á hæsta og lægsta verði á kílói af gulrótum, rúmlega 1.450 prósent. Hæsta gulrótaverðið var 698 krónur fyrir kílóið, en lægst var verðið 45 krónur kílóið. Meira en 100 prósenta munur var á hæsta og lægsta verði allra vara í könnuninni.

Kannað var verð í 63 verslunum um land allt og var meðal annars farið í keðjuverslanir sem eru með útibú víða á nokkrum stöðum á landinu. **-shg**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÞYRLAN KÖLLUÐ ÚT** Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út rétt fyrir klukkan tíu í gærkvöld til að svipast um eftir manni sem saknað var á svæðinu í kringum Hafnarfjall. Hópur manna hafði leitað að manninum í nokkra klukkutíma en hann er sjúklingur. Ekki var vitað frekar um afdrif hans þegar blaðið fór í prentun.

**BÍLVELTA** Bíll valt austan Gígjukvíslar á Skeiðarársandi eftir að ökumaður bílsins hafði misst stjórn á bílnum. Ökumaður og farþegi, sem voru erlendir ferðamenn, slösuðust töluvert og voru flutt á sjúkrahús. Bíllinn er ónýtur eftir veltuna.

**EKIÐ Á HREINDÝR** Á níunda tímanum í gærkvöld var ekið á hreindýr á veginum inn að Kárahnjúkavirkjun og drapst dýrið samstundis.

**BÍLVELTA Í ÞJÓÐGARÐINUM** Laust eftir hádegi í gær veltu tveir erlendir ferðamenn bíl sínum á Útnesvegi í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Bíllinn skemmdist nokkuð en meiðsli ferðamannanna voru óveruleg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**LÆKNIR MEÐ LABBRABB** Starfsfólk Landspítalans fékk að reyna óvenjulegar vinnuaðstæður í gær meðan tölvukerfi og innra símkerfi lágu niðri. Hér er læknir í talstöðvarsambandi en talstöðvar, farsímar og tveir jafnfljótir reyndust lífæð samskiptanna á meðan á ástandinu stóð.

# Landspítalinn varð símasambandslaus

**Tölvukerfi og innra símkerfi Landspítalans lágu niðri í fjórar klukkustundir í gær þannig ekki var hægt að hringja úr og í spítalann. Hjúkrunarfræðingar gengu um með talstöðvar og farsíma.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítali – Háskólasjúkrahús var símasambandslaus frá því um ellefuleytið til klukkan þrjú í gær. Einnig lágu öll tölvukerfi niðri en bilun kom upp í aðalnetkerfi sjúkrahússins með þeim afleiðingum að tölvukerfi og innra símkerfi duttu að mestu leyti út. Spítalinn var þó alltaf í sambandi við Neyðarlínu og sjúkrabíla í gegnum svokallað Tetra-kerfi, sem er utan við kerfið sem bilaði í gær.

„Við vorum hérna með gemsana og talstöðvar alveg á fullu," segir Ardís Henriksdóttir, aðstoðardeildarstjóri á bráðamóttöku. „Og svo varð maður bara að skokka upp á næstu hæð til að tilkynna komu sjúklinga." Hún segir þó að enginn skaði hafi hlotist af annar en sá að allt gekk mun hægar en venjulega. „Við gátum til dæmis ekki fengið niðurstöður úr rannsóknum því tölvurnar lágu niðri en verst var að aðstandendur sjúklinganna og aðrir náðu ekki sambandi við okkur til að spyrjast fyrir um sitt fólk fyrr en seint og um síðir en allir sýndu þessu skilning. Svo erum við náttúrlega orðin afar óvön því að handskrifa allt en nú fengum við æfingu í því."

Ardís segir að mikið hafi reynt á starfsfólkið en allir reynst starfi sínu vaxnir við þær óvenjulegu aðstæður sem sköpuðust.

Að sögn Ingólfs Þórissonar, framkvæmdastjóra tæknimála spítalans, varð bilunin í svokölluðum skipti í netkerfinu, sem sendi frá sér boð með þvílíkum hraða að netkerfið fylltist af útsendingum með fyrrgreindum afleiðingum.

„Við erum með tvöfalt símkerfi þannig að þegar eitt dettur út á annað að taka við og nú erum við að kanna af hverju það gerðist ekki í þessu tilfelli," segir Ingólfur.

„Í tilfellum sem þessum er farið eftir öryggisreglum sem kveða meðal annars á um að talstöðvum og gemsum skuli dreift á alla staði svo hægt sé að ná í lækna og aðra starfsmenn og það gekk allt eftir í gær," bætir hann við.

Starfsemi Landspítalans er í Fossvogi, Hringbraut, Landakoti, Dalbraut og einnig á Kleppsspítala, þannig að afleiðinga bilunarinnar gætti víða í gær. **jse@frettabladid.is**

Bandaríkjaforseti:

## Gagnrýninni vísað á bug

**WASHINGTON, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti vísar gagnrýni mannréttindasamtakanna Amnesty International á bandarísk stjórnvöld á bug og segir hana fáránlega.

Í ársskýrslu Amnesty International, sem út kom í síðustu viku, eru bandarísk stjórnvöld harðlega átalin fyrir meðferð sína á grunuðum hryðjuverkamönnum í fangelsum sínum víða um heim, sérstaklega í Guantanamo-búðunum á Kúbu.

Á blaðamannafundi í gær sagði Bush hins vegar að gagnrýnin væri runnin undan rifjum fólks sem hataði Bandaríkin. „Þetta eru fáránlegar ásakanir, Bandaríkin eru ríki sem vinna að því að auka frelsi um allan heim." ■

Jón Helgi í BYKO:

## Selur bréf í Íslandsbanka

**VIÐSKIPTI** Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var það Jón Helgi Guðmundsson í BYKO sem seldi 240 milljónir hluta í Íslandsbanka til æðstu stjórnenda bankans í gær. Eru það um 1,8 prósent af heildarhlutafé bankans. Söluverðmæti hlutanna var 3,2 milljarðar króna og keypti Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, hlutafé fyrir 1,3 milljarða. Einar Sveinsson stjórnarformaður og sex framkvæmdastjórar keyptu minna hver.

Fyrir átti eignarhaldsfélag Jóns Helga rúma 396 milljón hluti í bankanum eða um þrjú prósent. Er þessi sala talin ýta undir þá skoðun að Jón Helgi vilji styrkja frekar núverandi meirihluta í bankaráði, en átök hafa verið á milli meirihlutans og aðila sem tengjast Straumi fjárfestingabanka. **– bg/Sjá Markaðinn**

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



ÍSLANDSVINUR

50.000 króna gjafabréf
Öllum nýjum Subaru Legacy bílum fylgir nú 50.000 króna úttekt í Intersport eða Nevada Bob. Bættu við tjaldi, grilli, golfsetti eða flugustöng og borgaðu ekki krónu!

Verð frá:
Sedan: 2.220.000 kr.
Wagon: 2.320.000 kr.
Ferðagasgrill fylgir öllum nýjum Subaru Legacy.

NEVADA BOB INTERSPORT

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Fíton/SÍA

Samherji á Stöðvarfirði:

# Öllum starfsmönnum sagt upp

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við reynum að vinna í samstarfi við önnur sjávarútvegsfyrirtæki í bænum og á svæðunum í kring svo að flestir fái önnur störf," segir Gestur Geirsson, framkvæmdastjóri landvinnslu Samherja.

Ákveðið hefur verið að hætta allri vinnslu í frystihúsi félagsins á Stöðvarfirði í september komandi og verður öllum 32 starfsmönnum sagt upp störfum frá og með þeim tíma. Nokkrir mánuðir eru síðan Samherji ákvað að sameina landvinnslur fyrirtækisins á Stöðvarfirði og á Dalvík og hefur síðan verið unnið að því að draga úr áhrifum uppsagnanna í samvinnu við verkalýðsfélögin og sveitarfélagið.

Gestur segir að þegar ákvörðunin um lokun frystihússins hafi verið tekin hafi mið verið tekið af opnun Fáskrúðsfjarðarganga sem flestir telja að muni stórbæta atvinnumöguleika á svæðinu. Verði tafir á opnun ganganna mun Samherji greiða öllum starfsmönnum laun fram að þeim tíma. **- aöe**



**LOKAÐ Í SEPTEMBER** Frá og með september mun öll landvinnsla Samherja fara fram á Dalvík.



# GILDI
## *lífeyrissjóður*

**Gildi – lífeyrissjóður** hefur starfsemi í dag, 1. júní 2005. Sjóðurinn varð til við samruna Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna og tekur við öllum eignum, réttindum og skuldbindingum þeirra.

**Gildi – lífeyrissjóður** er með rúmlega 20 þúsund virka sjóðfélaga. Aðild að sjóðnum eiga Bifreiðastjórafélagið Sleipnir, Efling stéttarfélag, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag hársnyrtisveina, Sjómannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Verkalýðsfélagið Hlíf, Landssamband smábátaeigenda og Samtök atvinnulífsins.

**Gildi – lífeyrissjóður** er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins. Eignir sjóðsins nema um 150 milljörðum króna.

**Gildi – lífeyrissjóður** verður til húsa í Sætúni 1 í Reykjavík, en fram til 1. september nk. verður afgreiðsla sjóðsins einnig í Þverholti 14.

TUNGLID auglýsingastofa

GILDI

Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 31.05.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,56 | 64,86 |
| Sterlingspund | GBP | 117,32 | 117,90 |
| Evra | EUR | 79,47 | 79,91 |
| Dönsk króna | DKK | 10,68 | 10,74 |
| Norsk króna | NOK | 10,00 | 10,06 |
| Sænsk króna | SEK | 8,68 | 8,73 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 95,14 | 95,70 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**111,29 -0,73%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Um 30 flóttamenn væntanlegir:

# Setjast að í Reykjavík

**FLÓTTAFÓLK** Allt að þrjátíu flóttamenn frá Kólumbíu eru væntanlegir hingað til lands síðla sumars eða í haust. Þeir munu líklega setjast að í Reykjavík, að sögn Bjarkar Vilhelmsdóttur, formanns velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær að taka á móti hópi af þessari stærð sem í verða einkum einstæðar konur og ekkjur með börn.

„Félagsmálaráðuneytið hefur verið í viðræðum við borgina," sagði Björk. „Það á eftir að útfæra þetta en við bjóðum að sjálfsögðu flóttamenn velkomna til Reykjavíkur."

Flóttamannaráð Íslands hefur unnið í málinu um skeið. Flóttafólkið sem um ræðir hefur orðið fyrir ásóknum í Kólumbíu og verið úrkurðað flóttamenn af Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna. Stofnunin hefur verið með sérstakt verkefni í gangi sem heitir „Women at risk". Með aðstoð við þessa flóttamenn er verið að taka þátt í því.

Flestir flóttamenn sem hingað hafa komið eru frá Asíu og fyrrverandi lýðveldum Júgóslavíu.

-jss



**BJÖRK VILHELMSDÓTTIR** Flóttamenn velkomnir til Reykjavíkur.

Frakklandsforseti:

# Rétti fram sáttahönd

**PARÍS, AP** Jacques Chirac Frakklandsforseti rétti þjóð sinni sáttahönd í sjónvarpsávarpi í gærkvöld. Ávarpsins hafði verið beðið með nokkurri eftirvæntingu því fyrr um daginn hafði Chirac stokkað upp í ríkisstjórn sinni.

Chirac sagði að niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar bæri ekki að túlka á þann veg að Frakkar hefðu hafnað hugsjóninni um sameinaða Evrópu heldur væri hún ákall um aðgerðir sem skiluðu árangri. Því hefði hann skipt um forsætisráðherra og frekari breytingar væru í vændum. ■



**FRAMTÍÐARSÝN** Gert er ráð fyrir 350 hektara landfyllingu í nýju framtíðarskipulagi borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins.

Landfylling í Reykjavík:

# Kostar 21 milljarð

**STJÓRNMÁL** Borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins kynnti hugmyndir sínar um framtíðarskipulag í Reykjavík á fimmtudag.

Samkvæmt tillögunum er kveðið á um 350 hektara landfyllingu milli Örfiriseyjar og Akureyjar og frá Sæbraut í áttina að Engey. Í einum hektara eru 10.000 fermetrar. Því er um að ræða landfyllingu upp á 3,5 milljónir fermetra.

Samkvæmt Jóni Þorvaldssyni, forstöðumanni tæknideildar hjá Faxaflóahöfn, kostar fermetrinn í slíkri landfyllingu um 6.000 krónur. Kostnaður við landfyllinguna yrði því 21 milljarður króna samkvæmt þessum tölum.

- ifv

Byggðakjarni fyrir vestan:

# 140 milljónir í uppbygginguna

**BYGGÐAÞRÓUN** Skrifað verður undir vaxtarsamning Vestfjarða á Ísafirði í dag en honum er ætlað að styðja við bakið á uppbyggingu byggðakjarna á svæðinu. Verður það gert með því að styrkja sjálfbæran hagvöxt með markaðstengdum áherslum.

Að samningunum standa iðnaðarráðuneytið og Ísafjarðarbær ásamt fjölda fyrirtækja og stofnana. Samningurinn nær til áranna 2005 til 2008 og er heildarfjármagnið sem til hans er varið um 140 milljónir króna.

- ssal

# Borgarstjóraefni gæti fengið áttunda sætið

**Vangaveltur eru uppi um að áttunda sæti Reykjavíkurlistans verði skipað borgarstjóraefni listans. Nafn núverandi borgarstjóra hefur verið nefnt í því sambandi. Samfylkingin heldur prófkjör við val á fulltrúum sínum.**

**REYKJAVÍKURLISTINN** „Það er regla hjá Samfylkingunni að það fari fram prófkjör um frambjóðendur flokksins og þannig verður það í Reykjavík fyrir komandi borgarstjórnarkosningar," segir Páll Halldórsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í viðræðunefnd R-listaflokkanna. Hann segir að þátttaka Samfylkingarinnar í R-listanum ráði ekki úrslitum hvað slíkt varðar og haldið verði prófkjör hvort sem Samfylkingin bjóði fram í eigin nafni eða undir nafni R-listans.

Stefán Jón Hafstein borgarfulltrúi hlaut efsta sætið í síðasta prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík til borgarstjórnarkosninga, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hlaut annað sætið og Helgi Hjörvar hið þriðja. Ingibjörgu Sólrúnu var svo úthlutað áttunda sæti listans. Hvorki Stefán Jón né Steinunn Valdís vildu segja til um hvort þau myndu taka þátt í prófkjöri til komandi borgarstjórnarkosninga og ekki náðist í Helga Hjörvar en talið er að hann muni ekki gefa kost á sér frekar en Ingibjörg Sólrún.

Fleiri kunna að blanda sér í prófkjörsbaráttu en skiptar skoðanir eru innan Samfylkingarinnar um hvort flokkurinn eigi að taka þátt í R-lista samstarfinu. Slík sjónarmið munu reyndar vera innan allra þriggja flokkanna. Raddir innan Samfylkingarinnar benda á að algjörlega óviðunandi sé fyrir Samfylkinguna að fallast á jafna skiptingu borgarfulltrúa vegna stærðar flokksins en algjört skilyrði verði af hálfu flokksins að hann fái borgarstjórastólinn eða fyrsta sæti listans.

Meðal þess sem nefnt hefur verið er að Steinunn Valdís feti í fótspor forvera síns Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og skipi áttunda sæti listans og verði þar með borgarstjóraefni listans ef um slíkt næst sátt innan Reykjavíkurlistans. Búist er við því að prófkjör Samfylkingarinnar verði haldið í haust.

hjalmar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR OG INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Spjallað í góða veðrinu við Tjarnargötu í gær. Ingibjörg Sólrún mun að líkindum ekki gefa kost á sér til setu í borgarstjórn, en hún skipaði áttunda sæti R-listans við síðustu kosningar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**LÉTUST AF SLYSFÖRUM** Fjórir ítalskir hermenn fórust í þyrluslysi í Írak í gær. Í öðru flugslysi biðu fjórir Bandaríkjamenn bana.

Saddam Hussein:

# Réttarhöldin hefjast senn

**BAGDAD, AP** Jalal Talabani, forseti Íraks, lýsti því yfir í viðtali við sjónvarpsstöðina CNN í gær að réttarhöldin yfir Saddam Hussein myndu hefjast innan tveggja mánaða.

„Þorri almennings krefst dauðadóms yfir Saddam verði hann fundinn sekur," sagði Talabani.

Fjórir Bandaríkjamenn fórust í flugslysi skammt norður af Bagdad síðdegis í gær. Um svipað leyti týndu fjórir Ítalir lífi í þyrluslysi sunnar í landinu. Þá beið héraðsstjóri hins róstusama Anbar-héraðs bana í átökum bandarískra hermanna og uppreisnarmanna, en hann hafði verið í haldi þeirra síðarnefnu í þrjár vikur. ■

## LÖGREGLUMÁL

**VITNI ÓSKAST** Ekið var aftan á Suzuki Swift bifreið á gatnamótum Flugvallarvegar og Skógarhlíðar um kl. 17 í fyrradag. Ökumaður bílsins sem árekstrinum olli hvarf af vettvangi án þess að til hans næðist. Vitni að árekstrinum eru beðin að gefa sig fram við lögregluna í Reykjavík.






## VEÐRIÐ Í DAG

**KÆRKOMNAR SÍÐDEGISSKÚRIR**
Lyktin í andrúmsloftinu breytist þegar síðdegisskúrirnar hafa vökvað menn og mýs, gróður og gras. Þetta var allt að skrælna. Hins vegar er það svo að það er ávallt nokkuð tilviljanakennt hvar síðdegisskúrirnar pota sér niður. Því þarf enn að vera viðbúinn því að vökva garðinn.

**VAXANDI VINDUR EINKUM SYÐRA**
Á morgun og reyndar í dag líka, bætir nokkuð í vind allra syðst á landinu. Sá vindur ætti að verða yfirstaðinn um helgina.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Strekkingur allra syðst.

### Föstudagur




Yfirleitt hægur vindur.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 13°C hálfskýjað | París | 23°C hálfskýjað | Alicante | 25°C hálfskýjað |
| Osló | 15°C hálfskýjað | Berlín | 15°C léttskýjað | Milano | 27°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 16°C hálfskýjað | Frankfurt | 20°C hálfskýjað | New York | 21°C léttskýjað |
| Helsinki | 12°C skýjað/skúr | Madrid | 26°C léttskýjað | San Francisco | 21°C léttskýjað |
| London | 15°C skýjað/skúr | Barcelona | 24°C léttskýjað | Orlando/Florida | 32°C þrumuveður |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# 100% sumar



**Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20.000 kr. eða færð þér kreditkort fylgir fallegt ferðahandklæði!**

Gildir meðan byrgðir endast.

*Lyklar að áhyggjulausu fríi*

- ***Kreditkort***
  - traustar ferðatryggingar og auðveldur aðgangur að peningum hvar sem er
- ***Greiðsluþjónusta***
  - láttu okkur sjá um reikningana meðan þú slappar af með fjölskyldunni
- ***Reglulegur sparnaður***
  - núna er tíminn til að leggja grunn að næsta fríi
- ***Netbankinn***
  - þú getur sinnt öllum þínum bankamálum á fljótlegan og öruggan hátt um allan heim

## Hafðu það gott í sumar ...

Íslandsbanki hvetur fólk til að njóta sumarsins og hafa ekki áhyggjur af fjármálunum. Við bjóðum fjölmargar leiðir sem stuðla að þægilegu og áhyggjulausu sumarfríi.

**Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúum í útibúum Íslandsbanka, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.**

**... og mundu eftir handklæðinu!**

ÍSLANDSBANKI | 100%



## KJÖRKASSINN

*Fórst þú í leikhús síðasta vetur?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 43,96% |
| Nei | 56,04% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þarf að rannsaka einkavæðingu bankanna betur?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Lítil öryggisgæsla í Héraðsdómi Reykjavíkur:

# Ráðist á Reyni Traustason

**DÓMSMÁL** Sparkað var í Reyni Traustason, fyrrverandi ritstjóra DV, þegar hann kom í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær til þess að bera vitni í máli sem höfðað er gegn Jóni Trausta Lútherssyni, fyrir ógnanir og líkamsmeiðingar sem áttu sér stað í höfuðstöðvum DV í Skaftahlíð í fyrra.

Reynir segir kverkatakið sem tekið var á honum í æsingnum á vinnustaðnum ekki vera aðalatriði málsins. „Það skiptir mestu máli að geta búið við öruggt og ógnunarlaust umhverfi í vinnunni og annars staðar," sagði Reynir. „Þessi árás á mig í héraðsdómi sýnir einfaldlega eðli þessara manna, sem eru að ögra og ógna. Það er ekki hægt að sætta sig við það að innan veggja Héraðsdóms Reykjavíkur geti menn óáreittir gengið í skrokk á öðrum," sagði Reynir.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Jóns Trausta, segir öryggisgæslu í héraðsdómi ekki ábótavant, þrátt fyrir þetta atvik í gær.

„Ég hef nú starfað þarna lengi og hef aldrei orðið vitni að neinu, og veit ekki til þess að þarna hafi komið upp vandamál fram að þessu".

Sveinn bendir einnig á að ef menn séu taldir hættulegir, eða séu í gæsluvarðhaldi, séu þeir í vörslu fangavarða.

Dómverðir eru einnig starfandi í húsinu og að mati Sveins Andra sinna þeir starfi sínu vel og halda uppi hæfilegri löggæslu í húsinu.

- mh



**REYNIR TRAUSTASON** Reynir er óánægður með öryggisgæslu í Héraðsdómi Reykjavíkur. „Það á ekki að vera möguleiki að sparka í vitni og ógna þeim rétt áður en farið er inn í vitnaleiðslu".

Stjórnarskrá Evrópu:

## Svíar vilja fá að kjósa

**SVÍÞJÓÐ** Vinstri flokkurinn í Svíþjóð hótar því að hætta stuðningi við ríkisstjórn jafnaðarmanna verði ekki hætt við áform stjórnarinnar um að samþykkja stjórnarskrá Evrópusambandsins.

Vinstri flokkurinn hefur fram til þessa krafist þess að stjórnarskráin verði borin undir þjóðaratkvæði. Eftir að Frakkar höfnuðu stjórnarskránni í þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudag telur flokkurinn hins vegar að dagar stjórnarskrárinnar séu taldir og því engin ástæða fyrir Svía að samþykkja hana.

Skoðanakannanir í Svíþjóð sýna að mikill meirihluti kjósenda vill þjóðaratkvæði um stjórnarskrána. ■

Hermannaveiki í Noregi:

## Sex látnir

**NOREGUR** Sex eru nú látnir úr hermannaveikinni sem upp kom í Noregi fyrir skömmu. Staðfest hefur verið að banamein manns sem lést 19. maí á Austurvold-sjúkrahúsinu í Friðriksstað var hermannaveiki.

Staðfest hefur verið að 47 manns hafi smitast af hermannaveikinni og auk þeirra sem látist hafa eru þrír alvarlega veikir.

Norskum stjórnvöldum hefur enn ekki tekist að finna uppsprettu smitsins. ■

### KJARASAMNINGAR

**SAMIÐ VIÐ STYRKTARFÉLAG VANGEFINNA** Kjarasamningur Starfsmannafélags ríkisstofnana við Styrktarfélag vangefinna var samþykktur í atkvæðagreiðslu. Atkvæði greiddu 34 félagsmenn, eða 30 prósent. Þar af sögðu 25 já, eða 74 prósent, en 9 sögðu nei, eða 26 prósent félagsmanna.

# Villepin stýrir nýrri Frakklandsstjórn

**Frakklandsforseti hefur falið Dominique de Villepin að fara fyrir nýrri ríkisstjórn eftir að hinn óvinsæli Jean-Pierre Raffarin vék úr embætti í kjölfar ófara í þjóðaratkvæðagreiðslu.**

**FRAKKLAND, AP** Jacques Chirac Frakklandsforseti skipaði í gær Dominique de Villepin í embætti forsætisráðherra og fól honum að fara fyrir nýrri ríkisstjórn. Með uppstokkuninni brást Chirac við niðurlægjandi ósigri málstaðar forsetans og stjórnarliða í þjóðaratkvæðagreiðslunni um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins.

Villepin flytur úr innanríkisráðuneytinu og yfir í forsætisráðuneytið og kemur þar í stað Jean-Pierre Raffarin, sem sagði af sér í gær. Með Villepin kaus Chirac mann sem hann er vanur að treysta. Áður en hann varð innanríkisráðherra stýrði hann utanríkisráðuneytinu og talaði fyrir hönd Frakka í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna er tekist var á um Íraksmálið veturinn 2002-2003.

Ráðherralisti nýju stjórnarinnar verður væntanlega kynntur í dag. Nicolas Sarkozy, vinsælasti maðurinn í stjórnarliði hægrimanna, verður innanríkisráðherra, að því er náinn samherji Sarkozys, þingmaðurinn Yves Jego, sagði í útvarpsviðtali. Í frönskum fjölmiðlum höfðu verið miklar vangaveltur um hvort Sarkozy yrði aftur fenginn til liðs við ríkisstjórnina, en hann var innanríkisráðherra 2002-2004. Sarkozy er formaður Lýðfylkingarinnar UMP, flokks Chiracs, og er talinn hyggja á forsetaframboð árið 2007.

Verði Sarkozy ráðherra í stjórn undir forystu Villepins mun það þykja tíðindum sæta, ekki síst með tilliti til þess að hann lét svo ummælt fyrir atkvæðagreiðsluna um helgina að einvörðungu menn sem hefðu verið kjörnir í embætti – sem Villepin hefur aldrei – „hefðu rétt til að tala í nafni Frakklands". Ummælin voru túlkuð sem viðvörun Sarkozys við því að láta Villepin taka við.

Villepin tekur við erfiðu búi. Atvinnuleysi er yfir tíu prósentustigum og forystusveit franskra stjórnmála er meira og minna í sárum eftir klofning kosningabaráttunnar með og á móti stjórnarskrársáttmálanum. Sá klofningur gekk þvert á flokkslínur en sýndi ef til vill ekki síst gjá milli stjórnmálaforystunnar og almennings.

-aa

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RÁÐHERRASKIPTI HANDSÖLUÐ** Fráfarandi forsætisráðherra Frakklands, Jean-Pierre Raffarin, og nýskipaður arftaki hans, Dominique de Villepin, handsala ráðherraskiptin í París í gær.

**FERILL VILLEPINS**

**Nafn og aldur:** Dominique de Villepin, 51 árs.

**Ferill:** Á að baki langan feril í frönsku utanríkisþjónustunni. Eftir að hafa verið einn nánasti pólitíski ráðgjafi Chiracs forseta í nokkur ár var hann skipaður utanríkisráðherra árið 2002. Árið eftir vakti hann athygli með andríkum ræðum í öryggisráði SÞ þar sem hann andmælti áformum Bandaríkjamanna um innrás í Írak. Hann hefur verið innanríkisráðherra síðan árið 2004. Hann er mjög bókhneigður og hefur sent frá sér fimm bækur, meðal annars með eigin ljóðum.

**Menntun:** Villepin hlaut háskólamenntun sína í ENA og SciencePo í París, aðalskólum stjórnmálaelítu Frakklands.

**Galli:** Villepin hefur aldrei gegnt embætti sem hann hefur verið kjörinn til.






Hollendingar kjósa um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins:

# Sáttmálinn líklega felldur

**HOLLAND, AP** Hollenskir stjórnmálaleiðtogar gerðu í gær lokatilraun til að telja landa sína á að greiða atkvæði með staðfestingu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins. En síðustu skoðanakannanir sem birtar voru fyrir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsluna í dag bentu til að enn hærra hlutfall hollenskra kjósenda myndi segja „nei" en franskir. Hinir síðarnefndu höfnuðu sáttmálanum í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu á sunnudaginn var með 55 gegn 45 af hundraði greiddra atkvæða.

Hafni kjósendur í öðru stofnríki Evrópusambandsins sáttmálanum með svo afgerandi hætti eru allar líkur á því að hann komist aldrei til framkvæmda. Öll aðildarríkin 25 þurfa að fullgilda sáttmálann til að hann geti tekið gildi. Slík niðurstaða myndi knýja leiðtoga sambandsins til að hefja endurskoðun á stefnu Evrópusamvinnunnar er þeir koma saman á misserislokafundi sínum í Brüssel eftir hálfan mánuð.

Wolfgang Schüssel, kanslari Austurríkis, varpaði fram þeirri hugmynd í gær að ein allsherjaratkvæðagreiðsla í öllum aðildarríkjunum yrði látin skera úr um örlög sáttmálans. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ÁBERANDI „NEI"** Móðir með múslimaslæðu gengur fram hjá áróðursveggspjaldi gegn samþykkt ESB-stjórnarskrárinnar í Amsterdam í gær.


SUMARSPRENGJA
399,-
Í ÁSKRIFT
SUMARSPRENGJA
499,-
Í LAUSASÖLU
NIÐUR MEÐ VERÐIÐ
– UPP MEÐ STEMMNINGUNA!
SÉÐ OG HEYRT
– Gerir lífið skemmtilegra!

# Bíóleikur á spron.is

fyrir núverandi og nýja viðskiptavini SPRON

Taktu þátt í skemmtilegum bíóleik og þú gætir unnið tvo miða á myndina Mr. & Mrs. Smith með Brad Pitt og Angelinu Jolie.

Svaraðu einni laufléttri spurningu á spron.is og þú gætir unnið:

- tvo miða á sérstaka SPRON VIP-forsýningu þann 6. júní
- tvo miða á almenna sýningu myndarinnar




Himinn og haf / SÍA

spron
– fyrir allt sem þú ert


Aðeins örfáir geitungar hafa sést það sem af er sumri:

# Geitungastofninn hruninn

**SKORDÝR** Útlit er fyrir að íslenski geitungastofninn hafi hrunið síðastliðið sumar að sögn Erlings Ólafssonar, skordýrafræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

„Á þessum tíma í fyrra var algjört kraðak af geitungum en ástandið núna er allt annað, það hafa aðeins örfá kvikindi sést," segir Erling. „Ég tel ástæðuna vera að stofninn hafi hrunið í ágúst í fyrra en það er samt bara tilgáta."

Erling segir að það hafi ekki verið kuldakast sem hafi valdið þessu hruni heldur þvert á móti mikill hiti. Hitabylgjan sem gekk yfir landið síðsumars hafi komið í kjölfar nokkurrar vætutíðar. Við það hafi skapast aðstæður sem líklega hafi hrundið af stað gerla- og sveppasýkingum í geitungabúum.

„Fjöldi geitunga dó, sem þýðir að það varð lítil nýliðun. Búin náðu ekki að framleiða drottningar og því á ég von á að það verði lítið um geitunga í sumar. Það eru í það minnsta engar forsendur fyrir því að það verði mikið um geitunga eins og í fyrra."

Erling segir að svo virðist sem hunangsflugustofninn hafi sloppið því töluvert mikið hefur sést af hunangsflugum það sem af er sumri. -th



**GEITUNGUR** Geitungarnir sem eru komnir á stjá núna eru drottningar sem eru að koma sér fyrir. Erling segir að þær séu ekki í árásarhug enda ekki tilbúnar til að fórna lífinu áður en þær byggja bú.

# Landrof í Viðey

**Áður var óhætt að rölta áhyggjulaust um strendur Viðeyjar en vegna landeyðingar eru sandarnir víða orðnir svo gljúpir að hætta stafar af. Kunnugir segja ástæðu landeyðingar í Viðey vera framkvæmdir í Sundahöfn.**

**LANDEYÐING** „Ég hef fylgst gaumgæfilega með þessu um langa hríð og það er engum vafa undirorpið í mínum huga að framkvæmdirnar við Sundahöfn spila stórt hlutverk í þeirri landeyðingu sem orðið hefur á eynni," segir Örlygur Hálfdánarson, fyrrverandi bókaútgefandi. Hann er þeirrar skoðunar að sífelldar dýpkunarframkvæmdir í og við Sundahöfn hafi haft þau áhrif að syðsti hluti Viðeyjar hefur látið verulega á sjá undanfarin ár.

Örlygur hefur farið reglulega út í eyjuna síðustu áratugina og segir að 20 ára gamlar spár sínar séu nú að rætast. „Það er eins og menn haldi að ef þeir grafa djúpan grunn í botn sundsins þá renni enginn sandur þangað frá ströndum Viðeyjar en það er einmitt það sem á sér stað. Við eyjarsundið, milli syðsta hluta eyjunnar og Sundahafnar, er búið að dýpka óskaplega en leyfi til þessa var einmitt veitt þar sem fræðingar töldu að slíkt hefði engin áhrif á strendur Viðeyjar. Síðan hefur ekkert eftirlit verið með þessu af hálfu opinberra aðila mér vitandi."

Örlygur segir að sem barn hafi hann leikið sér áhyggjulaust á söndunum syðst á eynni en í dag sé vart nokkrum manni þar farandi vegna þess hve gljúpur sandurinn sé orðinn. „Þar sökkva menn strax á kaf enda enginn sandur lengur undir heldur vatn."

Rök Örlygs halda þó ekki vatni að mati Jóns Þorvaldssonar, forstöðumanns tæknideildar Faxaflóahafna. Hann segir þetta hafa verið rannsakað fyrir nokkrum árum og ekkert hafi bent til að gröftur eða dýpkun innsiglingarinnar og hafnarinnar við Sundahöfn hafi valdið landrofi í Viðey. „Það sem á sér stað í Viðey er venjubundinn ágangur sjávar og ekkert annað. Besti samanburðurinn er við Engey en þar hefur einnig orðið töluverð breyting undanfarin ár þrátt fyrir að hún sé fjarri skipahöfnum. Þau rök að umferð stærri skipa raski ströndum Viðeyjar eiga sér enga stoð."

albert@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**GÖNGUSLÓÐIR HORFNAR** Göngustígar sem lagðir voru meðfram Þórsnesi fyrir allnokkrum árum eru horfnir vegna ágangs sjávar.



**TILVILJUN EÐUR EI** Einu staðirnir þar sem landrof er áberandi í Viðey eru á Kríusandi og við Þórsnes en það eru syðstu staðir eyjunnar og beint á móti Sundahöfn.




# VIÐ GEFUM LEIKINN Á MÓTI MÖLTU

## Ef þú kaupir miða á Ísland - Ungverjaland í forsölu færðu miða á Ísland - Möltu í kaupbæti.



Eiður Smári nýkrýndur Englandsmeistari leiðir strákana okkar gegn **Ungverjum laugardaginn 4. júní** í undankeppni HM 2006 og aftur gegn **Möltu miðvikudaginn 8. júní.**

Miðinn kostar **1.500 kr.** og er seldur í forsölu á **ksi.is** og **esso.is** fram á föstudag. Tilboðið gildir í nýju stúkuna.

Báðir leikirnir hefjast kl. 18:05.

STYÐJUM GOTT MÁLEFNI
**SÖFNUNARSÍMI: 904 2006**

Sjálfsmorðssprengjuárás í Karachi dregur dilk á eftir sér:

# Mannfall eftir múgæsingu sjía

**KARACHI, AP** Múgæsing greip um sig í Karachi, stærstu borg Pakistans, eftir að sjálfsmorðssprengjuárás var gerð í sjíamosku. 12 manns liggja í valnum.

Í fyrrakvöld reyndu þrír vopnaðir menn að komast inn í Madinatul Ilm Imambargahmoskuna í Karachi. Eftir átök þar sem tveir lögreglumenn og einn tilræðismaður biðu bana og annar særðist komst sá þriðji inn og sprengdi hann sprengju sína. Einn moskugestanna dó og á annan tug manna særðist.

Mennirnir eru taldir tilheyra hópi öfgasinnaðra súnnía sem beinir spjótum sínum að kristnum og sjíum. Yfirvöld segja hópinn hafa tengsl við al-Kaída.

Eftir að árásin spurðist út gengu mörg hundruð æstir sjíar berserksgang, fóru um borgina og kveiktu í bílum og verslunum, þar á meðal útibúi bandarísku kjúklingastaðakeðjunnar KFC. Fjórir brunnu inni á staðnum og tveir til viðbótar köfnuðu eftir að hafa læst inni í kæliskáp þar sem þeir höfðu leitað skjóls.

Aðeins eru þrír dagar síðan sjálfsmorðsprengjumaður banaði tuttugu sjíum við helgidóm nærri höfuðborginni Islamabad. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**REIÐUR MÚGUR** Allt að eitt þúsund sjíar gengu berserksgang í Karachi eftir sprengjutilræði í mosku þeirra.



**MOKAFLI**
Það bar vel í veiði hjá þessum filippeyska túnfiskveiðimanni í gær en hann gerir út frá bænum General Santos á Mindanaoeyju. Fáar þjóðir veiða meiri túnfisk en Filippseyingar enda fá þeir drjúgan hluta gjaldeyristekna sinna af slíkum veiðum.

Lekinn í Sellafield:

## Íslendingar óska skýringa

**UMHVERFIÐ** Umhverfisráðherra hefur óskað skriflegra upplýsinga frá breskum stjórnvöldum um lekann á geislavirkum vökva í endurvinnslustöðinni í Sellafield.

„Þetta er náttúrlega ekki í fyrsta skipti sem svona mál kemur upp í Sellafield og því finnst okkur þessi frammistaða ekki mjög traustvekjandi. Við viljum líka láta Breta vita að við lítum þetta alvarlegum augum. Við munum fylgja þessu eftir því mikið er í húfi," segir Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhverfisráðuneytinu.

Ráðherra hyggst taka málið upp á fundi norrænu umhverfisráðherranna sem haldinn verður í ágúst. ■

Biskupinn í Stokkhólmi:

## Braust inn til nágranna

**SVÍÞJÓÐ** Biskupinn í Stokkhólmi hefur verið kærður fyrir innbrot og brot gegn friðhelgi heimilisins.

Biskupinn, Caroline Krook, var stödd í sumarhúsi sínu utan við Stokkhólm og fannst ónæði að tónlistarflutningi nágrannanna. Hún kvartaði en þegar henni fannst ekki nóg að gert, gerði hún sér lítið fyrir, fór yfir til grannans og tók hljómflutningstækin úr sambandi.

Heimilisfólkið kærði atburðinn og á biskupinn nú yfir höfði sér þunga sekt fyrir athæfið. ■

# Parvó-veikin á skrið aftur

**Miklu meira hefur verið um Parvó-veiki í hvolpum og unghundum í vor en mörg undanfarin ár. Nokkrir hafa drepist af hennar völdum. Hún lýsir sér með blóðuppköstum og niðurgangi. Grunur leikur á að nýtt bóluefni dugi ekki sem skyldi þar sem bólusett er tvisvar í stað þrisvar áður.**

**DÝRAHALD** Í vor hafa greinst óvenjumörg tilfelli af Parvó-veiki í hvolpum og unghundum, að sögn Katrínar Harðardóttur dýralæknis á Dýraspítalanum í Víðidal. Þessi illræmda veiki heltekur hunda og getur dregið þá til dauða. Hún smitast milli hunda, en menn geta jafnframt borið hana á milli þeirra.

„Það hefur verið miklu meira um parvó-veiki í vor heldur en við höfum séð í mörg ár," sagði Katrín. „Því miður erum við ekki viss um hvað veldur þessu. Það eru að vísu komin ný bóluefni og með þeim er einungis bólusett tvisvar, í stað þrisvar sinnum með þeim gömlu. Það er spurning hvort tvær bólusetningar dugi, en leiðbeiningar með nýju lyfjunum segja að þær eigi að duga. Ég tel að það þurfi að endurskoða þetta ef þróunin verður á sama veg og verið hefur."

Katrín sagði að parvó-veikin legðist fyrst og fremst á hvolpa. Í vor hefði hún einnig sést í stálpuðum hundum á bilinu sex mánaða til eins árs, sem jafnvel hefðu verið bólusettir. Nokkrir hvolpar hefðu drepist úr veikinni. Hún lýsir sér með blóðuppköstum, niðurgangi og algjöru lystarleysi.



**Á GEIRSNEFI** Hundaeigendum er eindregið ráðlagt að fara ekki með óbólusetta hvolpa né unghunda á útivistarsvæði, því parvó-veikin er smitandi. Hundarnir á myndinni tengjast ekki efni fréttarinnar.

Albert Steingrímsson hjá Hundaskóla Hundaræktarfélags Íslands sagði að í apríl hefði hvolpanámskeiðum verið frestað um hálfan mánuð af öryggisástæðum vegna parvó-veikinnar. Kennslusvæðin hefðu verið sótthreinsuð og aðrar varúðarráðstafanir gerðar.

„Þessi pest kom upp snemma í vor þegar hlýindin voru sem mest," sagði hann. „Ræktendur brýna fyrir fólki að fara hvorki með óbólusetta hvolpa né þá sem aðeins hafa fengið eina sprautu inn á hundasvæði eða á námskeið. Þá eru hverfandi líkur á að þeir smitist. Fólk er því orðið mjög meðvitað um þetta og fer varlega. Við erum alltaf í góðu samstarfi við dýralækna. Ef þeir koma með tilkynningar til okkar um eitthvað sem þarf að varast þá gerum við strax ráðstafanir."

jss@frettabladid.is




Leki hágeislavirkra efna í Thorp-kjarnorkuendurvinnslustöðinni:

# Hefði fyllt 25 metra sundlaug

**SELLAFIELD** Breskir ráðamenn líta lekann á hágeislavirkum efnum í Thorp-kjarnorkuendurvinnslustöðinni í Sellafield sem uppgötvaðist í apríl mjög alvarlegum augum. Vera má að dagar stöðvarinnar séu taldir.

Breska dagblaðið The Independent on Sunday rakti í gær niðurstöður leyniskýrslu um lekann og viðbrögð ráðamanna við henni. Málmþreyta í leiðslu er sögð orsök þess að 83.000 lítrar af geislavirkum vökva láku í sérstaka safnþró.

Starfsmenn eru jafnframt harðlega gagnrýndir fyrir að hafa ekki uppgötvað lekann fyrr en mörgum mánuðum eftir að hann hófst. „Þetta eru mistök sem einungis Hómer Simpson virðist hafa verið fær um að gera," sagði David Willets, viðskiptaráðherra í skuggaráðuneyti íhaldsmanna.

Stöðin hefur verið lokuð síðan óhappsins varð vart og í einkasamtölum við blaðamenn segjast háttsettir embættismenn ekki reikna með að hún verði opnuð framar. Hreinsun svæðisins verður hins vegar afar kostnaðarsöm og einnig þarf að flytja þann kjarnorkuúrgang sem enn á eftir að vinna aftur til upprunalanda sinna.

Samkvæmt mælikvarða Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar telst atvikið þriðju gráðu slys – alvarlegt atvik – en sjöunda gráðan er sú hæsta. Síðasta slysið í Bretlandi af þessari gráðu varð í Sellafield árið 1992. Sex ár eru liðin síðan fjórðu gráðu slys varð árið 1999 en þá dóu þrír verkamenn í japönsku kjarnorkuveri eftir að hafa blandað kjarnorkueldsneyti í fötu.

- shg



**SELLAFIELD** Fyrir utan lekann í vetur varð þar óhapp árið 1999 svo og 1957 en þá kviknaði í kjarnaofni Windscale-versins, forvera Sellafield, en talið er að 33 hafi dáið af völdum geislunar.



Bjartir dagar

# Dagskrá

## 1. - 16. júní lista- og menningarhátíðar Hafnarfjarðar 2005

### MIÐVIKUDAGUR 1. júní

14:00 Opnun á Hrútasýningu Svövu K. Egilsson að Brekkugötu 2
16:00 Opnun á myndlistarsýningu Guðbjargar Láru Viðarsdóttur í Bókasafninu
18:00 Setningarhátíð Bjartra daga í Hafnarborg
20:00 Móðir mín Dóttir mín. Frumsýning í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikhússins
20:00 Tónleikar Sigurðar Flosasonar og Gunnars Gunnarssonar í Hafnarfjarðarkirkju

### FIMMTUDAGUR 2. júní

20:00 Syngjandi sumar, bænastund og tónleikar Svövu K. Ingólfsdóttur og Antoníu Hevesi í Hafnarfjarðarkirkju
20:00 Móðir mín Dóttir mín. Leiksýning í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikhússins

### FÖSTUDAGUR 3. júní

19:30 Jazzkvöld í Gamla bókasafninu
20:00 Opnun Afstöðu, samsýningar KFL group að Strandgötu 28
20:00 Móðir mín Dóttir mín. Leiksýning í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikhússins

### LAUGARDAGUR 4. júní

10-13 Fótbolta- og handboltamót Sjóvá milli Hauka og FH
12:30 Blásið til Dags lúðrasveitanna í miðbænum
13:10 Lúðrakall af Hamrinum
13-18 Fjölskylduhátíð Sjóvá í miðbænum
13:30 Hátíðarskrúðganga lúðrasveita frá gamla Lækjarskóla
14:00 Skógrækt í Undirhlíðum. Fræðsluferð með Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar
14:30 Skemmtidagskrá lúðrasveitanna í Íþróttahúsinu við Strandgötu
17:00 Útskriftartónleikar Ólafs Kolbeins Guðmundssonar píanóleikara í Hásölum
18:00 Útitónleikar Sjóvá við Íþróttahúsið Strandgötu
20:00 Móðir mín Dóttir mín. Leiksýning í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikhússins

### SJÓMANNADAGURINN 5. júní

08:00 Fánar dregnir að húni
10:00 Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur við Hrafnistu
10:45 Blómsveigur lagður að minnisvarða um horfna sjómenn
11:00 Sjómannamessa í Víðistaðakirkju, séra Bragi Ingibergsson
13:00 Skemmtisigling fyrir börn frá Suðurhöfninni
13:00 Opið hús hjá Siglingaklúbbnum Þyti, Strandgötu 88
14-16 Hátíðardagskrá við smábátahöfnina
15:00 Íshestar. Teymt frítt undir börnum
20:00 Móðir mín Dóttir mín. Leiksýning í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikhússins

### MÁNUDAGUR 6. júní

20:00 Tónleikar Kammerkórs Hafnarfjarðar í Hásölum

### ÞRIÐJUDAGUR 7. júní

20:00 Tónleikar Blásarakvintetts Hafnarfjarðar í Hásölum
20-23 „Ég er ögn í lífrænni kviksjá". Myndlistargjörningur Örnu Valsdóttur í Hafnarfjarðarleikhúsinu

### MIÐVIKUDAGUR 8. júní

19:30 Bókakvöld í Gamla bókasafninu
20:00 Syngjandi sumar, bænastund og tónleikar Samúels Samúelssonar og Antoníu Hevesi í Hafnarfjarðarkirkju
20-23 „Ég er ögn í lífrænni kviksjá". Myndlistargjörningur Örnu Valsdóttur í Hafnarfjarðarleikhúsinu

### FIMMTUDAGUR 9. júní

14:00 Skemmtidagskrá Félags eldri borgara í Hraunseli að Flatahrauni 3
19:30 Funkkvöld í Gamla bókasafninu
20:00 Ljóðakvöld ungra hafnfirskra ljóðskálda í Hafnarfjarðarleikhúsinu

### FÖSTUDAGUR 10. júní

19:30 Hipp-hopp kvöld í Gamla bókasafninu
20:00 Cantare 2005. Söngvakeppni hinna mörgu tungumála í Hafnarfjarðarleikhúsinu

### LAUGARDAGUR 11. júní

13:00 Kynning á Friðriksstofu í Bókasafninu
13:00 Álfasýning opnar í Siggubæ (Byggðasafninu)
14:30 Brúðubíllinn við Bókasafnið
15:15 Gamlir barnaleikir við Byggðasafnið
16:00 Kynning á verkum Ragnheiðar Jónsdóttur í Bókasafninu
16:00 Fræðsluganga Skógræktarfélags Hafnarfjarðar – mæting við Selið
17:00 Söguganga frá Byggðasafni
17:00 Afmælistónleikar Kórs Öldutúnsskóla í Víðistaðakirkju
18:00 Tónleikar í Gamla bókasafninu
18:00 Músík og matur Kórs Flensborgarskóla í Flensborgarskóla
20:00 Dátaball við Byggðasafnið
20:00 Þið hér hjá mér. Grínharmleikur í Gúttó

### SUNNUDAGUR 12. júní

10:00 Fjallahjólakeppnin Hafnarfjörður – Bláa lónið, frá Íþróttahúsinu Strandgötu
15:00 Íshestar. Teymt frítt undir börnum
16:00 Tónleikar Jazzvakningar í Hásölum
18:00 Kakóbollinn í Gamla bókasafninu
20:00 Tónleikar Schpilkas ásamt Ragnheiði Gröndal í Hafnarfjarðarleikhúsinu

### MÁNUDAGUR 13. júní

12:00 Hádegistónleikar í Hafnarborg. Jóhann Friðgeir og Antonía Hevesi
20:00 Dýragarðssaga, leiksýning Leikfélags Hafnarfjarðar í gamla Lækjarskóla

### ÞRIÐJUDAGUR 14. júní

19:30 Stuttmyndakvöld í Gamla bókasafninu
20:00 Danssýning Listdansskóla Hafnarfjarðar í Hafnarfjarðarleikhúsinu
20:00 Dýragarðssaga, leiksýning Leikfélags Hafnarfjarðar í gamla Lækjarskóla

### MIÐVIKUDAGUR 15. júní

17-20 Fjölskyldudagskrá Hraunbúa á Víðistaðatúni
19:30 Leikhúskvöld í Gamla bókasafninu
20:00 Hreindýr og Ísbjörn óskast. Frumsýning í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikhússins
20:30 Tónleikar Margrétar Eirar og Róberts Þórhallssonar í Hafnarborg

### FIMMTUDAGUR 16. júní

12:00 Hádegistónleikar í Hafnarborg. Kurt Kopecky og Antonía Hevesi
18:00 Setning Víkingahátíðar við Fjörukrána
20:00 Móðir mín Dóttir mín. Leiksýning í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikhússins
20-23 Hafnfirska tónlistarvorið. Útitónleikar á Víðistaðatúni



GÓÐVERK

Vinnustofur Gallerí Kletts að Helluhrauni 16 opnar virka Bjarta daga frá 16-18 tími rými tilvera. Alþjóðleg sýning í Hafnarborg í tengslum við Listahátíð í Reykjavík Ljóð í lauginni. Nemendur í 6. bekk grunnskólanna bjóða sundlaugagestum upp á ljóð Leikskólalist. Sýningar á verkum leikskólabarna í Hafnarfirði setja svip á bæinn Sýningar á myndum barna á mið- og unglingastigi sem unnar voru í tóbaksvarnarátaksviku Hrútasýning Svövu K. Egilsson er opin alla Bjarta daga frá 14 - 18 Sýning á verkum Guðbjargar Láru Viðarsdóttur í Bókasafni alla virka daga Afstaða sýning KFL group í gamla kaupfélagshúsinu. Opið frá 14-18 alla daga frá 4. júní

Bjartir dagar

Allar nánari upplýsingar
í þjónustuveri Hafnarfjarðar,
Strandgötu 6 · Sími 585 5500
www.hafnarfjordur.is



# Í fremstu röð!
Metnaðarfullt og framsækið nám

Kynnið ykkur námið á www.vidskipti.hi.is

BA og BS nám í hagfræði

BA í hagfræði
BS í hagfræði
BS í hagfræði með áherslu á fjármál

BS nám í viðskiptafræði

BS-A viðskiptafræði án sérhæfingar
BS-F áhersla á fjármál og reikningshald
BS-M áhersla á markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
BS-S áhersla á stjórnun
BS-T áhersla á tungumál og alþjóðasamskipti
BS-U áhersla á upplýsingatækni

H2 hönnun

Umsóknarfrestur um grunnnám rennur út 5. júní 2005.
Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð á www.hi.is

Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands


Sjávarútvegsráðherrar við Norður-Atlantshaf:

# Vilja minnka kolmunnaveiðar

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsráðherrar ríkja við norðaustanvert Atlantshaf vilja draga úr kolmunnaveiðum í Norður-Atlantshafi þegar á þessu ári. Þetta kom fram að loknum fundi þeirra í Færeyjum í gær.

Í tilkynningu frá sjávarútvegsráðuneytinu kemur fram að fundurinn hafi lagt áherslu á að allar veiðiþjóðirnar á svæðinu yrðu að leggja sitt af mörkum til að takmarka aflann í ár. Samkomulag náðist um að þjóðirnar myndu ákveða fyrir lok júnímánaðar hvort gripið yrði til veiðitakmarkana á þessu ári.

Ákveðið var að halda fund í Brussel síðar í þessum mánuði þar sem rædd yrði veiðistjórn til lengri tíma. Jafnframt var samþykkt að koma á sérstökum vinnuhópi til að ákvarða hvernig veiðum á kolmunna verði best háttað í framtíðinni.

Fundinn í Færeyjum sóttu sjávarútvegsráðherrar Færeyja, Íslands og Noregs og auk þess háttsettir embættismenn frá Kanada og Rússlandi.

- ssal



**KOLMUNNASKIP KEMUR TIL HAFNAR** Áform eru uppi um að draga úr kolmunnaveiðum í Norður-Atlantshafi.

Umdeilt kjarnorkuver:

# Svíar loka Barsebäck

**KJARNORKUVER** Sænska kjarnorkuverinu Barsebäck var lokað á miðnætti í nótt samkvæmt áætlun stjórnvalda. Þar með lýkur 30 ára sögu þessa umdeilda kjarnorkuvers.

Barsebäck er á suðurströnd Svíþjóðar milli Malmö og Helsingjaborgar og hafa mótmæli Dana gegn rekstri versins ekki hvað síst haft áhrif á lokun þess. Fyrri kjarnaklújf þess var lokað 1999. ■

## SÁDI-ARABÍA

**FAHD AÐ HRESSAST** Læknar í Ríad, höfuðborg Sádi-Arabíu, hafa skýrt frá því að Fahd konungur væri að ná sér af lungnabólgunni sem hann fékk í síðustu viku. Fahd er rúmlega áttræður. Eftir hjartaáfall 1995 hefur hálfbróðir hans, Abdullah krónprins, stýrt landinu.



MYND/AP

**STYÐJA SINN MANN** Stuðningsfólk Khodorkovskís heldur á myndum af honum og kröfuspjöldum bak rammgerðrar lögreglugirðingar í grennd við dómhúsið í gær.

# Milljarðasektir og fangelsisvist

**Tólf daga upplestri dómsins í Khodorkovskí-málinu lauk í gær með sakfellingu og níu ára fangelsidómi. Dómnum verður áfrýjað en nýjar ákærur bíða.**

**RÚSSLAND, AP** Dómsuppkvaðningu yfir Mikhaíl Khodorkovskí, fyrrverandi forstjóra og aðaleiganda rússneska olíufyrirtækisins Yukos, var loks lokið í Moskvu í gær, tólf dögum eftir að hún hófst. Var hann dæmdur í níu ára fangelsi. Þar með lauk – í bili – einu umfangsmesta og jafnframt umdeildasta réttarhaldi síðari tíma í Rússlandi, en margir hafa haldið því fram að það sé í raun pólitískt uppgjör Vladimírs Pútíns Rússlandsforseta við Khodorkovskí, sem á tímabili var auðugasti maður landsins.

Gæsluvarðhaldið sem Khodorkovskí hefur verið í síðan hann var handtekinn haustið 2003, alls 583 dagar, dregst frá fangelsisrefsingunni.

Khodorkovskí lét sér hvergi bregða er dómsorðið var lesið. Í yfirlýsingu sem einn verjenda hans, Anton Drel, las síðan upp fyrir utan dómsalinn sagði Khodorkovskí að hann hefði ekki viljað gagnrýna dómarann harkalega, vegna þess „þrýstings sem hún hefur verið beitt af upphafsmönnum þessa réttarhalds“. „Dómsvaldi hefur verið breytt í beitt vopn stjórnvalda,“ lýsti hann yfir.

Platon Lebedev, fyrrverandi viðskiptafélagi Khodorkovskís sem var ákærður með honum, hlaut einnig dóm fyrir sömu sakir og er gert að sæta sömu refsingu. Þeim Khodorkovskí og Lebedev var ennfremur gert að greiða yfir 17 milljarða rúblna, andvirði um fjögurra milljarða króna, í sektir og vangreidda skatta.

Stuðningsmenn Khodorkovskís, þar á meðal skákmeistarinn Garrí Kasparov, halda því fram að allur málatilbúnaðurinn á hendur honum sé hefnd ráðamanna í Kreml fyrir að hann skyldi hafa brotið gegn óskrifuðu samkomulagi um að láta stjórnmál afskiptalaus, en hafði meðal annars veitt stjórnarandstöðuflokkum fjárhagsstuðning. Dómurinn mun halda Khodorkovskí bak við lás og slá vel fram yfir forsetakosningarnar 2008 og jafnvel allt til kosninganna árið 2012.

Reiknað er með því að verjendur Khodorkovskís áfrýji dómnum innan þess tíu daga frests sem gefinn er. Saksóknari ítrekaði í gær að verið væri að undirbúa nýjar ákærur á hendur honum.

-aa





Við tökum vel á móti þér
á Radisson SAS 1919 hóteli,
Reykjavík

Radisson SAS 1919 hótel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík, sími 599 1000, fax 599 1001, netfang info.1919.reykjavik@radissonsas.com
radissonsas.com
*Yes I Can! er skrásett þjónustuhugtak Radisson SAS hótela.
Það mótar grunninn að stefnu okkar.

Radisson SAS HOTELS & RESORTS






Nýtt viðmið
– nýr bar og veitingastaður
í hjarta Reykjavíkur

– býður upp á alþjóðlegan matseðil úr íslenskum gæðahráefnum

SALT LOUNGE BAR & RESTAURANT

Salt Lounge Bar & Restaurant
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík, sími 599 1000, fax 599 1001


Kanadamenn á Logan-fjalli:

# Urðu næstum úti

**ANCHORAGE, AP** Þrem kanadískum fjallgöngumönnum var bjargað á laugardaginn eftir að hafa orðið næstum því úti á Logan-fjalli, hæsta fjalli landsins, en það er skammt frá landamærunum við Alaska.

Þremenningarnir lögðu í leiðangurinn með nokkrum félögum sínum fyrr í þessum mánuði en urðu viðskila við þá. Í síðustu viku brast svo á mikið fárviðri þar sem frostið fór niður í -25 gráður. Á miðvikudaginn fauk tjald mannanna í 5.400 metra hæð og tók í kjölfarið að draga mjög af þeim vegna vosbúðar og kals. Þremur dögum síðar fundu björgunarsveitir þá kalda en borubratta. ■



**KALINN Á TÁNUM** Alex Snigurowicz, einn fjallgöngumannanna, kól illa á tánum enda var frostið í meira lagi á fjallinu.

# 300 milljónir

100+200

1. vinningur

## Tvöföld spenna

### Þolir þú álagið?

BÓNUS-VINNINGUR
8
MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur í Víkingalottóinu þessa vikuna er tvöfaldur og ánægjan því tvöföld þegar þú dettur í lukkupottinn.

**Vertu með fyrir kl. 16 í dag.**

JÓKER
2 MILLJÓNIR
Í FYRSTA VINNING

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM16588



**ANDARUNGI Í ÓSKILUM**
Þegar fjölskyldan að Löngubrekku 22 í Kópavogi kom heim til sín um eftirmiðdaginn á mánudag var þessi litli andarungi á svamli í útisundlaug heimilisins. Heimiliskötturinn Binni var á vappi við laugina en hefur ekki hætt sér út í vatnið. Hringt var í Húsdýragarðinn og var unganum komið þangað.

Upprunalausi flóttamaðurinn:

# Enn vegalaus hjá Geðhjálp

**FÉLAGSMÁL** Pólitískur flóttamaður, Aslan Gilaev, dvelur enn í húsnæði Geðhjálpar, ríkisfangslaus og algjörlega vegalaus. Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, átti nýverið fund með fulltrúa dómsmálaráðuneytis. Sveinn sagði að fulltrúi ráðuneytisins hefði lýst vilja sínum til að athuga hvort hægt væri að útvega manninum vegabréf sem útlendingi, þó svo að uppruni hans hefði ekki fengist staðfestur.

„Það þýðir að maðurinn er þá alla vega frjáls ferða sinna en á ábyrgð íslenskra yfirvalda,“ sagði Sveinn.

Aslan Gilaev kom hingað til lands sem pólitískur flóttamaður fyrir um það bil fimm árum. Hann kvaðst upphaflega hafa flúið frá Tsjetsjeníu árið 1995. Þrátt fyrir ítarlega eftirgrennslan hefur ekki tekist að staðfesta hvaðan hann kom.

Sveinn sagði að nú hefði verið gengið frá nauðsynlegum pappírum, þannig að Aslan gæti fengið örorkubætur frá Tryggingastofnun. „Í dag er honum ekki einu sinni kleift að vinna, því hann er ekki með atvinnuleyfi,“ sagði Sveinn. „Hann hefur meira að segja fengið synjun frá bankakerfinu um viðskipti, þótt hann sé með kennitölu, því vegabréfið vantar.“ - jss




**ASLAN GILAEV** Er kominn á örorkubætur og bíður enn úrlausnar sinna mála.






# Vildi sérstaklega kynna sér fiskiðnað

**Indlandsforseti byrjaði gærdaginn á því að skoða frystitogara í Reykjavíkurhöfn. Einnig fundaði hann með Halldóri Ásgrímssyni, skoðaði Nesjavelli og tók sér far með vetnisstrætisvagni.**

**FORSETAHEIMSÓKNIN** Dr. A.P.J. Abdul Kamal byrjaði gærdaginn á því að heimsækja frystitogarann Engey RE 1, sem HB Grandi gerir út. Eggert Guðmundsson, forstjóri HB Granda, tók á móti honum og hélt stutta tölu um fyrirtækið og íslenskan sjávarútveg. Síðan fór forsetinn í kynnisferð um skipið. Það var sérstök ósk dr. Abdul Kamal að fá tækifæri til að kynnast íslenskum fiskiðnaði í heimsókninni. Hann er af verkafólki kominn í strandhéraðinu Rameswaran.

Eftir skoðunarferðina var farið á fund Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Í lok fundarins var undirrituð bókun um efni loftferðasamnings milli Íslands og Indlands og voru Halldór og dr. Abdul Kalam viðstaddir undirritunina. Við sama tækifæri var undirrituð viljayfirlýsing um samráð milli utanríkisráðuneyta landanna. Síðan um daginn snæddu Halldór og Indlandsforseti hádegisverð í sumarbústað forsætisráðherra á Þingvöllum, en í millitíðinni fór forsetinn ásamt föruneyti sínu á Nesjavelli.

Forsetinn kom síðdegis til Reykjavíkur og fór þá beint á vetnisstöðina. Þaðan fékk hann far ásamt föruneyti sínu með einum vetnisstrætisvagnanna upp í höfuðstöðvar Orkuveitunnar, en þar var ráðstefna um hreina orku og tilraunir með vetni á Íslandi.

Síðasti liðurinn í heimsókn forsetans var síðan indversk menningardagskrá í Gerðarsafni í Kópavogi.

Indverskir fjölmiðlar virðast hafa sýnt heimsókn Indlandsforsta mikinn áhuga. Íslenskir embættismenn mundu ekki eftir jafnmiklum fjölda af erlendum blaðamönnum í opinberri heimsókn til Íslands. Ekki dugði minna en ein rúta sem tekin var á leigu til að flytja indverska fjölmiðlamenn á milli staða.

Opinberri heimsókn Indlandsforseta lýkur í dag.

grs@frettabladid.is



**INDLANDSFORSETI Í SKIPSTJÓRASTÓL** Dr. Abdul Kamal leit við í Engey í gær. Hér situr hann í skipstjórastólnum og Þórður Magnússon, skipstjóri Engeyjar, útskýrir fyrir honum tæknibúnað skipsins. Eggert Guðmundsson (t.v.) og indverski hershöfðinginn K.S. Dogra (t.h.) fylgdust með.





Á tilboðsverði í júní 2005




**Imerial 31 cl rauðvínglös ,** 12 stk.




**Maldive 36 cl bjórglös,** 6 stk.




**Pils 36 cl bjórglös,** 3 stk.

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FUNDAÐ MEÐ INDLANDSFORSETA.** Dr. Abdul Kamal og Halldór Ásgrímsson funduðu í ráðherrabústaðnum á ellefta tímanum í gærmorgun.

Forsætisráðherra á fundi með Indlandsforseta:

# Áhugi á fríverslun við Indland

**FORSETAHEIMSÓKNIN** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og dr. Abdul Kamal Indlandsforseti funduðu í gær í ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu. Á fundinum ræddu þeir um nauðsyn þess að finna leiðir til að auka viðskipti milli landanna, og minntist Halldór á að áhugi væri fyrir því hér á landi að koma á fríverslun við Indland. Einnig var rætt um möguleg samstarfsverkefni í tengslum við lyfjaiðnað og sjávarútveg. Þá ræddu þeir um aukið samstarf vísindamanna, einkum jarðvísindamanna.

Alþjóðamál bar einnig á góma á fundinum. Indverjar hafa ásamt fleiri ríkjum lagt fram tillögur um endurskoðun á starfsháttum og samsetningu Öryggisráðs Sameinuðu Þjóðanna. Á fundinum ítrekaði Halldór stuðning íslenskra stjórnvalda við þessar tillögur.

Halldór og dr. Kamal ræddu enn fremur um Alþjóðaviðskiptamálastofnunina og mikilvægi þess að yfirstandandi samningslotu lyki sem fyrst til að liðka fyrir viðskiptum milli aðildarríkjanna. - grs

Kettlingar skildir eftir í pappakassa í Heiðmörk:

# Algjör mannvonska gagnvart dýrunum

**DÝRAHALD** „Þetta er alveg ótrúleg mannvonska gagnvart dýrunum,“ sagði Ómar Dabney hjá meindýravörnum Reykjavíkurborgar um fund sinn í Heiðmörk fyrir fáeinum dögum. Þá gekk hann fram á pappakassa sem í voru tveir kettlingar. Matur hafði verið settur hjá þeim.

Í gærdag var Ómar svo að leita að læðu með þrjá nýgotna kettlinga, sem tilkynnt hafði verið um í fjörugrjótinu á Seltjarnarnesi. Hún átti einnig að fara í Kattholt.

„Það var enn ilmvatnslykt af kettlingunum sem ég fann í Heiðmörkinni,“ sagði Ómar. „Þeir hafa því ekki verið búnir að hírast lengi þarna.“ Hann fór með þá í Kattholt, þar sem hlúð var að þeim. Þeim hefur nú verið komið fyrir saman á góðu heimili.

Hundrað óskilakettir eru nú í Kattholti, að sögn Sigríðar Heiðberg. Hún sagði að af þeim væru þrjátíu úr Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Bessastaðahreppi. Þessi sveitarfélög neituðu að greiða fyrir þá viku sem kettirnir hefðu verið í Kattholti. Sá kostnaður lenti því á Kattavinafélaginu.

Ómar hvatti gæludýraeigendur til að koma dýrunum fyrir í góðri gæslu þegar þeir færu í sumarfrí, ellegar láta svæfa þau ef þeir hefðu ekki tök á að halda þau. Að setja þau á guð og gaddinn væri samviskulaus aðferð til að losna við að borga nokkra þúsundkalla. -jss



**FUNDUST Í PAPPAKASSA** Þetta eru litlu kisurnar sem einhver skildi eftir í pappakassa í Heiðmörk, með matarlús hjá sér. Þær voru færðar í Kattholt og eru nú komnar saman á gott heimili.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**MYNDARLEG KAKA** Brasilíumenn héldu sína níundu Gay Pride-hátíð í Sao Paolo á sunnudaginn.Tæpar tvær milljónir manna tóku þátt í hátíðahöldunum og lét dragdrottningin Kaka sig ekki vanta í fjörið og virtist hún skemmta sér prýðilega.

Óvenjuleg afmælisgjöf:

## Fatafella í barnaafmæli

**NASHVILLE, AP** Bandarísk kona, Annette Pharris, hefur verið ákærð fyrir að sýna unglingum undir lögaldri klámfengið efni en hún fékk nektardansmeyju til að fækka fötum í sextán ára afmæli sonar síns. Að minnsta kosti tíu börn voru í afmælinu.

Upp komst um málið þegar starfsfólk framköllunarstofu sem konan verslar við sá ljósmyndir af nektardansinum og lét það lögreglu vita. Harris kveðst undrandi á ákærunni. „Ég vildi bara gera afmælisdaginn eftirminnilegan fyrir son minn,“ sagði hún í við fréttamenn. ■

Loftferðasamningur:

## Samið við Indland

**FORSETAHEIMSÓKNIN** Samkomulag hefur náðst milli íslenskra og indverskra stjórnvalda um efni loftferðasamnings milli ríkjanna. Samningurinn þykir mjög hagstæður, en samkvæmt honum mega íslensk flugfélög fljúga allt að fjórtán ferðir í viku milli landanna með tengingum við annað flug, mega stunda fraktflug eftir þörfum og í honum er víðtæk heimild til ferðamannaflugs. Formlegur samningur verður undirritaður síðar á árinu, en bókun um efni samkomulagsins var undirrituð í ráðherrabústaðnum í gær. ■

Ráðning Guðjóns Guðmundssonar:

## Rökstuðningur ókominn

**AKRANES** Stjórn Dvalarheimilisins Höfða á Akranesi er að ganga frá rökstuðningi fyrir ráðningu Guðjóns Guðmundssonar, fyrrverandi þingmanns Sjálfstæðisflokksins, í stöðu framkvæmdastjóra Dvalarheimilisins í byrjun mánaðarins. Guðjón var ráðinn með atkvæðum þriggja sjálfstæðismanna í stjórn dvalarheimilisins.

Sigríður Gróa Þorvaldsdóttir, formaður stjórnarinnar, vildi ekki tjá sig um málið en ítrekaði að hún byði Guðjón velkominn til starfa. Brynja Þorbjörnsdóttir, sem fékk atkvæði minnihlutans og er ein þeirra sem óskaði eftir rökstuðningi stjórnar, vildi ekki tjá sig frekar að svo stöddu. ■

### KÍNA

**SEX SKYLDMENNI DRUKKNA Í BRUNNI** Hörmulegt slys varð í Guangdong-héraði í sunnanverðu Kína um helgina þegar maður féll ofan í brunn og drukknaði. Fimm ættingjar hans fóru hver á eftir öðrum til að koma honum til bjargar en svo óheppilega vildi til að þeir drukknuðu allir líka.

### LEIÐRÉTTING

Þau leiðu mistök urðu í blaðinu í gær að rangt var farið með nafn Örlygs Hálfdánarsonar. Er hlutaðeigandi beðinn velvirðingar.


FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Gefðu þér tíma í Leifsstöð



Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30

MÁTTURINN OG DÝRÐIN

**Forðist biðraðir á flugvellinum**

Vegna aukinna öryggisráðstafana á flugvöllum og til hægðarauka hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í Leifsstöð þegar farið er úr landi. Við mælum með að farþegar mæti í flugstöðina tveimur klukkustundum fyrir brottför.

**Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 á morgnana í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.**

Athugið að innritun í Flugstöðinni hefst kl. 5.00.
Tilboðið gildir frá **1. júní - 31. ágúst 2005**

**Finnið rúturnar með okkar merki**

ferð til fjár! Fríverslun Leifsstöð

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR

# *Með útgáfutónleika á Expo í Tókýó*

Skemmtilegir hlutir eru að gerast í lífi Kristjönu Stefánsdóttur djasssöngkonu. Í mars tók hún upp nýja plötu í New York í samvinnu við Agnar Má Magnússon djasspíanista, sem kemur út í lok ágúst. Þá er hún á leið til Japans á Expo-heimssýninguna. „Bæði verð ég ein af fulltrúum Íslands í tónlist og gamla sólóplatan mín kemur út í Japan 8. júlí,“ segir Kristjana sem heldur því útgáfutónleika jafnframt því að syngja á Expo.

„Þetta er ennþá mjög fjarlægt mér,“ játar Kristjana en japönsk kona hefur verið að flytja íslenska tónlist til Japans.

Platan hefur verið til sölu á netinu síðan í desember og hefur hún fengið mjög góða dóma hjá japönskum



djassgagnrýnanda að sögn Kristjönu. „Ég er líka mjög ánægð með plötuna sem er á leiðinni,“ segir Kristjana en útgáfufyrirtækið Dimma gefur hana út. „Þetta er skemmtileg plata með djassútsetningum á gömlum popplögum, til dæmis frá Duran Duran, Police og Abba,“ segir Kristjana og bætir við að mörg laganna hafi stórkostlega fallegar laglínur sem komi í ljós með nýjum útsetningum hennar og Agnars.

Platan var einnig sameiginleg hugmynd þeirra en þau hafa unnið saman í hartnær áratug.

Þau léku sér eitt sinn að því á tónleikum að spinna með lag eftir Sting. „Það tókst svona ljómandi vel og vatt upp á sig,“ segir Kristjana sem ætlar að taka bóndann með til Tókýó í júlí.

## SVONA ERUM VIÐ



**MEÐALÆVILENGD KARLA ER 78,8 ÁR EN KVENNA 82,6 ÁR**

Heimild: Hagstofan

## SJÓNARHÓLL

**VIÐEY SKOLAST BURT**



**VALGEIR GUÐJÓNSSON**

# *Sjónarsviptir að Viðey*

„Ef satt reynist þætti mér mikill sjónarsviptir að Viðey,“ segir Valgeir Guðjónsson tónlistarmaður um þá staðhæfingu Örlygs Hálfdánarsonar í Fréttablaðinu í gær að dýpkunarframkvæmdir við Sundahöfn valdi landrofi á syðsta hluta Viðeyjar.

„Við skulum vona að Örlygur hafi rangt fyrir sér en hann er nú skynsamur maður,“ segir Valgeir, sem furðar sig á málinu ef það reynist vera satt, enda eigi að halda upp á landið ef stefnan sé að koma þar upp byggð.

En hefði Valgeir áhuga á að búa í Viðey? „Já, mér þykir afskaplega gott að vera nálægt sjó og það hlýtur að vera gott að vera í Viðey. Hins vegar er ekki víst að maður hefði efni á því.“

Eldri borgarar á Bíldudal:

# Fóru í keppnisferðalag

Tvö keppnislið frá Læk, þjónustumiðstöð eldri borgara á Bíldudal, lagði land undir fót og tók þátt í boccia-móti á Þingeyri á sunnudag. Frá þessu greinir á vefnum arnfirdingur.is og segir þar enn fremur:



„Það var harðsnúið níu manna lið sem lagði af stað yfir heiðina snemma í morgun til að taka þátt í Halldórs Högnamótinu í boccía. Með tilkomu íþróttahússins á Bíldudal hefur opnast möguleiki fyrir alla aldurshópa til að stunda íþróttir. Eldri borgarar hafa haft einn tíma á viku í salnum og hafa nýtt hann til þess að stunda boccía ásamt fleiri æfingum.“

Haft er eftir Vilborgu Jónsdóttur keppanda að gaman hafi verið í ferðinni, svo gaman raunar að öruggt sé að þetta verði ekki síðasta keppnisferð Bílddælinga. Er greinilegt að ánægjan hefur borið keppnishörkuna ofurliði því ekki höfðu Vilborg og félagar verðlaun með sér heim að þessu sinni.

- bþs

# Heiðarlegasti sendillinn í borginni

**Stefán Konráðsson sendill vekur athygli hvar sem hann fer. Hann þeysist hverfa á milli með bréf og böggla á silfurgráu hjólinu með aftanívagni.**

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**STEFÁN KONRÁÐSSON SENDILL** Hann hefur átt silfurgráa rafknúna reiðhjólið sitt í þrjú ár. Í næsta mánuði fær hann nýja vespu sem hann hlakkar til að þeysast á um borgina með bréf og böggla.

Stefán er hress og kátur þegar við hittumst við Háaleitisbrautina. Hann var að hlaða geyminn á hjólinu sem er ekki aðeins fótstigið líkt og hefðbundin reiðhjól heldur gengur einnig fyrir rafmagni.

„Vanalega þarf ég ekki að hlaða það nema yfir nóttina en það fer eftir eyðslu,“ segir Stefán sem átt hefur hjólið góða í þrjú ár. Það er fimm gíra og hefur reynst honum vel, ekki síður að vetri en sumri því þá setur hann snjódekkin undir.

Senn fjölgar í flota Stefáns því í júlí fær hann vespu sem hann festi sér fyrir skemmstu. „Ég býst við að skiptast á að nota hjólin þegar ég hef fengið vespuna. Þetta er bensínvespa og ég er að læra á svona hjól núna.“ Greinilegt er á Stefáni að hann hlakkar til að fá vespuna sem hann hyggst reka við hlið rafknúna reiðhjólsins. „Það er ekki hægt að selja svona hjól svo ég á það bara áfram.“

Stefán sendill er titlaður sendill í símaskránni og hefur verið lengi í faginu. „Ég hef verið að þessu í hundrað ár,“ segir hann brosandi og bætir við að hann sé einn heiðarlegasti sendillinn í borginni.

Stefán hefur föst verkefni hjá nokkrum félögum og fyrirtækjum og nefnir til sögunnar Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Styrktarfélag vangefinna, Sjónarhól, Evró og Markið. Hann annast bréfa og bögglasendingar fyrir þessa aðila og hellir stundum upp á könnuna líka.

Stefán er gjörkunnugur umferðinni í Reykjavík og segir hana hafa þyngst með árunum. Honum stafar samt ekki ógn af bílunum; „Nei nei, ég er vanur þessum jólasveinum í umferðinni. Konurnar geta samt verið erfiðar þegar þær eru að varalita sig og snyrta undir stýri. Svo eru þessir símar hættulegir.“ Sjálfur talar Stefán aldrei í síma á hjólinu enda vill hann halda fullri einbeitingu á ferð.

Ekki er algengt að fólk segist sátt við launin sín. Flestir vilja meira en þeir hafa.

Stefán Konráðsson sendill er ekki í þeim hópi. Hann er sáttur. „Ég hef góðan pening upp úr þessu,“ segir hann og brunar áfram veginn.

bjorn@frettabladid.is

Gestgjafinn er kominn út!




Áskriftarsími: 515-5555

Umhverfisstofa hugar að sumrinu:

# Margt að varast við grillið

Á vorin eru grillin tekin undan seglinu og út úr geymslunni og menn taka sér grilltöng í hönd. En margt þarf að hafa í huga áður en safaríkri steik er skellt á logann enda sýna tölur frá landlækni að tilfellum matareitrunar fjölgar með hækkandi sól.

Af því tilefni hefur Umhverfisstofnun gefið út bækling sem ber heitið „Góð ráð við grillið“, en fræðslufundur var haldinn í gær til kynningar á honum.

Þar fjölluðu þeir Ingólfur Gissurarson og Grímur Ólafsson um hvað bæri að varast í grillstemningunni. Fjallaði Ingólfur um þær bakteríur sem geta valdið matareitrunum, hvernig ætti að gæta hreinlætis og passa að menga ekki milli matvæla enda geti krossmengun úr hráu kjöti í hrásalat haft alvarlegar afleiðingar.



**Í LJÓSUM LOGUM** Varað er við því að borða brenndan mat.

Grímur fjallaði um þau efni sem myndast við bruna og geta verið krabbameinsvaldandi en eitt af ráðunum góðu er að borða aldrei brenndan mat. Auk þess ræddi hann um hvað bæri að varast í framreiðslu, til dæmis að taka ekki á fullgrilluðum mat með töngum sem hafa verið notaðar á hrátt kjöt.

Grímur segir að kannski megi tengja grillslys á sumrin við það að oft færi saman bjór í annarri hendi og grilltöng í hinni. Þær aðstæður bjóði kannski upp á að ekki sé fylgst nægilega með því sem sé að gerast á grillinu. ■

# 25% afsláttur af öllum Prostyle hjólum

Prostyle 2005 – alvöru merki í hjólum

## Hjálmar fylgja með öllum Prostyle hjólum

BELL



**Hagkaup með á nótunum**

Samkvæmt íslenskum lögum (reglugerð nr. 635-1999) þurfa íslenskar leiðbeiningar að fylgja öllum hjálmum til einkanota frá framleiðanda. Þetta er gert til að tryggja örugga notkun þeirra. Bell hjólahjálmarnir eru með íslenskum leiðbeiningum frá framleiðanda og allar reglugerðir og staðla í lagi.



LATI BÆR

**Regnjakki**, bleikur, blár, st. 80-130, **2.499kr**

**Regnbuxur m/smekk og án** bleikar, bláar, st. 80-130, 100-130 **1.999kr**

### 12" hjól 3-5 ára

**Champion**

**Fjöldi gíra:** 1
**Bremsur:** Fótbremsa að aftan (120SP-L) og handbremsa að framan (1000S)

TILBOÐ **8.249kr**
Áður 10.999,-



### 20" hjól 7-9 ára

**Princess**

**Fjöldi gíra:** 6
**Tegund gíra:** Shimano
**Bremsur:** Trektro handbremsa að framan og aftan

TILBOÐ **11.249kr**
Áður 14.999,-



### 20" hjól 7-9 ára

**Mud Racer**

**Fjöldi gíra:** 12
**Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Trektro handbremsa að framan og aftan

TILBOÐ **11.249kr**
Áður 14.999,-



### 24" hjól 9-12 ára

**Offroad**

**Fjöldi gíra:** 18
**Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Alloy Silver handbremsa að framan og aftan

TILBOÐ **14.999kr**
Áður 19.999,-



### 24" hjól 9-12 ára

**Pallas**

**Fjöldi gíra:** 18
**Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Alloy Silver handbremsa að framan og af

TILBOÐ **14.999kr**
Áður 19.999,-



### 26" hjól fyrir herra

**Racer**

**Fjöldi gíra:** 18 **Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Alloy Silver handbremsa að framan og aftan

TILBOÐ **12.749kr**
Áður 16.999,-



Gildir til 6. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

360 gráður

**FBL-GREINING:** VIÐEY

# *Karp, brú, byggð og landrof*

Viðey hefur verið óvenjulega mikið í fréttum að undanförnu. Í byrjun maí var það í fréttum að Guðmundur Gestsson taldi að Reykjavíkurborg hefði staðið óheiðarlega að útboði Viðeyjarferjunnar þegar samið var á ný við aðilann sem hefur rekið ferjuna síðastliðin tólf ár. Guðmundur taldi sitt útboð það hagstæðasta. Um svipað leyti var greint frá deilum á milli veitingamannsins sem rak Viðeyjarstofu, Steinars Davíðssonar, og Árbæjarsafns vegna vangoldinnar húsaleigu Steinars sem lauk með því að Árbæjarsafn rifti samningnum við hann. Síðan hefur veitingamaðurinn á Múlakaffi tekið við rekstrinum.
Í síðustu viku greindi borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins svo frá framtíðaráætlunum sínum um að tengja



Viðey við land með brú og mögulega byggð á austurhluta eyjunnar en eyjan hefur ekki verið í byggð síðan þorpið sem þar var lagðist af árið 1943. Hugmyndin um landtengingu Viðeyjar er þó ekki ný af nálinni því nokkuð hefur verið deilt um hana á liðnum árum. Fuglafræðingurinn Jóhann Óli Hilmarsson gagnrýndi áætlanirnar í kjölfarið með þeim rökum að eyjurnar fyrir utan ströndu Reykjavíkur væru of lágar til að óhætt væri að byggja þær. Jóhann sagði að í flóði gætu eyjarnar horfið undir sjó og minntist á Básendaflóðið 1799 þar sem sjór flæddi yfir hálft Seltjarnarnesið. Í þessari viku hefur svo áhugamaður um Viðey, Örlygur Hálfdánarson, greint frá þeim áhyggjum sínum að eyjan sé að skolast burt vegna landrofs sem hann segir afleiðingu af dýpkunarframkvæmdum í Sundahöfn.
Síðastliðinn mánuður í sögu Viðeyjar hefur því verið nokkuð róstusamur því harðar umræður hafa staðið um eyjuna og málefni tengd henni.

## SPURT & SVARAÐ

SALA SÍMANS



ÞORBJÖRN BRODDASON

## *Vilja dagskrá í gagnaveitu*

Dr. Þorbjörn Broddason telur fréttamiðla best setta í eign þeirra sem aðeins hafa hagsmuni af fjölmiðlarekstri.

**Er eftirsóknarvert fyrir fjölmiðla að eiga gagnaveitur eins og Símann?** Það er augljóst að gagnaveitur vilja eiga fjölmiðla. En því minna sem eignarhald á fréttamiðli blandast saman við eignarhald á einhverjum öðrum rekstri, þeim mun frjálsari og sjálfstæðari er fjölmiðilinn. Það eru allt of mörg dæmi þess hvernig hagsmunir eigenda á einhverjum öðrum vettvangi geta leikið fjölmiðilinn grátt. Besti kosturinn er að fréttamiðillinn sé í eigu einhvers sem hefur ekki áhuga eða hagsmuni af neinu öðru en að reka fréttamiðil. Þess vegna sé ég engan hag í því að miðilinn eigi gagnaveitu frekar en til dæmis mjólkurbú eða álver.

**Hvað gerist þegar búið verður að selja Símann?** Nýir eigendur sækjast eftir að eiga hlut í fjölmiðlum og það er fjölmiðlunum ekki til neinnar blessunar. Nýju eigendurnir verða uppteknir af því að tryggja efnisflutning um sínar gagnaveitur. Hagsmunir fjölmiðils eiga bara að vera hagsmunir almennings. Og það er ekkert gefið að hagsmunir almennings og hagsmunir þessa nýja fyrirtækis fari alltaf saman.



**LEIKMUNUR** Sprengja fannst í Heiðmörk síðdegis á mánudag. Lögreglan og Víkingasveitin voru kallaðar á vettvang. Við athugun kom í ljós að um leikmun var að ræða en ekki sprengju.

# Ræddi ekki við Davíð um VÍS

**Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segist aldrei hafa rætt átök um eignarhald á VÍS við Davíð Oddsson. Hann kveðst hafa rætt símleiðis við fulltrúa Kaldbaks og S-hópsins, sem báðir vildu verða gjaldgengir kaupendur ríkisbankanna.**



**FRÉTTAVIÐTAL**
EINKAVÆÐING BANKANNA

**JÓHANN HAUKSSON**
BLAÐAMAÐUR

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra neitar því algerlega að af greinarflokki Fréttablaðsins um einkavæðingu ríkisbankanna megi ráða að hann og Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, hafi handstýrt sölu þeirra til kaupenda sem þeir höfðu velþóknun á.

„Það er ekki rétt. En ég vil fyrst segja, að þarna eru ýmsar fullyrðingar og það hefur engin tilraun verið gerð til þess að leita upplýsinga hjá mér eða hjá því fólki sem vinnur fyrir mig í þessu máli. Og ég undrast það að slík vinnubrögð skuli viðhöfð.

Þetta mál er tiltölulega einfalt. Það var reynt, sérstaklega árið 2001, að fá kjölfestufjárfesta inn í bankana. Einkum var reynt við erlenda aðila og það gekk ekki. Síðan gerist það um mitt ár 2002 að það kemur bréf frá Samsonarmönnum um áhuga á kaupum á öðrum bankanum. Það varð að bregðast við þessu erindi því það var kærkomið að slíkur áhugi skyldi vera fyrir hendi og að þarna kæmi inn kjölfestufjárfestir með erlent fjármagn. Í framhaldi af því var ákveðið að auglýsa bankana til sölu þannig að það ferli væri algerlega opið eins og nauðsynlegt var. Fimm aðilar sýndu þessu áhuga. Og HSBC-bankinn og framkvæmdanefndin um einkavæðingu mæltu með því að gengið yrði til viðræðu við þrjá aðila en tveir uppfylltu ekki skilyrðin. Síðan hófst þetta mál, fyrst með viðræðum við alla sem leiddu til viðræðna við Samsonarmenn. Í framhaldinu var rætt við hina tvo sem endaði með samningum við annan aðilann. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar litið er til baka hafi einkavæðing bankanna tekist mjög vel. Hún hefur skipt mjög miklu máli fyrir framvindu í íslensku efnahagslífi. En auðvitað hefðum við viljað sjá meiri áhuga á bönkunum á þessum tíma og að fleiri hefðu boðið í þá eins og nú er að gerast með Símann.“

### Var beðinn um að ræða við fulltrúa Kaldbaks og S-hópsins

Af greinaflokki Sigríðar Daggar Auðunsdóttur í Fréttablaðinu má ráða að Halldór Ásgrímsson hafi rætt við fulltrúa Kaldbaks og S-hópsins um hugsanlega þátttöku um tilboð í ríkisbankanna. Spyrja má hvort það hafi verið sérstakt áhugamál Halldórs að þessi fjárfestingafélög gerðu sameiginlegt tilboð.

„Jóhannes Geir Sigurgeirsson óskaði eftir fundi með mér fyrir hönd nokkurra aðila. Og ég gat ekki orðið við þeirri beiðni vegna þess að ég var upptekinn við fundi úti á landi, var síðan að fara erlendis og stóð til að ég yrði lengi í burtu. Og ég spurði hvort þeir gætu ekki hringt í mig. Og þeir gerðu það. Ég sagði þeim einfaldlega að þeir stjórnuðu sínum eigin málum og ef að þeir vildu verða vissari um að báðir aðilar kæmust að málinu væri líklegasta leiðin til þess, að þeir stæðu sameiginlega að því og bæðu sameiginlega um samninga um málið. Og það getur nú í sjálfu sér hver sagt sér það. Ég hef alltaf verið áhugamaður um að sem mest breidd væri í eignaraðild að íslensku fjármálalífi. Þeir komu sér ekki saman og ég hafði ekkert um það að segja. Það var þeirra mál. Ég neita venjulega ekki samtölum við fólk í mikilvægum málum og það voru margir sem báðu um samtöl við mig út af þessum málum á sínum tíma. Ég veitti þau samtöl. Síðan gerðist það að ég fór algerlega út úr þessu vegna minna veikinda þannig að mikið af því sem gerðist á síðari stigum var í minni fjarveru. Ég tel að félögum mínum í ríkisstjórninni hafi tekist vel að ljúka þessu máli. Menn verða að átta sig á því að auðvitað eru það ráðherrar sem taka endanlegar ákvarðanir. Það eru ekki ráðgjafar eða embættismenn. Það eru ráðherrarnir sem bera ábyrgð á málum. Mér finnst stundum að það sé látið í það skína að embættismennirnir og ráðgjafarnir eigi að taka allar ákvarðanir. Ef þannig stjórnarhættir væru þyrfti ekki ríkisstjórn.“



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** Því er líka haldið fram að ég hafi átt sérstakan fund með Davíð Oddssyni um þetta mál. Sá fundur hefur aldrei átt sér stað. Og ég minnist þess aldrei að við Davíð höfum talað um þetta mál.“

### Hótaði aldrei stjórnarslitum og ræddi ekki við Davíð um VÍS

Tengsl viðskiptalífsins og stjórnmálanna um áratugi eru kunn, en í greinaflokki Fréttablaðsins vekur athygli svonefnt sex daga stríð um Vátryggingafélag Íslands, VÍS. Freistandi er að túlka þetta sem átök á grundvelli einhvers konar helmingaskiptareglu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í gegn um tíðina.

„Það er algerlega út í hött,“ segir Halldór. „Landsbankinn ákvað á sínum tíma að kaupa hlut í VÍS og síðan gekk aðilum illa að koma sér saman um hvernig þessu fyrirtæki skyldi stjórnað. Þetta mál var síðan rekið á vettvangi þessara aðila. Því er haldið fram í þessum greinarflokki að ég hafi hótað stjórnarslitum út af þessu máli. Það hef ég aldrei gert. Því er líka haldið fram að ég hafi átt sérstakan fund með Davíð Oddssyni um þetta mál. Sá fundur hefur aldrei átt sér stað. Og ég minnist þess aldrei að við Davíð höfum talað um þetta mál. Ég hef spurt hann, hvort hann myndi eftir að við hefðum rætt þetta mál. Hann sagði nei. Þannig að við ræddum þetta mál aldrei okkar í milli. Þetta var á borði annarra manna. Og það var leyst eftir því sem ég best veit á viðskiptalegum grundvelli. Þannig var það. Fréttablaðið hefði getað borið þetta undir mig. En það var ekki gerð nein tilraun til þess.“

### Farið eftir settum reglum

Margt bendir til þess að umtalsverð átök hafi verið um einkavæðingu bankanna á stjórnarheimilinu og þá oddvita stjórnarflokkanna.

„Það hafa engin átök verið okkar í milli út af þessu máli,“ segir Halldór. „Við höfum í þessu máli eins og í öðrum stórum málum farið yfir það með okkar ráðgjöfum og við höfum reynt að leysa það eftir bestu getu og það hefur verið gert. Síðan hefur Ríkisendurskoðun farið yfir allt þetta mál og skilað um það skýrslu. Skýrslan er nú uppistaðan í þessari frásögn Fréttablaðsins og í sjálfu sér ekkert nýtt í því.“

Engu að síður verður að telja að eitthvað gangi á þegar menn eins og Hreinn Loftsson og Steingrímur Ari Arason yfirgefa einkavæðingarnefndina og tala um forkastanleg vinnubrögð. Gera þeir það vegna þess að stjórnmálamennirnir, ráðherrarnir, eru að blanda sér á einhvern óhæfilegan hátt inn í þetta ferli?

Halldór kveðst ekkert vita um það. „Ég hef aldrei talað við Steingrím Ara Arason og Hrein Loftsson um þessi mál og þekki það ekki. En það var í framhaldi af afsögn Steingríms Ara að Ríkisendurskoðun var beðin um að fara yfir málið. Hún skilaði skýrslu um það og taldi að farið hefði verið að settum reglum,“segir Halldór Ásgrímsson. ■


DYNAPAC
Traustur tækjabúnaður






KRAFTVÉLAR
Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur
Sími 535 3500 · Fax 535 3509
www.kraftvelar.is

# Ný tónlist

**Gerðu verðsamanburð!**

Nýtt í Hagkaupum

1.999 kr




## LAGALISTI:

1. Þú og ég
2. Þrisvar í viku
3. Lítill drengur
4. Skandinavíu Blues
5. Hjálpaðu mér upp
6. Fiskisaga
7. Við erum við
8. Afgan
9. Bíólagið
10. Fyrsti kossinn
11. 15 ára á föstu
12. Á þjóðhátíð ég fer

13-24 Öll lögin í karókí útgáfum

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin




**NÝTT**

Hagkaupsblað kemur út í dag

Nýtt í Hagkaupum

1.999 kr




HELGI VALUR - Demise of faith

Nýtt í Hagkaupum

1.499 kr

Alm. verð 2.499-




OASIS- Don´t believe the truth

Gildir til 6. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA

www.hagkaup.is

grænt númer 800 6680

sími 568 2255

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Fréttablaðið hefur stigið stórt skref með fréttaskýringum og er tilbúið að stíga fleiri.

# Forsætisráðherra og Fréttablaðið

Halldór Ásgrímsson hótaði ekki stjórnarslitum vegna átaka um sölu og kaup á Vátryggingafélagi Íslands. Hafi einhver haldið því fram er það ekki Fréttablaðið. Heimildir Fréttablaðsins segja hins vegar allar að Halldór hafi hótað að hætta ferli einkavæðingar og það hafi farið illa í samstarfsflokkinn. Þetta hefur Fréttablaðið eftir heimildum innan ráðuneyta, en segir eðlilega ekki hverra, þegar það er beðið að geta ekki heimilda.

*Það virðist útbreiddur misskilningur að Fréttablaðið hafi talið að verið væri að fletta ofan af hneyksli eða lagabrotum með því að segja lesendum sínum frá því hvernig einkavæðingu bankanna var háttað.*

Það er ekki rétt hjá Halldóri Ásgrímssyni að Fréttablaðið hafi ekki reynt að ná tali af honum við vinnslu fréttaskýringanna.

Það er rétt hjá Halldóri Ásgrímssyni að það var ekki gert áður en fyrsta greinin birtist, síðastliðinn laugardag. Þann dag var reynt að ná tali af forsætisráðherra og eins dagana á eftir. Hann svaraði ekki kalli blaðsins fyrr en nú.

Í upphafi ákvað Fréttablaðið að fara þessa leið, leið sem er vel þekkt, það er að byggja greinarnar á traustum heimildum, sem þær vissulega eru, og leita síðan viðbragða. Það var gert og það er ekkert athugavert við það.

Halldór Ásgrímsson var á símafundi með fulltrúum tveggja af þremur hópum sem vildu kaupa annan ríkisbankanna. Hann lagði til að hóparnir freistuðu þess að vinna saman að kaupunum. Þetta hefur Fréttablaðið eftir heimildum og þetta hefur Halldór Ásgrímsson staðfest.

Halldór Ásgrímsson hafði afskipti af sölu bankanna. Hann neitar því ekki enda ekki ástæða til. Rétt skal vera rétt. Það var með þeim formerkjum sem fréttaskýringar Fréttablaðsins voru skrifaðar. Það er þess vegna sem flestir sem til þekkja segja þær réttar í flestu, sumt þekkja menn ekki og telja það eitt duga til að draga réttmæti fréttanna í efa. Fréttablaðið leitaði fanga víða, meðal annars í skýrslum Ríkisendurskoðunar og framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Halldór Ásgrímsson hefur sagt réttilega að margt af því sem kemur fram í fréttaskýringum Fréttablaðsins hafi hann áður lesið. Það er rétt. Annað hefur ekki áður birst á prenti. Fréttablaðið dró engar ályktanir í fréttaskýringunum, heldur gætti þess að sjónarmið heimildarmanna kæmu fram, það er að segja eftir að heimildirnar höfðu verið tryggðar frá fleiri heimildarmönnum eða sýndar með skjölum.

Heimildarmenn Fréttablaðsins komu úr ólíkum hópum. Eitt eiga þeir allir sameiginlegt, það er að þeir báðu ítrekað um að þeir yrðu ekki nefndir á nafn og ekki stuðst við þeirra orðalag sem gæti með einhverjum hætti bent til hverjir þeir væru. Það virðist útbreiddur misskilningur að Fréttablaðið hafi talið að verið væri að fletta ofan af hneyksli eða lagabrotum með því að segja lesendum sínum frá því hvernig einkavæðingu bankanna var háttað. Fréttablaðið hefur sagt lesendum sínum alla söguna, söguna rétta og það er hvers og eins að meðtaka hana. Fréttablaðið vandaði sig og er stolt af verki sínu. Fréttablaðið mun gera fleiri fréttaskýringar með sama metnaði og það hefur gert til þessa.

Alltaf skynsamlegt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stór skrá

Tvöhundruð þúsund Íslendingar eru á svokallaðri „málaskrá lögreglunnar“. Aðeins lítill hluti þessa fólks hefur verið kærður eða sætt opinberri rannsókn, á skránni eru allir þeir sem með einhverjum hætti tengjast lögreglurannsóknum og útköllum lögreglunnar fyrr og síðar, jafnt alvarlegum málum sem léttvægum. Lögfræðingur Ríkislögreglustjóra segir í Morgunblaðinu í gær að notendur málaskrárinnar séu skráðir og starfsmönnum lögreglunnar sé óheimilt að fletta upp á einstaklingum sem tengjast ekki málum sem þeir vinna að. Ljóst er þó að sú regla hefur brotin, því nýverið gekk dómur um að lögreglunni hefði verið óheimilt að fletta upp í málaskránni nafni umsækjanda um starf hjá Tollgæslunni. Sá var ekki undir neinni rannsókn og var uppflettingin aðeins greiði sem einn embættismaður gerði öðrum.



### Ógeðfellt

Kristófer Már Kristinsson skrifar um þetta í Morgunblaðið á mánudaginn. „Hver skyldi bera ábyrgð á þessum endemum?“ spyr hann. „Það kann hugsanlega að auðvelda leit að glæpamönnum að hafa alla mögulega á skrá. Það er hins vegar ekki hægt að réttlæta skráningu af þessu tagi með því að það auðveldi starf lögreglunnar. ... Ég er 57 ára og er þess vegna á þessari skrá, hvers vegna og fyrir hvað veit ég ekki, kannski fyrir umferðarlagabrot, þannig að í hvert skipti sem bíl er stolið kemur nafnið mitt upp á lista yfir mögulega bílþjófa. Kannski vegna þess að ég fékk rakettu, sem ég hafði ekki skotið upp sjálfur í hausinn á gamlaárskvöld og er þar með kominn á lista yfir fólk sem umgengst sprengiefni óvarlega. Eða bara vegna þess að ég er kaþólskur. Þessi skrá er eitthvað það ógeðfelldasta sem komið hefur upp í Lýðveldinu um langa hríð og er þá langt um jafnað.“

### Treystir ekki

Kristófer lýkur grein sinni með þessum orðum: „Ég treysti hvorki lögreglunni né dómsmálayfirvöldum til að vera að föndra með upplýsingar um mig eða aðra, og er öldungis sama hversu gaman þeir hafa af því. ... Þessum upplýsingum ber að eyða umsvifalaust og þeir sem ábyrgðina bera eiga að fá bágt fyrir.“

gm@frettabladid.is

# Helmingaskipti við einkavæðingu

Í DAG
FYRIRFÓLK Í FYRIRRÚMI II



ÓLAFUR HANNIBALSSON

Í grein með fyrirsögninni „Fyrirfólk í fyrirrúmi“, sem birtist hér í blaðinu meðan flokksþing Framsóknarflokksins stóð yfir í vetur (26. febrúar), dró ég það fram að meginviðfangsefni flokksins í núverandi stjórnarsamstarfi hefði verið að koma eignum SÍS eftir gjaldþrot þess í verðugar hendur ásamt því að tryggja framsóknarmönnum sinn hlut í einkavinavæðingu opinberra stofnana. Í stuttri blaðagrein er ekki rúm til ítarlegs rökstuðnings fyrir slíkum fullyrðingum, auk þess sem þá voru ekki orðnar heyrinkunnar ýmsar þær upplýsingar sem síðan hafa komið fram í dagsljósið.

Í ágætum greinaflokki sem Sigríður Dögg Auðunsdóttir blaðamaður hefur verið að birta að undanförnu í hér blaðinu hafa þegar komið fram upplýsingar, sem renna stoðum undir þessa staðhæfingar og leiða raunar í ljós hvernig foringjar og forystulið beggja stjórnarflokka hafa verið á kafi í tilfærslu eigna ríkisins og Sambands íslenskra samvinnufélaga til ýmissa klíkna sem verið hafa þeim þóknanlegar, stundum í svo heiftarlegum átökum að Stjórnarráðið hefur nötrað og leikið á reiðiskjálfi og hótanir um stjórnarslit hvað eftir annað legið í loftinu.

Greinaflokkur Sigríðar Daggar minnir um margt á greinaflokk Agnesar Bragadóttur í Morgunblaðinu í janúar 2003. Í inngangi að þeim greinaflokki sagði svo: „Átakamesta og oft dramatískasta viðskiptastríð, sem háð hefur verið í íslensku viðskiptalífi í áratugi var að mestu háð fyrir luktum dyrum og á bak við tjöldin. Meira og minna fór það framhjá íslensku þjóðinni, undanfarin þrjú ár [þ.e. 2000-2002], að nokkrir menn gerðu ítrekaðar tilraunir til þess að ná á sitt vald Íslandsbanka, með kaupum á bankanum sjálfum og Tryggingarmiðstöðinni og fjárfestingafélaginu Straumi. Það fór jafnmikið framhjá íslensku þjóðinni, að því var afstýrt, jafnan á elleftu stundu, að yfirtökuáformin yrðu að veruleika. Það voru áhrifamenn í banka- og viðskiptalífinu sem tóku höndum saman, með vitund og samþykki áhrifamikilla stjórnmálamanna, til þess að koma í veg fyrir að völd þau og áhrif, sem fylgja því að ráða yfir mörgum tugum milljarða í eigu sjóða, banka og almenningshlutafélaga, lentu í höndum Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Þorsteins Más Baldvinssonar og samstarfsmanna þeirra“ [þar var helstur Eyjólfur Sveinsson, eitt sinn aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar, forsætisráðherra].

Greinaflokkur Sigríðar Daggar sýnir svo ekki verður um villst að átökin um eignarhald á Landsbankanum, Búnaðarbankanum og VÍS voru ekki síður dramatísk með hótunum um lögsóknir, kærur og jafnvel stjórnarslit. Einnig að þrátt fyrir slitróttar fréttir öðru hvoru í fjölmiðlum á undanförnum árum um einstaka atburði í þessari átakakeðju hefur það meira og minna „farið framhjá íslensku þjóðinni“ hver var kjarni þessara átaka: að framsóknarmenn fengju í helmingaskiptum sinn hlut við einkavæðingu ríkisbankanna og endurheimtu VÍS jafnframt úr klóm Landsbankans og Kjartans Gunnarssonar.

Í grein minni í febrúar rakti ég það, að klofningur Alþýðuflokksins með stofnun Þjóðvaka 1995 leiddi framsókn aftur til valda með Sjálfstæðisflokknum og gamla helmingaskiptareglan var endurvakin. Síðan sagði orðrétt í greininni: „Höfuðviðfangsefni Framsóknarflokksins síðan hefur verið það að koma eignum SÍS sáluga í hendur verðugra arftaka. Og hverjir gátu verið verðugri arftakar en einmitt erfingjar kaupfélagsstjóranna og SÍS-forkólfanna? Stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur einmitt byggst á þessum grunni, þótt hljótt fari, og skýrir það kannski að miklu leyti það undirgefnishlutverk sem framsókn hefur tekið að sér að gegna í þessari sambúð.

Ekki verður annað sagt en að vel hafi tekist til. VÍS, Olíufélagið, Búnaðarbankinn og Samskip eru komin í eigu traustra afkomenda kaupfélagsstjóra og SÍS-forkólfa og gefa Framsóknarflokknum öruggan fjárhagslegan bakhjarl í útgerðinni á ólgusjó stjórnmálanna. Ættarfyrirtæki Halldórs Ásgrímssonar standa traustum fótum í kvótaeign og – í gegnum ýmis eignarhaldsfyrirtæki – í flestöllum einkavæddum fyrirtækjaafkvæmum SÍS sáluga. Fram undan er einkavæðing raforkufyrirtækjanna í einn stóran einokunarrisa, Landsímanum þarf að koma í verðugar hendur, Ríkisútvarpið er komið á dagskrá – og svo þarf að koma Samkeppnisstofnun undir örugga stjórn stjórnarflokkanna svo að grænmetiseinokunarmálin og olíufélagasamráðsmálin endurtaki sig ekki. Eldri kynslóð framsóknarmanna er komin á græna grein svo að ekki er að furða að yngri kynslóðin hyggi sér gott til glóðarinnar. Það er eftir miklu að slægjast. Sjáið bara hvar Finnur Ingólfsson er núna!“

Mörgum þóttu þetta stór orð fyrir þremur mánuðum síðan. En nú hrannast sönnunargögnin upp sem sýna að ekki aðeins hafa stjórnarflokkarnir hrokkið frá eigin stefnu um einkavæðingu, þ.e. um dreifða eignaraðild, „auðstjórn fólksins“, heldur og frá frumreglu allrar einkavæðingar, sem er sú að einkavæðingarferlið sé tært og gagnsætt og öllum ljóst að enginn sem að því stendur sé að maka krókinn. ■



LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# allt

## börn o.fl.

Sumarfjör um alla borg

bls. 4



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.22 | 13.26 | 23.31 |
| AKUREYRI | 2.33 | 13.10 | 23.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*

**Í dag er miðvikudagur 1. júní, 152. dagur ársins 2005.**

**KRÍLIN**




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 5*

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**SMÁAUGLÝSINGAR Á 995 KR.**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ ÞÆR Á visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

Þórhildur bíður eftir að komast eitthvert út úr bænum um helgar.

# Hangikjöt besti matur á fjöllum

***Þórhildur Marteinsdóttir veit fátt skemmtilegra en ferðast um landið. Hún var rétt um vikugömul þegar hún hélt í sína fyrstu útilegu og þó hún sé bara sjö ára hefur hún farið í ótal óbyggðaferðir.***

„Ég er að fara í Básа um næstu helgi með pabba. Þá hitti ég líka Hilmar vin minn. Ég er búin að þekkja hann alveg frá því ég fæddist.“ segir Þórhildur brosandi. Hún á heima í Reykjavík og er að ljúka 1. bekk í Vogaskóla en fer að jafnaði tvær helgar í mánuði út úr bænum, ýmist með mömmu eða pabba, sem bæði eru útivistarfólk. Pabbinn er í jeppadeild Útivistar en mamman er meira í gönguferðum. Oft liggur leiðin í Bása en Þórhildur nefnir líka Landmannalaugar, Álftavatn, Langadal, Hrauneyjar, Hveravelli og fleiri staði sem hún segist fara á jafnt að sumri sem vetri. Hún hefur átt gönguskíði frá því hún var tveggja ára og notar þau þegar hún fer uppá hálendið á veturna og hefur líka með sér þotu og skóflu. Teikniblokk og litir eru yfirleitt með í för enda ætlar hún að verða listamaður þegar hún verður stór.

Oft er sungið í ferðunum og Þórhildur segist kunna mörg lög. „Ég fékk alvöru gítar í jólagjöf frá mömmu og frændi minn er að kenna mér á hann,“ upplýsir hún. Svo sýnir hún nýja gönguskó sem hún fékk í afmælisgjöf. Hún tók þá upp inni í Básum, þar sem hún hélt upp á sjö ára afmælið þann 14. maí. Hangikjöt er besti maturinn á ferðalögum að hennar áliti en hvar skyldi henni finnast fallegast á landinu? „Í Strúti, mér finnst fjöllin þar svo falleg,“ segir hún og kveðst nýlega hafa verið þar með mömmu sinni að hjálpa til að gera við skálann og haft með sér hamarinn sinn. „Í sumar fer ég svo með ömmu í Þórsmörk í sumarbúðir fjölskyldunnar. Þá verð ég í eina viku,“ segir hún og hlakkar greinilega til.

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í námi*

**Kennsla á meistarastigi** í opinberri stjórnsýslu (MPA) hefst í sumar við Viðskiptaháskólann á Bifröst, þar sem boðið verður upp á sérhæfingu í sveitarstjórnarmálum. Námið samanstendur af fjórum hlutum; fimm kjarnafögum, þremur sérhæfðum sveitarstjórnarfögum, fjórum valfögum og lokaverkefni. Lokaritgerð er 15 eða 30 einingar, eftir umfangi. Mögulegt er að útskrifast með diplóma, án ritgerðar. Umsóknarfrestur er 24. júní.

**Foreldrafélag Flúðaskóla** færði skólanum nýlega stafræna upptökuvél að gjöf. Hún kemur sér mjög vel þar sem sú gamla var orðin gömul og lúin í heimi tækninnar. Kiwanisklúbbur Hreppamanna gaf líka öllum 1. bekkingum í Flúðaskóla reiðhjólahjálma og þeir koma sér nú aldeilis vel í sumar.



**Mikil eftirspurn** er eftir háskólanámi á öllum stigum. Um 1.800 nemendur útskrifast úr framhaldsskólum í vor og má gera ráð fyrir að stór hluti þeirra hefji háskólanám í haust. Þá er aðsókn í meistaranám mjög góð í ár, enda hafa möguleikar á meistaranámi aukist til muna á Íslandi á allra síðustu árum. Einnig hefur eftirspurn eftir háskólanámi með vinnu aukist og í kjölfarið hafa ýmsir háskólar eins og HR, HÍ og fleiri hannað námsleiðir sem koma til móts við þennan hóp.

*nam@frettabladid.is*

**Stórbrotin náttúra, söguslóðir og gestrisni. Einstök ferð á besta tíma sumarsins í beinu leiguflugi!**



**Allra síðustu sætin til Nýfundnalands í Kanada 11. - 19. ágúst!**

Skipulagðar hópferðir frá kr. 119.000
St.John´s frá 73.900
Flug, gisting og skattar
VR - og Mastercard ávísanir gilda

- Söguferð á Víkingaslóðir m.a. í Leifsbúðir í L´Ans aux Meadows, 6 daga rútu- og hótelferð og 2 dagar í St. John's. Fararstjóri: Magnús Jónsson
- Gönguferð í Grose Morne, fegursta þjóðgarði Kanada og um aðrar margrómaðar gönguleiðir. Fararstjóri: Kristján M. Baldursson
- Fræðsluferð Skógræktarfélaganna. **Uppselt.**
- Dvöl í St. John's með góðri gistingu á Hótel Holiday Inn og ekki spillir hversu hagstætt er að versla. Útvegum bílaleigubíla.
- Bókanir eru hafnar í haustferðirnar vinsælu til St. John's, 27. - 30. okt. (hrekkjavaka) og 24. - 27. nóv. (jólaferð).

HÓPFERÐAMIÐSTÖÐIN VESTTRAVEL VESTFJARÐALEIÐ

**Bókanir og allar nánari upplýsingar: Hópferðamiðstöðin - Vestfjarðaleið, Hesthálsi 10, 110 Rvík, s.562 9950/587 6000 info@vesttravel.is www.vesttravel.is**

**Haustið undirbúið**

Taktu frá þær bækur sem þú þarft ekki að nota næsta haust og settu í kassa og merktu hann. Bækurnar fyrir næsta vetur skaltu setja upp í hillu þar sem þú getur gengið að þeim í haust.




# Krakkar upplifa náttúruna og iðka myndlist

***Myndlistarmennirnir Kristín María Ingimarsdóttir og Helga Jóhannesdóttir ætla að bjóða börnum á nýstárleg sumarnámskeið.***

Myndlistarmennirnir Kristín María og Helga hafa búið í Mosfellsbæ um árabil. Þær voru sammála um að bæta þyrfti við námskeiðaflóruna í bænum og hafa því skipulagt spennandi og fjölbreytt sumarnámskeið þar sem sköpunargáfa barna fær að njóta sín á sem flestum sviðum.



Krakkarnir fá að prófa ýmislegt spennandi á námskeiðinu og nota síðan reynsluna í myndlistinni.

„Þetta er í rauninni myndlistarnámskeið en við byggjum þetta þannig upp að krakkarnir fá að gera ýmislegt og upplifa margt sem þau nota svo í myndlistina. Þetta námskeið snýst sem sagt ekki um að setjast niður og teikna heldur verður þetta heildarupplifun og náttúran hér í kring mun spila stórt hlutverk,“ segir Kristín.

Kristín og Helga hafa báðar víðtæka reynslu af starfi með börnum. Helga hefur staðið fyrir ýmsum námskeiðum um land allt og kennir þar að auki myndlist í grunnskóla og í Myndlistarskóla Mosfellsbæjar. Kristín María hefur kennt fólki á öllum aldri myndlist og hreyfimyndagerð og hefur mikla reynslu af hvers kyns námskeiðahaldi.

Þær Helga og Kristín ætla sjálfar að kenna á námskeiðinu en hafa einnig fengið til liðs við sig aðra listamenn til að gera viðfangsefnin sem fjölbreyttust. Innritun stendur yfir en námskeiðið verður í boði dagana 8. til 23. júní og aftur seinni part sumars frá 8. til 22. ágúst.

GÍS
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS
**Gítarnámskeið hefst 6. júní**
**4 vikur, 8 einkatímar**
**sími: 581 1281 • gitarskoli@gitarskoli.is**



Björn Þorsteinsson segir markmiðið að láta börnin brjóta heilann og taka þátt í uppgötvun þekkingar.

# Stjörnurnar skoðaðar og rætt um fótbolta á þýsku

***Um miðjan júní tekur HÍ á sig nýstárlegan og ungæðislegan blæ þegar Háskóli unga fólksins hefur annað starfsár sitt. Nemendur skólans verða á aldrinum 12 til 16 ára og í boði verða 25 námskeið úr hinum ýmsu deildum og skorum Háskóla Íslands.***

„Nemendurnir raða sjálfir saman þeim námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, en úrvalið endurspeglar þá miklu breidd sem rúmast innan Háskóla Íslands,“ segir Björn Þorsteinsson, verkefnastjóri Háskóla unga fólksins. Skólahald stendur yfir í tvær vikur og eru nemendur að jafnaði fjórar klukkustundir á dag á námskeiðum, en kennt er frá kl. 10-17. „Kennt er í öllum helstu byggingum á háskólasvæðinu og ef marka má skólastarfið í fyrra verða þau ansi heimavön eftir þessar tvær vikur,“ segir Björn.

„Flestir kennararnir eru kennarar við Háskóla íslands, en einnig hafa framhaldsnemar reynst vel í þessu starfi. Aðallega er þetta fólk sem hefur gaman af því að vera með krökkunum og miðla þekkingu sinni til þeirra á lifandi hátt,“ segir Björn.

Meðal þess sem nemendum stendur til boða er að kynna sér eðli, eiginleika og notkunarmöguleika vetnis, fylgjast með eðlisvísindunum að verki í lífi Ragnars Reykáss, ræða fjölskyldutengsl og kynlíf unglinga, fræðast um upphaf alheimsins og líf úti í geimnum, greina kynjamunstur og kynhlutverk, tala um fótbolta á þýsku og rannsaka fugla og plöntur innan borgarmarkanna.

„Svo virðist sem stjörnufræðin ætli að verða vinsælasta námskeiðið okkar í ár, þar sem stjörnur verða skoðaðar gegnum sjónauka á Hawaii og annað spennandi,“ segir Björn.

Námskeiðin segir Björn snúast um að veita nemendunum innsýn í fræðigreinarnar þar sem þau eru látin brjóta heilann og taka þátt í uppgötvun þekkingarinnar. „Ég tel að þetta eigi eftir að hafa mótandi áhrif á krakkana, og þau eigi eftir að hafa miklu betri hugmynd en áður hvað felst bak við þessi stóru nöfn fræðigreinanna,“ segir Björn.

Upplýsingar um skólann og skráning er á vefsíðunni www.ung.is og þar má að auki sjá kvikmynd sem gerð var um skólann í fyrra.

*kristineva@frettabladid.is*




**12 klst. námskeið**
**í stafrænni ljósmyndun og myndvinnslu**

**MYNDAVÉLIN:** Farið er inn á allar helstu stillingar á myndavélinni, þ.a.m. hraði, ljósop, dýptarskerpa, ljósmæling, lýsing, linsur, súmm, ISO, White balance, pixlar, RAW/JPEG

**MYNDATAKAN:** Myndbyggingarreglur. Myndataka – almennt, landslandsmyndatökur, næturmyndatökur, norðurljósamyndatökur, nærmyndir, portrett. Ýmis góð ráð við myndatöku veitt sem koma að góðum notum.

**LJÓSMYNDASTÚDÍÓ:** Myndataka - Portrett í Studíói. Notkun ljósa í stúdíói, mismunandi lýsing, notkun flassmælis, hvernig á að búa til einfalt og ódýrt heima stúdíó.

**TÖLVAN:** Færa myndir yfir á tölvuna, setja myndir í möppur, koma skipulagi á myndasafnið og skráningu mynda, setja leitarorð á myndir, afrita myndir á milli mappa, skipta um nafn á myndum, snúa myndum við, skoða allar upplýsingar um myndir, setja myndir yfir á geisladisk eða DVD, senda myndir með tölvupósti, prenta út myndir.

**PHOTOSHOP:** Lagfæra myndir, taka burt atriði úr myndum, kroppa myndir, skipta um bakgrunn, gera myndir svart/hvítar, gera myndir brúntóna, setja lit á hluta af myndum, breyta myndum með effectum, setja ramma utan um myndir, minnka myndir, dekkja og lýsa myndir, auka og minnka kontrast í myndum, vista myndir.

**Hópur A 6., 8. og 9. júní kl. 18-22** **Hópur B 13., 15. og 16. júní kl. 18-22** **Verð kr. 14.900.**

**Skráning og nánari uppl. á ljosmyndari.is eða 898-3911. Leiðb. Pálmi Guðmundsson**

# Fjarnámskeiðið tveggja ára

***Fjarnámskeiðið hjá ljosmyndari.is er á sérstöku tilboðsverði þessa dagana.***

Fjarnámskeið hjá ljosmyndari.is eru í gangi allt árið en í tilefni þess að tvö ár eru liðin frá því að námskeiðin voru sett á laggirnar verður veittur tuttugu prósenta afmælisafsláttur af námskeiðsgjaldi til og með 7. júní.

Fjarnámskeiðið hentar fólki sem kemst ekki á venjuleg námskeið. Hver nemandi fær eigin síðu sem hann vinnur einn með og getur skoðað ítarlegt námsefni og fróðleik hvenær sem er.

Námskeiðið stendur yfir í 90 daga og leiðbeinandi er Pálmi Guðmundsson. Skráning fer fram á ljosmyndari.is.



Myndir nemenda ljosmyndari.is eru oftar en ekki afar glæsilegar.


FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Það er ávallt líf og fjör á kennaranámskeiðinu.

# Tónlistarspuni, taktur og örsögugerð

***Það er margt að gerast í Kramhúsinu í sumar og í júní verður kennaranámskeiðið sívinsæla haldið í 22. sinn.***

Kennaranámskeið Kramhússins verður haldið dagana 20. til 23. júní í 22. sinn en námskeiðið er fyrst og fremst haldið fyrir kennara og þá sem vinna við skapandi starf með börnum og unglingum. Námskeiðið er að sjálfsögðu opið öllum en fjöldi kennara hefur sótt námskeiðið í gegnum tíðina og nýtt sér við kennslu.

Gestakennarar koma víða að og í ár kemur Soili Perkiö, einn vinsælasti kennari og fyrirlesari Norðurlanda, í heimsókn en hún sérhæfir sig í tónlist og hreyfingu fyrir ung börn. Einnig kemur tónlistar- og myndlistarmaðurinn, Ilya Magnes, og kennir tónlistarspuna og skapandi takt. Skáldið Sjón kynnir örsögur fyrir þátttakendum og leiðir þá inn í hugarheim sinn og útskýrir aðferðarfræði við örsögugerð. Einnig miðla kennarar Kramhússins, Elfa Lilja Gísladóttir, Hafdís Árnadóttir og Ólöf Ingólfsdóttir, af reynslu sinni í skapandi hreyfingu, dansi og spuna.

Verð er 35.500 krónur en þátttakendum er bent á að sækja um styrki til endurmenntunarsjóðs eða sveitarfélags.

Kramhúsið býður einnig upp á fjöldann allan af dansnámskeiðum í sumar fyrir alla aldurshópa eins og contemporary urban, jazz funk, afró, magadans, hip hop og breakdance, salsa og tangó. Nánari upplýsingar um námskeiðin og skráning er í síma 551 5103 og 551 7860 og á kramhusid.is.



Jóhann Breiðfjörð hugmyndasmiður verður með 100 kíló af legókubbum á námskeiðinu.

# Hundrað kíló af kubbum

***Mímir býður börnum upp á fjölbreytt sumarnámskeið í tungumálum, leiklist, myndlist og legókubbum.***

Sumarnámskeiðin fyrir börnin hefjast hjá Mími-Símenntun næsta mánudag og standa út mánuðinn. Hvert námskeið stendur í eina viku og er kennt hálfan daginn í senn en meðal þess sem verður í boði er myndlist, enska, spænska og leiklist og eru námskeiðin fyrir börn á aldrinum 6-8 ára.

Á einu af nýjustu sumarnámskeiðunum kennir Jóhann Breiðfjörð, fyrrverandi hönnuður og hugmyndasmiður hjá Legó, börnunum að byggja úr tæknilegói. „Ég nota lagerinn sem ég fékk sendan frá Legó á meðan ég starfaði þar og eru þetta um 100 kíló af kubbum sem er raðað í sjö stóra bala sem börnin geta leikið sér með að vild,“ segir Jóhann. Hann segist kenna krökkunum að nota tannhjól, gírun og vogarafl og hann aðstoðar þau við að skapa sín eigin módel en hann er með fjöldann allan af rafmagnsmótorum á námskeiðinu. „Krakkarnir hafa frjálsar hendur og mega byggja það sem þá langar til og ég hjálpa þeim við að útfæra hugmyndir sínar,“ segir Jóhann.

# Gróska í háskólanáminu

***Námsframboð í háskólum á Íslandi hefur aldrei verið meira en nú og margar spennandi nýjungar í boði.***

Samtals stunda um 16 þúsund nemendur háskólanám á Íslandi. Umsóknarfrestur fyrir næsta vetur er nú að renna út í flestum háskólum landsins en framhaldsskólanemar og aðrir hafa úr mörgum greinum að moða. Háskólarnir á Íslandi eru átta talsins og hver þeirra býður upp á einhverjar nýjungar næsta haust. Þetta eru: Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands, Háskólinn á Hólum – Hólaskóli, Kennaraháskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands og Viðskiptaháskólinn Bifröst.

Ellefu nýjar námsbrautir hafa bæst við hjá Háskólanum í Reykjavík, meðal annars fjármálaverkfræði, heilbrigðisverkfræði og rekstrarverkfræði, og einnig lítur dagsins ljós ný kennslufræði- og lýðheilsudeild. Bifröst býður nýja námsbraut í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði og Háskóli Íslands kynnir nýtt meistaranám í verkefnastjórn og í alþjóðasamskiptum, svo nokkuð sé nefnt.



Þeir sem hyggja á háskólanám hafa úr mörgum greinum að moða.




HÁSKÓLINN Á AKUREYRI
www.unak.is/fjarnam

FYRIR ALLA LANDSMENN

**Háskólinn á Akureyri býður upp á fjarnám í samstarfi við Námsflokka Hafnarfjarðar og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um allt land.**
**Í boði er nám í eftirfarandi fræðigreinum:**

- **Auðlindadeild (B.Sc.):** líftækni, sjávarútvegsfræði og fiskeldi, umhverfisfræði og orkumál
- **Kennaradeild (B.Ed.):** grunnskólafræði, leikskólafræði
- **Viðskiptadeild (B.Sc.):** viðskiptafræði

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Háskólanum á Akureyri í síma 460 8000 eða hjá viðkomandi fræðslu- eða símenntunarmiðstöð. Upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu Háskólans á Akureyri, **www.unak.is**




www.unak.is

Háskólinn á Akureyri
er spennandi valkostur

ÁSMENT STILL

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Innritun fyrir sumarönn 23. maí - 6. júní á www.fa.is

Skólameistari

MYND/GETTY IMAGES

**Tanntaka**
Börn getur klæjað í góminn þegar þau eru að taka tennur og því sniðugt að gefa þeim kaldan og blautan þvottapoka til að naga og sjúga, en hafa skal í huga að þvottapokinn þarf að vera alveg hreinn.



Flott sumarföt
á flotta krakka.
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201






Fjör í sumar!
adams
Smáralind • sími 517 5330 • www.adams.is



Mikið úrval af brjóstagjafa- og meðgönguundirfatnaði í mörgum litum
Móðurást
Hamraborg 7 • Sími 564 1451
www.modurast.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Börn um alla borg eiga eftir að skemmta sér í sumar á leikjanámskeiðum ÍTR.

# Sumarfjör um alla borg

***Börn um alla borg á aldrinum 6-14 ára geta sótt leikjanámskeið ÍTR þar sem margt spennandi er á boðstólum.***

Grunnskólum fer að ljúka nú í júní og börnin ryðjast í sumarfrí og munu mörg þeirra sækja sumarnámskeið. ÍTR býður að vanda upp á fjölbreytt námskeið í sumar þar sem mikil áhersla er lögð á útivist og leiki. Farið er í vettvangsferðir, sund, siglingar, fjöruferðir og ratleiki svo eitthvað sé nefnt.

„Frístundamiðstöðvarnar sjá um námskeiðin en þau eru fimm í borginni,“ segir Guðrún Kaldal, forstöðumaður í frístundamiðstöðinni Frostaskjóli. Á veturna sjá frístundamiðstöðvarnar um frístundaheimili fyrir börn á aldrinum 6-9 ára og félagsmiðstöðvar en breyta um áherslu á sumrin og halda leikjanámskeið. „Við erum með námskeið fyrir börn á aldrinum 6-14 ára og vinnum við eftir vissum þemum en nokkrar starfseiningar tilheyra Frostaskjóli. Þannig getur verið ævintýraþema á einum stað, eða stelpu- og strákaþema á öðrum,“ segir Guðrún. Auk þess reka miðstöðvarnar smíðavelli þar sem börnin geta komið að vild, borgað 500 krónur og fengið efni og handleiðslu við smíðina.

„Rík áhersla er á alla öryggisverkferla, og unnið eftir ströngum reglum,“ segir Guðrún, en ÍTR ræður eingöngu til starfa fólk sem hefur náð að minnsta kosti tuttugu ára aldri og einnig fer fram markviss þjálfun áður en námskeiðin hefjast en rík áhersla er lögð á að starfsfólk sé hæft í sínu starfi. Allar upplýsingar um námskeið ÍTR er að finna á vefsíðunni www.itr.is.

Verð frá kr.
59.990 stgr.



Bébe vagnarnir fást hjá okkur
Frábærir og sterkir vagnar sem henta vel íslenskum aðstæðum. Falleg áklæði í boði og hægt er að velja um þrjár mismunandi grindur undir vagninn. Loftdekk. Eins passa Bébé ungbarnabílstólar á grindurnar.
BabySam
Skeifan 8 - s. 568 2200
Smáralind - s. 534 2200
www.babysam.is




## [ HVAÐ ÆTLARÐU AÐ GERA Í SUMAR? ]

Börnin í Háteigsskóla léku sér úti sólinni í gær en skólahaldi lýkur brátt og kærkomið sumarfrí tekur við. Fréttablaðið tók nokkur börn tali og spurði hvað þau ætluðu að gera í sumar.



**Fransiska Hinriksdóttir, 12 ára**
„Ég fer til útlanda, til Noregs og kannski Krítar. Það getur verið að ég fari á námskeið, en hef ekkert ákveðið.“



**Kristján Torfi Örnólfsson, 13 ára**
„Ég fer til útlanda, bæði til Flórida og Danmerkur, en ætla ekki á nein námskeið.“



**Edda Sveinbjörnsdóttir, 10 ára**
„Ég fer með vinkonum mínum í sumarbúðirnar Ævintýraland og svo fer ég til Spánar.“



**Árni Hao Vinh Yu, 10 ára**
„Ætli ég fari ekki bara í sund eða eitthvað skemmtilegt. Ég verð bara heima í fríi og hef engin plön.“

98,9 BYLGJAN
Gulli Helga
Laugardagsmorgna 9-13




BMW 330XI Nýskr: 03/2001, 3000cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 64 þ. Verð: 3.290.000


FORD ESCORT Nýskr: 04/1998, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Rauður, Ekinn 62 þ. Verð: 490.000


FORD FOCUS Nýskr: 03/2001, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, , Ekinn 68 þ. Verð: 1.040.000


HONDA HR-V Nýskr: 03/2004, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósblár, Ekinn 21 þ.Verð: 2.090.000


HONDA HR-V Nýskr: 09/2000, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Grænn, Ekinn 83 þ. Verð: 1.380.000


HYUNDAI ACCENT Nýskr: 06/2002, 1500cc 4 dyra, Beinskiptur, Dökkblár, Ekinn 52 þ. Verð: 850.000


HYUNDAI GETZ Nýskr: 08/2004, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Blár, Ekinn 6 þ. Verð: 1.390.000


HYUNDAI STAREX Nýskr: 02/2004, 2500cc 4 dyra, Fimmgíra, Hvítur / Grár, Ekinn 62 þ. Verð: 2.750.000


HYUNDAI TUCSON. Nýskr: 10/2004, 2000cc 4 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn 5 þ. Verð: 2.650.000


MERCEDES CLK. Nýskr: 06/1997, 2300cc 2 dyra, Sjálfskiptur, Blár, Ekinn 97 þ. Verð: 2.290.000


PEUGEOT 206. Nýskr: 09/2000, 1400cc 5 dyra, Fimmgíra, Svartur, Ekinn 70 þ. Verð: 790.000


PEUGEOT 206. Nýskr: 09/2000, 1400cc 5 dyra, Fimmgíra, Svartur, Ekinn 70 þ. Verð: 790.000


RENAULT LAGUNA II. Nýskr: 02/2003, 1800cc. 5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 38 þ. Verð: 1.850.000


RENAULT MEGANE. Nýskr: 06/2001, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Dökkgrænn, Ekinn 95 þ. Verð: 890.000


SUBARU LEGACY Nýskr: 03/1997, 2000cc 5 dyra, Fimmgíra, Dökkrauður, Ekinn 125 þ. Verð: 650.000


TOYOTA COROLLA. Nýskr: 07/1998, 1600cc . 5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður, Ekinn 117 þ. Verð: 630.000


TOYOTA COROLLA. Nýskr: 06/2000, 1800cc . 5 dyra, Fimmgíra, Grár, Ekinn 106 þ. Verð: 1.050.000


Toyota Rav4. Nýskr. 03/1999, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, brúnn, ekinn 121 þ. Verð 1.230.000.


Volkswagen Golf. Nýskr. 04/1995, 1800cc. 5 dyra, 5 gíra, ljósgrænn, ekinn 165 þ. Verð 350.000.

**Bílaland, B & L**
**Grjótháls 1, 110 Rvk.**
**Sími: 575 1230**
**www.bilaland.is**


Mercedes Benz 307D húsbíll árgerð 1982, ekinn 385 þús. Bsk., 5 gíra, eldavél, vaskur, miðstöð, ferðaklósett o.f.l. 3ja-4ra manna svefnpláss. Mjög gott eintak. Ásett verð 1250 þús. Bílamarkaðurinn s. 567 1800.


Ford Focus árgerð 2001. Station, ekinn 91 þús. Bsk., 5 gíra, 1400cc, rafmagn í rúðum og hiti í sætum. Ásett verð 820 þúsund. Bílamarkaðurinn s. 567 1800.


Volvo S80 2.4 árgerð 1999, ekinn 91 þús, ssk. Leður og rafmagn í öllu. Ásett verð 2.1 milljón. Bílamarkaðurinn s. 567 1800.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**


Dodge Grand Caravan. Árgerð 2004. Ekinn 32 þ. km. Nýskráður 2004. Næsta skoðun 2007. Bensín knúinn. Skráður 7 manna. Sjálfskipt 3300cc slagrými. 5 dyra. Verð kr. 2880.000, ekkert áhv., skipti á ódýrari.

**Höfðahöllin**
**Vagnhöfða 9, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**


BOSS Geislaspilarar. Vandaðir BOSS geislaspilarar. 4 x 50 watta innbyggður magnari. Fjarstýring fylgir. Snúningstakki til að hækka og lækka. 6 x RCA útgangur. RCA inngangur fyrir i-Pod, DVD eða fartölvu. Verð frá 19.900 kr. Kíkið á heimasíðu okkar til að nálgast nánari upplýsingar. www.aukaraf.is


BEL radarvarar. Vandaðir radarvarar sem nota allra nýjustu tækni til að skynja radar og laser bylgjur. Falsviðvaranir í algjöru lágmarki. Verð frá 14.900 kr. Kíkið á heimasíðu okkar til að nálgast nánari upplýsingar. www.aukaraf.is

**AMG Aukaraf**
**Dalbrekka 16, 200 Kópavogur**
**Sími: 585 0000**
**www.aukaraf.is**


Jeep Liberty Limited 2005 2.8 diesel, fallegur vel búinn og sparneytinn jeppi. Uppl. www.automax.is s. 899 4681. 2ja ára verksmiðjuábyrgð.


Ford F-350 King Rangh 2005 nýr bíll, vel útbúinn. Uppl. www.automax.is s. 899 4681. 2ja ára verksmiðjuábyrgð.


Til Sölu Grand Cherokee limited 2005 5.7 Hemi, 25K aukapakki. Fallegur bíll. Uppl. www.automax.is s. 899 4681. 2ja ára verksmiðjuábyrgð.


Nissan Centra 2004 1.8 vél sjálfskiptur, rafmagn í öllu. Bíll á góðu verði. Uppl. www.automax.is s. 899 4681.

**Automax**
**Sími: 899 4681**
**www.automax.is**


BMW 328 IA Árgerð 2000. Ekinn 73 þ.km. þúsund km. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. Sjálfskiptur 2800cc slagrými. 4 dyra. Verð kr. 2490.000. Litur Svartur, 100% lán topp eintak. SG bílar s:421 4444


DAEWOO MUSSO 2900 TDI 35" Árgerð 1999. Ekinn 105 þ.km. þúsund km. Dísel knúinn. Skráður 5 manna. 5 gírar 2900cc slagrými. 5 dyra. Verð kr. 1960.000. Litur Svartur. 100% lán SG Bílar s:421 4444


FORD FOCUS 1,6 GIA Árgerð 1999. Ekinn 52 þ.km. þúsund km. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. 5 gírar 1600cc slagrými. 5 dyra. Verð kr. 1050.000. Litur Grár. 100% lán SG Bílar s:421 4444


HYUNDAI SANTA FE Árgerð 2002. Ekinn 82 þ.km.þúsund km. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. 5 gírar 2400cc slagrými. 5 dyra. Verð kr. 1790.000. Litur Hvítur. 100% lán SG Bílar s:421 4444


HYUNDAI COUPE 2000 Árgerð 1997. Ekinn 139 þ.km. þúsund km. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. 5 gírar 2000cc slagrými. 3 dyra. Verð kr. 590.000. Litur Hvítur. 100% lán SG Bílar s:421 4444


HYUNDAI COUPE SPORT Árgerð 2003. Ekinn 28 þ.km.þúsund km. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. 5 gírar 2000cc slagrými. 3 dyra. Verð kr. 1690.000. Litur Rauður. 100% lán SG Bílar s:421 4444


Land Rover Freelander L+. Árgerð 2001. Ekinn 38 þ. km. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. Sjálfskiptur 1800cc slagrými. 5 dyra. Verð kr. 2290.000. Litur Vínrauður. 100% lán SG Bílar s. 421 4444.

**SG Bílasala**
**Brekkustíg 38, 260**
**Reykjanesbæ**
**Sími: 421 4444**

## BÍLAR TIL SÖLU


1.VW Bora 1600 Comfortline, árgerð 1999, ekinn 74þkm, ssk. Fallegur bill. Verð 990þ


2.VW Golf 1600 Comfortline, árgerð 1998, ekinn 107þkm, beinskiptur, verð 770þ möguleiki á 100% láni.


3.Toyota Corolla 1600 Liftback, árgerð 2000, 75þkm, beinskiptur, vetrar/sumardekk, geisli, verð 800þ


4.Toyota Avensis sol, 7/2003 ekinn 22þkm, leður, ssk, loftkæling, filmur, hraðastillir, auka felgur og dekk, spoiler, DVD, með 2 stk skjáum, þetta er best útbúni Avensisinn. Verð 2.800.

5.VW Golf 2.0 4x4 árgerð 2001, ekinn 83þkm, beinsk, dráttarkúla, Abs, verð 1270þ.

6.Daewoo Leganza Executive. Árgerð 1999, ekinn 70þkm, ssk, Leður, loftkæling, topplúga, loftkæling dráttarkúla, hraðastillir, rosalega vel útbúinn bíll á góðu verði. 850þ.

7.Bmw 316 iA Compact, árgerð 2000, ekinn aðeins 53þkm, ssk, topplúga, álfelgur, loftkæling, verð 1.250.000, áhvílandi 1.080.000, 27þ pr.mán.

8.Nissan Almera 1800 Luxury sedan árgerð 2002, beinsk, ekinn 56þkm sumar/vetrardekk verð 1.180þ áhvílandi 860þ. 26þ pr. Mán.

9.Nissan Patrol árgerð 1998, 2.8, ekinn 114þkm, Leður, topplúga, dráttarkúla, beinskiptur, verð 2350þ áhvílandi 1.520þ. skipti möguleg á ódýrari.

10.M.Bens 320E, árgerð 1999, ekinn aðeins 75þkm, ssk, Leður, topplúga, álfelgur, 7 manna, flottur bens, verð 2.990þ. skipti möguleg.

**Bílamiðstöðin**
Hyrjarhöfða 2
110 Reykjavík
s.540-5800
fax 540-5805

**Við seljum bílana!**

# MARKAÐURINN

**Sögurnar... tölurnar... fólkið...**

Miðvikudagur 1. júní 2005 – 9. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000



MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónustan
sími: 510 7700 • www.momentum.is
settu þínar kröfur í réttar hendur



**Dagblöð** Lestur eykst 2



**Tækifæri í austri** Kína er vaknað 12-13



**Flatskjársjónvörp** Verða enn þynnri 8




## Innherjar kaupa í Íslandsbanka

Stjórnendur í Íslandsbanka keyptu 240 milljónir hluta í bankanum í gær á genginu 13,3. Verðmæti viðskiptanna er um 3,2 milljarðar króna og koma til greiðslu þann 4. júlí næstkomandi. Kaupendur eru Bjarni Ármannsson, bankastjóri Íslandsbanka, Einar Sveinsson stjórnarformaður og sex framkvæmdastjórar.

Bjarni Ármannsson, sem keypti sjálfur fyrir 1,3 milljarða króna, segir að stjórnendurnir séu að kaupa bréf á markaði og staðfestir að bankinn sé ekki að selja eigin bréf til þeirra. „Við lítum á kaup í bankanum sem góða langtímafjárfestingu," segir hann. - eþa

## SPRON: Allt stofnféð seldist

SPRON hefur lokið við sölu á 28.960 nýjum stofnfjárhlutum. Verðmæti hvers hlutar er 44.106 krónur og því nemur heildarverðmæti stofnfjáraukningarinnar um 1,3 milljörðum króna og heildarstofnféð um 1,9 milljörðum króna. Hlutir þeirra stofnfjáreiganda, sem nýttu sér ekki forkaupsrétt sinn, rann til stærstu stofnfjáreigendanna. - eþa

## Útrásarvísitala Markaðarins: Öll félögin lækkuðu

Útrásarvísitala Markaðarins lækkar um rúmlega eitt prósent milli vikna og lækkar virði easyJet mest milli vikna, um tólf prósent.

Öll félögin lækka milli vikna og er þetta í fyrsta sinn í sögu Útrásarvísitölunnar sem það gerist. deCode er enn það félag sem hefur hækkað mest frá upphafi en hækkunin nemur þrjátíu prósentum.

Útrásarvísitalan stendur í 108,84 stigum. -dh

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Magnús seldi** | Magnús Þorsteinsson hefur selt Björgólfsfeðgum 14,5 prósenta hlut sinn í Samson á tólf milljarða króna. Hann segist ætla að einbeita sér að flugrekstri.

**Magnús keypti** | Avion Group, sem Magnús Þorsteinsson á meirihluta í, hefur keypt 94,1 prósents hlut í Eimskipi á 23 milljarða króna. Magnús hyggur á frekari landvinninga í flutningastarfsemi.

**Magnús samdi** | Latibær, sem er hugarfóstur Magnúsar Scheving, hefur gert samning við Disney-fjölmiðlafyrirtækið um dreifingu á sjónvarpsþáttaröðinni á Spáni, Ítalíu og í Frakklandi.



**Khodorkovskí sekur** | Rússneski auðkýfingurinn Mikhaíl Khodorkovskí var í gær dæmdur í níu ára fangelsi. Stuðningsmenn Khodorkovskís segja pólitískan fnyk af málinu.

**Best í heimi** | Lýsi opnaði nýja verksmiðju í Örfirisey og er hún sú stærsta sinnar tegundar í veröldinni. Davíð Oddsson utanríkisráðherra klippti á borðann.

**FL Group hagnast** | Tilkynnt var að FL Group hefði hagnast um 25 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Gengur þetta þvert á allar spár en fyrsti fjórðungurinn er jafnan sá erfiðasti í flugrekstri.

**Nike hótar Man. Utd.** | Nike hefur hótað að rifta treyjusamningi við Manchester United fari liðinu ekki að vegna betur. Talsmaður Nike segir United fjórða besta knattspyrnulið á Englandi.

**SÍF í góðum málum** | Hagnaður SÍF var 230 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi og meira en tvöfaldaðist frá sama tímabili í fyrra. Er það þó undir spám bankanna, sem gerðu ráð fyrir að hagnaður SÍF yrði um 320 milljónir króna.

# Eimskip selt

**Avion Group hefur keypt Eimskip af Burðarási. Stefnt er að skráningu Avion fyrir lok janúar 2006. Magnús Þorsteinsson segir kaupin ekki tengjast brotthvarfi sínu frá Samson.**

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

„Himinn og haf hefur verkefnið verið kallað," sagði Magnús Þorsteinsson, aðaleigandi Avion Group, þegar hann kynnti samning um kaup félagsins á Eimskipafélagi Íslands í Listasafni Reykjavíkur í gær. Það er Burðarás sem selur um 94 prósent hlut sinn í Eimskipi fyrir tæpa 22 milljarða en Magnús stefnir á að eignast allt félagið. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru miklar líkur á að Færeyingar, sem eiga tæp sex prósent í Eimskipi, gangi inn í þetta tilboð. Skipafélagið verður svo rekið ásamt flugstarfseminni undir móðurfélaginu Avion Group, sem verður skráð í Kauphöll Íslands fyrir lok janúar á næsta ári gangi allt upp.



**MAGNÚS ÞORSTEINSSON OG BALDUR GUÐNASON** Baldur verður framkvæmdastjóri Eimskips. Hann segir undirbúning á sölu félagsins hafa staðið yfir síðustu sex til átta vikurnar.

Avion Group mun greiða tæpa þrettán milljarða með peningum fyrir Eimskip en níu milljarða með hlutabréfum í sjálfu sér þegar félagið verður skráð. Gangi skráning Avion í Kauphöllina ekki eftir hafa stærstu hluthafar félagsins skuldbundið sig til að kaupa aftur hlutabréfin sem Burðarás fær sem greiðslu.

Magnús Þorsteinsson tilkynnti fyrir síðustu helgi að hann hefði ákveðið að selja hlut sinn í Landsbankanum og fjárfestingafélaginu Samson Holding til Björgólfsfeðga, sem hafa verið viðskiptafélagar hans í Samson. Landsbankinn og Samson ráða yfir helmingi hlutafjár í Burðarási. Magnús segir kaupin á Eimskipi ekki tengjast brotthvarfi hans frá Samson. Þau séu fjármögnuð með lánum og hlutabréfum í Avion Group.

Spurður hvort verðmæti hlutar hans í Samson félögunum sé álíka mikið og þeir peningar sem greiddir eru fyrir hlutinn í Eimskip segist Magnús ekki vita það. Gengi hlutabréfa hans í Landsbankanum breytist á hverjum degi. Tilkynnt verði sérstaklega um sölu hans í Samson þar sem þetta komi í ljós.

Eftir kaupin á Eimskipi verður Avion Group stærsta félag landsins í flutningastarfsemi. Áætluð velta félagsins í ár er 110 milljarðar króna, starfsmenn verða 4.400 og starfsstöðvar áttatíu um allan heim.

Í fyrrakvöld var stjórn Burðaráss skyndilega kölluð saman til að ganga frá samningnum um söluna á Eimskipi. Magnús Þorsteinsson flaug þá um kvöldið til Íslands til að samþykkja samninginn í stjórn Avion Group í gærmorgun. Tilkynnt var um samninginn í Kauphöllinni þá um morguninn og hann kynntur á blaðamannafundi korter yfir ellefu sama dag.

# Fjárfestar vilja kaupa Pennann

**Á föstudaginn verður ljóst hvort Penninn verður seldur.**

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Á föstudaginn verður ljóst hvort Penninn verður seldur. Samningaviðræður hafa staðið yfir að undanförnu og reiknað er með að áreiðanleikakönnun ljúki fyrir helgi. Standist allt sem rætt hefur verið ganga kaupin eftir.

Gunnar Dungal, forstjóri Pennans, sagði í gær ekki tímabært að tjá sig um þetta mál. Ekki væri ljóst hvort þetta gengi eftir. Áður hefðu aðilar nálgast fyrirtækið með það fyrir augum að kaupa það.

Samkvæmt heimildum Markaðarins fer Kristinn Vilbergsson fyrir hópi kaupenda sem hafa sýnt félaginu áhuga og er kaupverðið í kringum tveir milljarðar króna.

Penninn er fjölskyldufyrirtæki sem hefur vaxið hratt síðustu ár og rekur allar helstu ritog bókaverslanir á landinu. Veltan í fyrra var um 4,3 milljarðar króna samkvæmt heimildum og hagnaður um 300 milljónir. Var það besta ár í sögu félagsins.

| Penninn stækkar |
|---|
| 1996 – kaupir **Eymundsson** |
| 2000 – kaupir **GKS** |
| 2000 – kaupir **Griffil** |
| 2003 – kaupir **Mál og menningu** |




# 7,6%*

**Peningabréf Landsbankans**

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta.
Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.04.2005–30.04.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -10% | 5% |
| Atorka | -1% | 2% |
| Bakkavör | 2% | 45% |
| Burðarás | -2% | 17% |
| Flaga Group | -1% | -19% |
| FL GROUP | -2% | 46% |
| Íslandsbanki | -2% | 17% |
| Kaupþing Bank hf. | -1% | 19% |
| Kögun | -1% | 32% |
| Landsbankinn | -1% | 34% |
| Marel | 0% | 15% |
| Og fjarskipti | -3% | 28% |
| Samherji | 0% | 9% |
| Straumur | 0% | 24% |
| Össur | -4% | 1% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

# Aukin útbreiðsla dagblaða



**DAGBLÖÐ** Útbreiðsla dagblaða jókst í heiminum í fyrra. Daglega seljast 395 milljónir eintaka.

Útbreiðsla dagblaða í heiminum jókst á síðasta ári um rúm tvö prósent.

„Þetta hefur verið frábært ár fyrir blaðaútgáfu,“ sagði Timothy Balding, talsmaður Alþjóðasamtaka dagblaða, og bætti við: „Það er langt síðan við höfum séð svona sölutölur. Það er greinilegt að dagblöð eru í mikilli sókn í heiminum“.

Sala auglýsinga í dagblöð jókst á sama tímabili um fimm prósent og hefur ekki verið meiri síðan árið 2000.

Daglega seljast 395 milljónir dagblaða í heiminum, þar af um fjórðungur í Kína. **-jsk**

# Nike hótar United

## Segist íhuga að rifta treyjusamningi sínum við Manchester United.



Íþróttavöruframleiðandinn Nike hefur hótað að rifta samningi sínum við enska knattspyrnuliðið Manchester United, bæti liðið ekki frammistöðu sína. Samningurinn er til þrettán ára og var undirritaður árið 2002.

„Chelsea vann deildina á síðasta ári, Arsenal bikarinn og Liverpool Evrópukeppnina. Það er því hægt að halda því fram að Manchester United sé fjórða besta liðið á Englandi í dag“, sagði Ian Todd, varaforseti markaðsdeildar Nike.

Samningurinn er metinn á 35 milljarða króna og er stærsti samningur sem íþróttavöruframleiðandi hefur gert við knattspyrnulið.

Í samningnum er kveðið á um að hann skuli endurskoðaður sumarið 2008.

Talið er fullvíst að Malcolm Glazer, hinn nýi eigandi Manchester United, sé ekki sáttur við þessa þróun, enda koma tólf prósent árstekna félagsins frá samningnum við Nike. **- jsk**

# Lykilmenn selja í Nýherja

Nokkrir af æðstu yfirmönnum Nýherja hafa frá því í mars á þessu ári verið að selja hlutabréf sín í fyrirtækinu. Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, segist engar áhyggjur hafa af þessu. Menn hafi ýmsar ástæður fyrir því að selja. Ekki sé óeðlilegt að æðstu yfirmenn þurfi að losa um fé. Sumt af þessu hafi verið skammtímafjárfesting.



**ÞÓRÐUR SVERRISSON** Menn eru að losa um fé.

Þorvaldur Jacobsen, framkvæmdastjóri kjarnalausna Nýherja, sem seldi fyrir rúma milljón í fyrradag, segir að gengi hlutabréfanna hafi verið hagstætt. Menn hafi verið að nýta sér það og ekkert annað felist í þessu.

Í gær hafði gengi hlutabréfa í Nýherja hækkað um 20,6 prósent frá áramótum og var 12,5. **- bg**

## VIÐSKIPTI YFIRMANNANNA

| Dags. | Nafn/staða | Söluvirði* | Virði** |
|---|---|---|---|
| 30. maí | Þorvaldur Jacobsen frkvstj. kjarnalausna | 1.353 | 100 |
| 19. maí | Erling Ásgeirsson frkvstj. notendalausna | 30.750 | 0 |
| 25. apríl | Tómas Jónsson lögfræðingur | 1.830 | 50 |
| 23. mars | Friðrik Þ. Snorrason markaðsstjóri | 417 | 0 |
| 22. mars | Kristján Jóhannsson frkvstj. hugbúnaðarlausna | 1.718 | 0 |

* Söluvirði í þúsundum króna
** Eign í þúsundum króna eftir viðskiptin

# Hóparnir verði klárir í júlí

Tveimur vikum áður en fjárfestar skila inn bindandi tilboðum í Símann þurfa þeir að vera búnir að mynda fjárfestahóp með minnst þremur óskyldum aðilum. Þeir hópar þurfa að uppfylla skilyrði einkavæðingarnefndar um eignatengsl eins og gilti um þá sem skiluðu inn óbindandi tilboðum.

Morgan Stanley sem aðstoðar einkavæðingarnefnd við sölu Símans, mun nú senda þeim tólf bjóðendum sem halda áfram í söluferlinu bréf þar sem þeim verður boðið að kynna sér svokallað gagnaherbergi Símans og halda kynningarfundi. Á grundvelli þeirrar vinnu munu bjóðendur ákveða hvort þeir skili inn bindandi tilboðum og hvaða verð þeir bjóði í fyrirtækið.

Samkvæmt einkavæðingarferlinu er miðað við að bindandi tilboð í Símann berist í lok júlí næstkomandi. **– bg**

# Pan Fish hækkar mikið

Verð á hlutabréfum í norska laxeldisfyrirtækinu Pan Fish hækkaði um fimmtung í norsku kauphöllinni á mánudag. Félagið seldi nýtt hlutafé fyrir 200 milljónir norskra króna þar sem eftirspurn var fjórum sinnum meiri en framboð. Upphæðinni verður varið til að endurfjármagna félagið. Sérfræðingar spá því að félagið verði jafnvel yfirtekið en mikið skattalegt hagræði getur fylgt því að yfirtaka það.



**PAN FISH HÆKKAR** Hlutafjárútboð Pan Fish gekk vel og var mikil umframeftirspurn. Verð á hlutabréfum í Pan Fish hækkaði um 20 próesent á norska markaðnum í gær.

Henning Lund, hjá Kaupþing banka í Noregi, mælir með kaupum í Pan Fish að því er kemur fram hjá Dow Jones-fréttaþjónustunni. Bankinn segir að verðmatsgengi á félaginu sé 1,5 norsk króna en lokagengi mánudagsins var 1,33 norskar krónur.

„Þetta er í fyrsta skipti í tvö ár sem mælt er með kaupum í Pan Fish,“ segir Valdimar Halldórsson, sérfræðingur hjá greiningu Íslandsbanka, en fyrirtækið hefur lækkað gríðarlega á undanförnum árum. „Verð á frystum og ferskum laxi hefur verið á uppleið og lítur út fyrir að það sé bjartara yfir rekstri Pan Fish en oft áður.“ **- eþa**

# Eign Magnúsar í Samson um 12 milljarðar

## Ekki er endanlega búið að ganga frá sölu Magnúsar Þorsteinssonar á hlut hans í Samson eignarhaldsfélagi og Samson Global Holding. Félögin eiga hluti í Landsbankanum og Burðarási fyrir um 80 milljarða króna.

**Dögg Hjaltalín**
skrifar

Magnús Þorsteinsson hyggst selja hlut sinn í Samson en hann segist aðspurður ekki vita hvert verðmæti hlutarins sé. Ef miðað er við núverandi markaðsvirði Landsbankans og Burðaráss, sem Samson á stóran hlut í, er hlutur Magnúsar um 12 milljarðar króna. Ekki liggur fyrir hversu mikið Samson skuldar á móti eignum sínum. Samson eignarhaldsfélag, sem á tæpan 45 prósenta hlut í Landsbankanum og Samson Global Holding, sem á tæp 20 prósent í Burðarási, hafa til þessa verið í eigu þeirra Björgólfs Thors Björgólfssonar, Björgólfs Guðmundssonar og Magnúsar en nú skilja leiðir. Magnús átti 14,5 prósenta hlut í Samson.

Samson Global Holding átti upphaflega hlut í Straumi Fjárfestingarbanka en hann var seldur að hluta til í skiptum fyrir hlut í Eimskipi haustið 2003. Félagið bætti svo við sig og nú seinast kom það að kaupum Burðaráss á Kaldbaki.

Samson keypti Landsbankann á tæpa 12 milljarða króna og því hefur hlutur Magnúsar numið tæpum tveimur milljörðum á þeim tíma. Virði hlutar hans í Landsbankanum er nú hátt í 10 milljarða króna. Gengi bréfa í Landsbankanum hefur fjórfaldast síðan Samson keypti fyrir rúmum tveimur árum. Gengi bréfa í Burðarási hefur tvöfaldast frá því að Samson byrjaði að kaupa seinni part ársins 2003.



Fréttablaðið/E.Ól

**MAGNÚS ÞORSTEINSSON, STJÓRNARFORMAÐUR AVION GROUP** Ætlar að einbeita sér að fjárfestingum í almennri flutningastarfsemi.

Samson-félögin verða eftir viðskiptin eingöngu í eigu Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors.

Magnús Þorsteinsson á um 75 prósenta hlut í Avion Group og er hann stjórnarformaður fyrirtækisins. Einnig situr Magnús í stjórn Actavis og Eddu. Í fréttatilkynningu um áætlaða sölu segir að Magnús hyggist með þessari ákvörðun einbeita sér að fjárfestingum í almennri flutningastarfsemi og flugrekstri. Magnús er aðaleigandi Avion Group, sem á og rekur flugfélögin Air Atlanta og Excel Airways.

# Betra verð en áður hefur verið boðið

## Verðið nokkuð hærra en verðmat bankanna en á móti kemur að greiðslan er að hluta til í bréfum í Avion Group.

Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss, segir aðra aðila hafa sýnt félaginu áhuga en betra verð fáist nú fyrir Eimskip en áður hafi verið boðið.

Fyrir fjórum mánuðum höfðu forsvarsmenn FL Group áhuga á að kaupa Eimskip af Burðarási en ekkert varð af því. Verðhugmyndir Burðaráss voru mun hærri en væntanlegir kaupendur voru tilbúnir að greiða. Þeir vildu greiða um 20 milljarða samkvæmt heimildum Fréttablaðsins en Burðarás vildi fá mun hærri fjárhæð fyrir Eimskip.

Verðið sem Avion greiddi fyrir Eimskip er því með hærra móti en Burðarás fær þó ekki allt söluvirðið greitt í peningum. Avion greiðir um níu milljarða með bréfum í félaginu.

Virði Eimskips samkvæmt greiningardeildum bankanna hefur verið í kringum 20 milljarða að undanförnu. Greiningardeild Íslandsbanka sendi frá sér verðmat í gær sem hljóðaði upp á 21 milljarð króna. Landsbankinn mat Eimskip á um 19 milljarða á síðasta ári. KB banki hefur ekki sent frá sér verðmat. **-dh**

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

410 4000 | www.landsbanki.is

# Nýjung hjá VISA – rafrænt í stað pappírs



## Viltu minnka pappírsflóðið?

Það er ódýrast að skoða VISA-yfirlitið í heimabankanum, afþakka yfirlit í pósti og láta skuldfæra reikninginn.

| Útskriftargjöld: | Kr. |
|---|---|
| Netyfirlit og skuldfært af reikningi | 50 |
| Yfirlit í pósti og skuldfært af reikningi | 95 |
| Netyfirlit og rafrænn greiðsluseðill | 180 |
| Yfirlit í pósti og greitt með greiðsluseðli | 270 |

**Þú getur afþakkað pappírsyfirlitið á www.visa.is**

VISA – ávallt í fararbroddi með tæknilegar nýjungar.

VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf.  Sími 525 2000  www.visa.is

VISA

Sparisjóður Vestfirðinga:

# Næststærsti eigandinn íhugar sölu

Innan bæjarstjórnar Vesturbyggðar er áhugi fyrir því að selja allt stofnfé sveitarfélagsins í Sparisjóði Vestfirðinga. Hlutur sveitarfélagsins er um átján milljónir króna og er það næststærsti stofnfjáreigandinn á eftir KB banka. Guðmundur Sævar Guðjónsson, forseti bæjarstjórnar Vesturbyggðar, segir að sveitarfélagið hafi keypt stofnfé í Eyrarsparisjóði á Patreksfirði á sínum tíma til að tryggja rekstur sjóðsins. Hinn sameinaði sparisjóður á Vestfjörðum er orðinn það sterk stofnun að nú gæti verið góður tími fyrir sveitarfélagið til að losa um fjármuni.



Fréttablaðið/Vilhelm

**GUÐMUNDUR SÆVAR GUÐJÓNSSON, FORSETI BÆJARSTJÓRNAR VESTURBYGGÐAR** Til greina kemur að Vesturbyggð selji allt sitt stofnfé í Sparisjóði Vestfirðinga.

„Við munum eiga fund með stjórnendum sparisjóðsins á næstunni með það í huga að óska eftir innlausn stofnfjár," segir Guðmundur Sævar. **- eþa**

# Spá vaxtahækkun

Markaðsaðilar reikna með að Seðlabankinn tilkynni um vaxtahækkun samhliða útgáfu Peningamála á föstudaginn. Í morgunkorni Íslandsbanka í fyrradag er spáð vaxtahækkun upp á 0,25 til 0,5 prósent. Stýrivextir standi nú í níu prósentum og verði líklega komnir í tíu prósent fyrir lok þessa árs. Hærra fari bankinn sennilega ekki með vextina nema gengi krónunnar taki að falla á tímapunkti sem ekki sé bankanum þóknanlegur með tilliti til þenslu.

Spáir greiningardeild Íslandsbanka að gengið muni sennilega standa í stað fram að útgáfu peningamála. Gengið verði áfram hátt út þetta ár og á næsta ári. **- bg**



**BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON** Talið er að hann íhugi að hækka stýrivexti Seðlabankans enn frekar.

# Khodorkovskí fékk níu ára fangelsisdóm

Sakfelldur í sex af sjö ákæruliðum.

Rússneski auðkýfingurinn Mikhaíl Khodorkovskí hefur verið dæmdur í níu ára fangelsi. Ákæran á hendur Khodorkovskí var í sjö ákæruliðum og var hann fundinn sekur í sex þeirra, meðal annars fyrir fjár- og skattsvik.

Kveðinn var upp dómur á tólfta degi dómsuppkvaðningar, en í Rússlandi er sá háttur hafður á að dómari les upp öll málsgögn áður en dómur er kveðinn upp. Er í mörgum tilfellum um mörg þúsund blaðsíður að ræða. Hver blaðsíða tekur um tíu mínútur í upplestri.

Khodorkovskí sagði það ekki á færi neins heilbrigðs manns að skilja það sem gerst hefði.

Stuðningsmenn Khodorkovskís segja réttarhaldinu stýrt af Pútín Rússlandsforseta og að verið sé að refsa Khodorkovskí fyrir stuðning við stjórnarandstöðuflokka og reynt að koma í veg fyrir að hann bjóði sig sjálfur fram í næstu forsetakosningum.



**MIKHAÍL KHODORKOVSKÍ** Fundinn sekur í sex ákæruliðum af sjö. Stuðningsmenn Khodorkovskís segja réttarhaldið af pólitískum toga.

Næstu forsetakosningar fara fram 2008 og verður Khodorkovskí því fjarri góðu gamni. Lögfræðingar Khodorkovskís hafa tilkynnt að hann hyggist áfrýja dómnum. **- jsk**

# Vilja ekki launaleynd

„Svonefnd launaleynd er ekki heppileg starfsmannastefna og þjónar hvorki hagsmunum eigenda, stjórnenda né starfsmanna fyrirtækja," segir í ályktun sem hátt í tvö hundruð konur á ráðstefnu um tengslanet kvenna á Bifröst samþykktu 27. maí síðastliðinn.

„Upplýsingar um laun og kjör á vinnumarkaði auka gagnsæi markaðarins og eru um leið forsenda þess að unnt sé að vinna að sameiginlegu hagsmunamáli allra á vinnumarkaði – að útrýma kynbundnum launamun," segir þar jafnframt.

Eru atvinnurekendur hvattir til að endurskoða svonefnda launaleynd. Hún gangi gegn markmiðum jafnréttislaga. **- bg**

# Lekinn líklega frá bönkunum

## Kaupin á Amide snerust ekki að öllu leyti um peninga. Forsvarsmenn félagsins eru ánægðir með að komast inn á mikilvægasta markaðinn á hagstæðu verði. Kaupin styðja fjárfestingar á Indlandi.

**Björgvin Guðmundsson**
**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifa

Róbert Wessman, forstjóri Actavis, sagði á fundi með fjárfestum í síðustu viku, þegar kaupin á bandaríska samheitalyfjafyrirtækinu Amide voru kynnt, að stjórnendur félagsins hefðu þurft að hafa mikið fyrir því að koma þessum viðskiptum á. Amide var í eigu fjölskyldu af indverskum uppruna, sem ætlaði sér ekki að selja fyrirtækið í fyrstu. Viðskiptin hefðu ekki snúist að öllu leyti um peninga en kaupverðið var 33 milljarðar króna auk árangurstengdra greiðslna. Á endanum taldi fjölskyldan hugmyndir Actavis um uppbyggingu starfsemi á Indlandi það áhugaverðar að ákveðið var að ganga til samninga. Á aðalfundi Actavis í lok mars lýsti Róbert því yfir að félagið vildi fjárfesta í rannsóknar- og þróunarstarfi Indlandi á sama tíma og það stæði í fyrirtækjakaupum á Bandaríkjamarkaði, mikilvægasta samheitalyfjarmarkaðnum.

Viðskipti með hlutabréf Actavis voru stöðvuð þegar viðræður um kaupin stóðu sem hæst 13. maí síðastliðinn. Var talin hætta á að upplýsingar um kaupin hefðu lekið út til fjárfesta en verð á hlutabréfum í félaginu hækkuðu um þrjú prósent við upphaf viðskiptadags. Hátt settur starfsmaður Actavis sagði við blaðamann Markaðarins að lekinn hefði líklega verið frá bönkunum en ekki fyrirtækinu.

Í síðasta tölublaði Markaðarins var Halldór Kristmannsson, forstöðumaður innri og ytri samskipta Actavis, spurður hvort þetta hefði verið athugað innan fyrirtækisins. Rétt er að taka fram að hann var ekki að tjá sig um kaup Burðarás á bréfum í Actavis, sem voru efni fréttarinnar. Var einungis óskað eftir svari hans við þeirri spurningu hvort líkur væru á því að upplýsingar hefðu borist frá fyrirtækinu sjálfu.



Markaðurinn/Vilhelm

**RÓBERT WESSMAN** Þurfti að hafa mikið fyrir kaupum á Amide.

**Á endanum taldi fjölskyldan hugmyndir Actavis um uppbyggingu starfsemi á Indlandi það áhugaverðar að ákveðið var að ganga til samninga.**

# Aker Seafoods á markað

## Fyrirtækið varð á dögunum fimmta sjávarútvegsfélagið sem er skráð í norsku kauphöllinni.

Á sama tíma og útgerðarfyrirtækin týna tölunni í íslensku kauphöllinni fjölgar þeim í þeirri norsku. Á dögunum varð Aker Seafoods það fimmta sem skráir sig á norska markaðinn. Fyrir voru Fjord Seafood, Leroy Seafood, Domstein og Pan Fish. Fyrirtækið varð til þegar Norway Seafoods, félag í eigu athafnamannsins Kjell Inge Rökke, keypti tvö útgerðar- og vinnslufyrirtæki, West Fish Aarsæther og Nordic Sea Holding. Um risafyrirtæki er að ræða sem gerir út sextán togara og veltir um 24 milljörðum króna. Talið er að Rökke og stjórnendur félagsins hafi hug á að fækka skipum í tengslum við þær breytingar sem eru að verða á norskri fiskveiðistjórnun.

Umframeftirspurn eftir nýju hlutfé var tvöföld í útboði sem haldið var í tengslum við skráninguna. Útboðsgengið var 29 norskar krónur á hlut. Markaðsverðmæti félagsins er því tæpir fimmtán milljarðar króna. Gert er ráð fyrir að félagið skili 75 milljóna norskra króna hagnaði fyrir skatta á þessu ári, sem samsvarar um 750 milljónum króna. Á næsta ári áætla stjórnendur Aker Seafoods að hagnaður fyrir skatta verði um 1.620 milljónir króna.

DnB NOR, sem hafði umsjón með útboðinu, hefur verðlagt Aker Seafoods á 37 norskar krónur. **- eþa**



**KJELL INGE RÖKKE** Rökke er aðaleigandi Aker Seafoods, sem bættist við á norska hlutabréfamarkaðinn á dögunum.


SKJALASKÁPAR
SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR
-og allt á sínum stað!



ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF
Sundaborg 3 • sími 568 4800
www.olafurgislason.is



# Hafðu okkur í þínum plönum

Til að tryggja hámarks gæði og endingu í samræmi við kröfur nútímans notar Steypustöðin ehf. nýjustu tækni við framleiðslu á hellum og steinum. Hver hella er samasett úr tveimur lögum sem steypt eru samtímis.

Framleiðsla okkar fylgir gæðastöðlunum ÍST EN 1338:2003 og ÍST EN 1339:2003

## Á yfirborðinu skuluð þið þekkja þær



*__Í efra lagið__ er notaður ljós og harður sandur frá Noregi sem gefur endingarmikla og fallega áferð.*

*__Í neðra lagið__ er notuð þétt steypa þar sem uppistaðan eru sterk íslensk fylliefni*

## Planaðu með okkur

Pantaðu tíma í ráðgjöf hjá landslagsarkitektum Steypustöðvarinnar ehf. um val á hellum og steinum.

*Söludeildin er opin kl. 8-18 virka daga og 10-14 laugardaga*

**540 6800**



## Hellur & steinar

*Fáðu sendan nýjan bækling okkar um hellur og steina eða kynntu þér úrvalið á* ***www.steypustodin.is***

*Hellur og steinar fást einnig í verslunum* ***Byko***



STEYPUSTÖÐIN

www.steypustodin.is

| ÚTRÁSARVÍSITALA | | | 108,84 | | -1,1% |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fyrirtæki** | **Land** | **Gengi** | **Gjald-miðill** | **(Gengi gjaldmiðils)** | **Breyting** |
| BTC | Búlgaría | 392,0 | Lev | 41,17 | -7,2% |
| Carnegie | Svíþjóð | 76,0 | SEK | 8,80 | -0,3% |
| deCode | Bandaríkin | 7,3 | USD | 64,56 | -5,6% |
| EasyJet | Bretland | 2,3 | Pund | 117,76 | -11,8% |
| Finnair | Finnland | 6,9 | EUR | 80,73 | -3,9% |
| French Connection | Bretland | 2,7 | Pund | 117,76 | -1,5% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 51,8 | SEK | 8,80 | -2,3% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,1 | Pund | 117,76 | -8,2% |
| NWF | Bretland | 5,7 | Pund | 117,76 | -3,7% |
| Scribona | Svíþjóð | 14,1 | SEK | 8,80 | -2,8% |
| Singer & Friedlander | Bretland | 3,1 | Pund | 117,76 | -5,2% |
| Skandia | Svíþjóð | 41,2 | SEK | 8,80 | -1,6% |
| Somerfield | Bretland | 2,0 | Pund | 117,76 | -5,3% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða 30. maí 2005

# Allt of feitir

Borgarstjórn kínversku borgarinnar Sjanghæ hefur skipað embættismönnum sínum að stunda líkamsrækt. Borgarstjórnin segir 15 prósent starfsmanna sinna of feita og aðeins 30 prósent þeirra í góðu líkamlegu formi.

„Embættismenn borgarinnar eiga við offitu- og hjartavandamál að stríða, þeir eru líka með léleg lungu og hafa nánast ekkert jafnvægisskyn,“ sagði Zhang Chengyao, forsvarsmaður Xuhai-íþróttaskólans í Sjanghæ.

Embættismönnunum er gert að mæta að minnsta kosti einu sinni í viku í líkamsrækt, að öðrum kosti fá þeir ekki greidd laun.

Yfirmenn heilsugæslumála í Sjanghæ segja menn í viðskiptageira borgarinnar eiga við svipaðan vanda að stríða: „Þeir vinna mikið og hafa lítinn tíma. Flestir þeirra vita ekki einu sinni hvað líkamsrækt er,“ sagði Zhang og bætti við hneykslaður: „Mikill minnihluta þeirra á kort í líkamsræktarstöð“. - jsk



**SJANGHÆ.** Yfirvöld í borginni segja embættismenn og fólk úr viðskiptalífinu vera í lélegu formi.

# Evran veikist gagnvart dal

Evran veiktist gagnvart Bandaríkjadal eftir að fréttir bárust af því að Frakkar hefðu hafnað stjórnarskrá Evrópusambandsins í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Fást nú rúmlega 1,25 dalir fyrir hverju evru.

„Þetta kemur ekki á óvart. Markaðurinn var undir þetta búinn, annars hefðu áhrifin orðið enn meiri“, sagði hagfræðingurinn Jörg Krämer hjá HVB-bankanum.

Frakkar höfnuðu stjórnarskránni rúm 55 prósent sögðu nei. Áður höfðu níu Evrópuríki samþykkt stjórnarskrána. - jsk



**EVRAN** Veiktist gagnvart dalnum eftir að Frakkar höfnuðu stjórnarskrá Evrópusambandsins.


## ÁTT ÞÚ REKSTUR TIL AÐ SELJA?

Vegna snarprar sölu á minni fyrirtækjum undanfarið óskum við eftir fyrirtækjum á skrá, velta allt að 100 milljónir.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

## HAMBORGARASTAÐUR

Á góðum stað í góðum rekstri til margra ára, nú er tækifærið að gerast eigin herra, góð framlegð mikil sala.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

## GRILLVAGN

Lítill grillvagn á frábærum stað
Möguleiki á að leigja með forkaupsrétti.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

## VIÐGERÐAR OG DEKKJAVERKSTÆÐI

Í glæsilegu nýuppgerðu leiguhúsnæði á besta stað. Velta 18 milljónir á ári og nægt pláss til að auka hana verulega.

HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík

533 4300

Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali


# Efnahagsumbætur á dagskránni

**Frakkar höfnuðu um helgina stjórnarskrá Evrópusambandsins. Sérfræðingar segja þó ekki víst að niðurstaðan muni hafa mikil áhrif á efnahag Evrópu. *Jón Skaftason* kynnti sér málið.**

Jaques Chirac Frakklandsforseti, sem var eindreginn stuðningsmaður stjórnarskrárinnar, sagði er úrslit voru kunn að hann virti ákvörðun frönsku þjóðarinnar en viðurkenndi þó að hann hefði orðið fyrir sárum vonbrigðum: „Eftir þetta verður erfitt fyrir Frakkland að verja hagsmuni sína innan Evrópusambandsins“.

Andstaða við stjórnarskrána kom bæði frá hægri og vinstri en af ólíkum ástæðum þó. Vinstrimenn telja að hefði stjórnarskráin verið samþykkt hefði það leitt til óheftrar markaðsstefnu.

Hægrimenn vilja hins vegar að Evrópusambandið verði eingöngu viðskiptasamband, þar sem flæði fjármagns, varnings, þjónustu og fólks er frjálst. Þeir segja Evrópusambandið ekki eiga að skipta sér af stjórnmálum aðildarlandanna.

Telja hægrimenn að höfnun stjórnarskrárinnar hafi verið fyrsta skrefið í þá átt.

David Bowers hjá ráðgjafafyrirtækinu Merrill Lynch segir að viðbrögðin kunni að valda vinstrimönnum vonbrigðum:



Fréttablaðið/GettyImages

**FRAKKAR HÖFNUÐU STJÓRNARSKRÁNNI** Vinstrimenn vonast til að í kjölfarið hægist á markaðsumbótum. Ekki er þó víst að þeim verði að ósk sinni.

„Vissulega er það rétt að einhver töf kann að verða á markaðsumbótum í Frakklandi en til langs tíma er líklegt að fólk hætti að hafa áhyggjur af stjórnskipulegum málefnum og vilji markaðsumbætur. Þar er árangur allur sýnilegri“.

Ýmsir framámenn í frönskum stjórnmálum vöruðu við því fyrir kosningarnar að ef Frakkar höfnuðu stjórnarskránni myndi pólitískt óvissuástand skapast: fyrirtæki myndu hika við að fjárfesta í Evrópu og atvinnuleysi þar af leiðandi aukast og samkeppnishæfni minnka gagnvart Bandaríkjunum og Asíu.

Það er helst gengi evrunnar sem ber að hafa áhyggjur af í því sambandi, segir Ian Stewart, starfsbróðir David Bowers hjá Merrill Lynch: „Styrkur gjaldmiðils ræðst frekar af pólitískum stöðugleika og lögmæti stjórnvalda meðal almennings en efnahagslegri frammistöðu“.

Sérfræðingar segja að efnahagslegra afleiðinga úrslitanna í Frakklandi verði ekki vart strax. Evran hafi vissulega veikst undanfarnar vikur en það megi frekar rekja til slakrar efnahagsframmistöðu nokkurra evrópskra risa: Ítala, Frakka og sérstaklega Þjóðverja.

Það lítur því allt út fyrir að áhrif úrslitanna í Frakklandi verði lítil á evrópska hagkerfið samanborið við þau áhrif sem slök frammistaða hinna evrópsku hagkerfa, aukið atvinnuleysi og mannafli sem sífellt eldist hafa haft.

## SÖGUHORNIÐ

# Fjármálaráðherra Hitlers deyr

Hjalmar Schacht, Seðlabankastjóri Þýskalands og fjármálaráðherra Hitlers, lést annan júní árið 1970 og eru því 35 ár frá dauða hans um þessar mundir.

Dr. Horace Greely Hjalmar Schacht fæddist árið 1877 og var sonur þýsks aðalsmanns og danskrar barónessu. Hann var skírður í höfuðið á bandaríska blaðamanninum Horace Greely, en móðuramma hans krafðist þess að Hjalmarsnafninu yrði bætt við til að undirstrika danskan uppruna drengsins.

Schacht lagði stund á háskólanám í læknisfræði og stjórnmálafræði áður en hann varð doktor í hagfræði árið 1899.

Hann tók sæti í bankaráði Þýska seðlabankans 1916, og var fljótlega falin yfirumsjón með gjaldeyrisstefnu landsins. Var Schacht öðrum fremur þakkað að tókst að hemja verðbólguna sem geisaði eftir fyrri heimsstyrjöldina og að þýska markið náði stöðugleika á ný. Var hann í kjölfarið gerður að Seðlabankastjóra.

Schacht var aldrei formlega meðlimur í Nasistaflokknum en varð engu að síður fyrir djúpstæðum áhrifum frá Hitler eftir að hafa lesið Mein Kampf. Hann hjálpaði Hitler að safna fé fyrir flokkinn og studdi hann til kanslaraembættis.



**HJALMAR SCHACHT FJÁRMÁLARÁÐHERRA OG SEÐLABANKASTJÓRI** Hitler hafði mikla trú á Schacht og skipaði hann í hin ýmsu embætti á vegum Þriðja ríkisins. Seinna sinnaðist þeim og Hitler vék Schacht úr þjónustu sinni.

Hitler þakkaði Schacht síðan stuðninginn með því að gera hann að fjármálaráðherra sínum. Schacht réðst strax í að ráða niðurlögum atvinnuleysis í landinu, og lét hefja miklar stórframkvæmdir í þeim tilgangi. Meðal annars fyrirskipaði hann lagningu hinna þýsku autobahn-hraðbrauta, en þær framkvæmdir áttu stóran þátt í að koma þýsku efnahagslífi aftur á réttan kjöl.

Síðar sinnaðist Schacht við Hitler og sagði af sér þar sem hann taldi að stríðsreksturinn myndi leiða til mikillar verðbólgu.

Hitler gerði Schacht þá aftur að Seðlabankastjóra og sat hann í því embætti til 1939. Schacht var þó embættislaus á launum til 1943 er Hitler sakaði hann um að hafa átt þátt í morðtilraun við sig og vék honum endanlega úr þjónustu sinni.

Schacht var ákærður fyrir stríðsglæpi er heimsstyrjöldinni lauk en sýknaður við Nürnbergréttarhöldin og varð síðar sérlegur efnahagsráðgjafi ýmissa þróunarlanda. - jsk

ALNO®



1831 / TAKTÍK 11.3'05

Láttu þér líða vel með ALNO®





OPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18



PANORAMA
ELDHÚS • TÆKI • STIGAR • BAÐ • FATASKÁPAR
. . . . miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
S. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www.panorama.is

# Ofbeldi smitandi



**SMITANDI** Í nýrri bandarískri rannsókn er ofbeldi líkt við smitsjúkdóm.

**Samkvæmt nýrri bandarískri rannsókn tvöfaldast líkur á því að unglingur grípi til ofbeldis verði hann vitni að ofbeldisglæp þar sem skotvopn koma við sögu.**

**Felton Earls, prófessor við Harvard-háskóla, segir að helst megi líkja ofbeldi við smitsjúkdóm: „Ef tekst að koma í veg fyrir einn glæp má koma í veg fyrir smit, það er að segja að fleiri glæpir verði framdir í kjölfarið af þeim sem urðu vitni að glæpnum“.**

**Earls leggur til að skólar kenni börnum að forðast ofbeldi: „Stundum er rétt að bjóða hinn vangann. Þetta verður að kenna nemendum á unga aldri“.** - jsk

# Auka áhuga á Bandaríkjaher




Bandaríski herinn hefur á undanförnum árum reitt sig í auknum mæli á tölvuleiki til þess að hvetja ungt fólk, einkum unga karlmenn, til að skrá sig í herinn.

Tölvuleikurinn America's Army er netleikur þar sem leikendur taka þátt í ýmsum hernaðaraðgerðum og þurfa að leysa þrautir sambærilegar við þær sem tíðkast í æfingabúðum hermanna. Bandaríkjaher telur að leikurinn dragi úr neikvæðri ímynd hersins hjá ungu fólki og auki líkur á því að ungt fólk velji herinn sem starfsvettvang.

Leikinn er hægt að nálgast á netinu en verið er að hanna útgáfur fyrir vinsælar leikjatölvur á borð við X box frá Microsoft og PlayStation frá Sony. - þk

# Flatskjáir verða enn þynnri

Samsung hefur brotið blað í sjónvarpstækni með framleiðslu á fjörutíu tommu sjónvarpsskjá sem byggist á svokallaðri OLED-tækni. Tækið er aðeins örfárra sentimetra þykkt og búast má við að fljótlega verði hægt að framleiða stór sjónvarpstæki sem eru aðeins um þriggja sentimetra þykk.



Myndgæði í OLED-skjáum eru sambærileg eða betri en bæði LCD- og plasmaskjáir bjóða upp á en búast má við að nokkur ár líði þar til örþunn OLED-sjónvörp verða fáanleg á viðráðanlegu verði í raftækjaverslunum. Þó telja sérfræðingar að aðferðir Samsung geti skilað vörunni á markað fyrr en ella því mögulegt verður að notast við sömu framleiðslulínur og verksmiðjur fyrir nýju tæknina og nú eru notuð við framleiðslu á LCD- og plasmaskjám. - þk

# Netverslun eykst í Bretlandi

Netverslun hefur aukist í Bretlandi um 30 prósent síðan í febrúar á meðan önnur verslun hefur minnkað um 4,2 prósent.

Ríflega tuttugu milljónir breskra neytenda versluðu á netinu í apríl og eyddu samanlagt 175 milljörðum króna.

James Roper, talsmaður fyrirtækisins IMRG, sem fylgist með netverslun Breta, hafði þetta um málið að segja:

„Breskir neytendur vita að verslunarmenn hafa árum saman okrað á þeim með því að bjóða upp á hátt verð og slaka þjónustu. Internetið gerir þeim kleift að bera saman verð og þjónustu á auðveldan máta. Breskir neytendur hafa greitt atkvæði með lyklaborðum sínum.“



**VERSLAR ENN UPP Á GAMLA MÁTANN** Æ fleiri breskir neytendur kjósa þó að versla á netinu.

Netsala er nú 7 prósent af heildarsölu og spáir IMRG að 2010 verði þetta hlutfall orðið 20 prósent. - jsk

# Stelpustrákar

Efni sem líkja eftir kvenkynshormóninu estrógen og finnast meðal annars í plasti geta hægt á þroskaferli ungra drengja.

Rannsókn var gerð á mæðrum sem áttu von á drengjum og komust reglulega í snertingu við efnin og reyndust drengirnir hafa óeðlilega hátt hlutfall kvenhormóna þegar þeir komu úr móðurkviði auk þess sem kynfæri margra drengjanna höfðu ekki náð eðlilegum þroska.

Fred vom Saal, prófessor við Missouri-háskóla, segir aukið hlutfall kvenhormóna í líkama drengja geta haft slæmar afleiðingar: „Þetta getur leitt til atferlisbreytinga. Drengirnir verða líklega ljúfari í umgengni en gengur og gerist. Við gætum hreinlega þurft að endurskilgreina karlmennskuna“.



**SYLVESTER STALLONE** Móðir hans komst líklega ekki í snertingu við plastefni á meðgöngunni.

Umhverfisverndarsinnar hafa farið fram á að efnin sem um ræðir verði bönnuð. - jsk

# Hundraða milljarða tjón vegna ólöglegs innhals

## Yfirvöld í Bandaríkjunum tóku fasta nokkra af umsvifamestu dreifendum efnis í Bit Torrent-samfélaginu eftir að nýjustu Star Wars-myndinni var stolið fyrir frumsýningu. Talið er að allt að helmingur netumferðar í heiminum sé vegna gagnasendinga með þeim búnaði.

Þórlindur Kjartansson **skrifar**

Sú iðja að sækja tónlist og bíómyndir á netið hefur verið eigendum höfundarréttar mikill höfuðverkur síðustu ár. Flestir heyrðu fyrst af þessum möguleika þegar Napster-hugbúnaðurinn fór eins og eldur í sinu milli netverja.

Síðan hefur Napster látið af ólöglegu atferli en svo virðist sem í hvert einasta skipti sem lokað er fyrir eina slíka þjónustu spretti önnur og aflmeiri upp. Öflugasta skiptiþjónustan á netinu um þessar mundir er Bit Torrent. Gagnamagnið sem fer um netið vegna Bit Torrent er gríðarlegt og er áætlað að á milli þriðjungur og helmingur allrar umferðar á netinu í heiminum sé vegna sendinga á tónlist og kvikmyndum í gegnum kerfi Bit Torrent. Óhætt er að ætla að yfirgnæfandi meirihluti þessara sendinga sé kolólöglegur þar sem verið sé að senda efni sem varið er að höfundarrétti.

Lögregluyfirvöld víða um heim reyna hvað þau geta til að berjast gegn þessari ólöglegu starfsemi. Í síðustu viku braust bandaríska alríkislögreglan til atlögu við tíu meinta höfuðpaura í Bit Torrent-samfélaginu í kjölfar þess að nýjasta Star Wars-myndin var komin í ólöglega dreifingu áður en hún var frumsýnd.

Þetta er ekki óvenjulegt. Mjög oft er hægt að nálgast ólöglegt eintök af bíómyndum á netinu aðeins nokkrum klukkutímum eftir frumsýningu eða jafnvel fyrr. Við vitnaleiðslur í Bandaríkjaþingi um umfang netþjófnaðar fyrir skemmstu kom meðal annars fram að myndin hafi verið komin á netið nokkrum klukkutímum eftir frumsýningu, þaðan hafi hún svo borist bæði til Kína og Rússlands þar sem verksmiðjur hófust umsvifalaust handa við að þrykkja myndina á DVD-diska og eftir minna en viku voru ólöglegir DVD-diskar með myndinni komnir í sölu í Bandaríkjunum.

Kvikmyndaiðnaðurinn telur að árlega tapist um þrír og hálfur milljarður Bandaríkjadala vegna þjófnaðar, sem samsvarar um 230 milljörðum íslenskra króna.

Hér á landi hefur ólöglegt innhal á tónlist og bíómyndum verið þeim vandkvæðum háð að sérstaklega er rukkað fyrir innhal frá útlöndum. Þetta gæti þó verið að breytast nú eftir að netþjónustur hafa breytt þessari stefnu sinni. Íslenskir netverjar notast margir hverjir við DC++ samskiptaforrit til þess að sækja efni á netþjóna innanlands. Eftir því sem notendur eru stórvirkari, þeim mun betri aðgang fá þeir að efni. Þessi starfsemi er enn í ágætum blóma þrátt fyrir að lögregla hafi gert innrás á heimili nokkrurra stórnotenda síðasta haust og handtekið suma þeirra.

Meðal úrræða sem stjórnvöld hafa viljað grípa til í því skyni að stemma stigu við þjófnaði hugverka hefur verið skattlagning á geisladiska og DVD-diska. Þegar stungið var upp á þessari leið á Íslandi fyrir nokkrum árum varð það tilefni mikilla deilna og mótmæla og var mun lægri skattur settur á en til stóð.

Sú leið hefur nú verið farin í Svíþjóð að setja sérstakan skatt á bæði geisladiska og DVD-diska en þar var í síðustu viku samþykkt ný löggjöf um vernd höfundarréttar. Þar voru einnig tekin af öll tvímæli um að ólöglegt sé að hala inn efni sem varið er af höfundarréttarlögum. Hingað til hefur það þótt vera á gráu svæði hvort ólöglegt sé að taka við efni með þeim hætti þótt engin tvímæli séu um að dreifing og sala á ólöglegu efni sé ólögleg.




Ap mynd

**EKKI OPINBERA ÚTGÁFAN** Þessi útgáfa af spánnýrri Star Wars-myndinni lítur út fyrir að koma beint frá lögmætum framleiðanda en í raun er framleiðslan kolólögleg og eigendur höfundarréttarins fá ekki krónu fyrir söluna.

# Nýjung hjá iTunes

## Ný útgáfa forritsins mun gera fólki kleift að hala inn stafræna útvarpsþætti af netinu.

Apple-fyrirtækið hefur gefið það út að næsta útgáfa tónlistarforritsins iTunes muni gera notendum kleift að finna og gerast áskrifendur að svokölluðum podcasts, eða stafrænum útvarpsþáttum. Podcasts eru útvarpsþættir sem hægt er að sækja á netinu með réttum búnaði.



**APPLE IPOD** Notendur spilarans og Itunes-forritsins geta bráðum halað niður stafrænum útvarpsþáttum af netinu.

„Í næstu útgáfu Itunes sem mun koma út innan 60 daga verður búnaður sem gerir fólki kleift að hala inn og gerast áskrifendur að stafrænum útvarpsþáttum,“ segir í yfirlýsingu fyrirtækisins.

Slíkir útvarpsþættir njóta síaukinna vinsælda meðal notenda stafrænna spilara. Hver sem er getur búið til slíkan þátt heima í stofu, einungis þarf til hljóðnema, tölvu og nettengingu.

Þrátt fyrir nafnið er ekki nauðsynlegt fyrir hlustendur podcast-þátta að eiga iPod-spilara. Til eru ógrynnin öll af forritum sem gera mönnum kleift að hala slíka þætti inn á stafræna spilara, hvort sem þeir heita iPod eða eitthvað annað.

Líklegt þykir að Apple-menn séu með þessu nýja útspili sínu að tryggja að notendur iPod-spilarans haldi tryggð við iTunes-forritið. - jsk

# Uppblásanlegt bílaklósett

## Breskt fyrirtæki hefur hannað bílaklósett sérstaklega fyrir barnafjölskyldur og fólk með meltingartruflanir.

Breska fyrirtækið Daycar, sem hannar aukahluti fyrir bíla, kynnti á dögunum nýjustu afurð sína: uppblásanlegt bílaklósett.

Klósettið er blásið upp og í kringum það er blaðra sem blæs út þegar hún er tengd við sígarettukveikjara bílsins. Blaðran getur með góðu móti hýst tvo.

Talsmaður fyrirtækisins segir klósettið hannað fyrir fjölskyldur með börn en henta ekki síður fyrir fólk með meltingarsjúkdóma: „Í fyrstu var þetta ætlað barnafjölskyldum en eftirspurnin er ekki minni frá fólki með meltingarsjúkdóma“.



**ÞARF EKKI AÐ STOPPA LENGUR?** Óli H. Þórðarson, formaður Umferðarráðs, segir þó ekki æskilegt að menn geri þarfir sínar meðan á akstri stendur.

Þegar ekki er verið að nota klósettið má brjóta það saman og vegur það þá ekki nema átta kíló.

Í klósettinu eru enn fremur efni sem gera það að verkum að lyktin úr því er aldrei vond: „Úr verður vel lyktandi vökvi, sem helst ferskur í allt að átta daga,“ sagði talsmaðurinn.

Nú þegar hafa borist margar pantanir, meðal annars ein frá Ástralíu, en þarlendur maður hyggst gefa eiginkonu sinni eitt stykki í afmælisgjöf.

Óli H. Þórðarson, formaður Umferðarráðs, segir hugmyndina bráðskemmtilega en vonast þó til þess að menn blási salernið upp úti í náttúrunni en ekki í bílnum sjálfum.

Óli segir ekki æskilegt að menn geri þarfir sínar meðan á akstri stendur: „Ég hef alltaf haldið því fram að það sé full vinna að stjórna ökutæki og maður sem er að gera slíka hluti er ekki með hugann við aksturinn. Menn verða bara að halda í sér“. **- jsk**

# Lét hlera síma starfsmanna

## Stjórnarformaður dæmdur fyrir brot á friðhelgi einkalífsins. Neitar sakargiftum.

Fyrrverandi stjórnarformaður finnska símafyrirtækisins Sonera, Kaj-Erik Relander, hefur verið fundinn sekur um að hafa látið hlera síma starfsmanna sinna. Hlaut hann sex mánaða skilorðsbundinn dóm.

Samkvæmt finnskum lögum er einungis lögreglu heimilt að hlera síma að fenginni réttarheimild.

Relander, sem starfaði hjá fyrirtækinu í sex mánuði árið 2001, neitaði sakargiftum og sagðist einungis hafa reynt að komast að því hver hefði lekið upplýsingum úr fyrirtækinu. Sagði hann að verið væri að setja „slæmt fordæmi“ með dómnum og hyggst áfrýja.

Upplýsingalekinn átti sér stað þegar Sonera sameinaðist sænska fyrirtækinu Telia og úr varð stærsta fjarskiptafyrirtæki á Norðurlöndum.

Relander starfar nú fyrir fjármagnsfyrirtæki í London. **- jsk**



**KAJ-ERIK RELANDER, FYRRUM STJÓRNARFORMAÐUR SONERA** Dæmdur fyrir að hafa hlerað síma starfsmanna sinna. Hyggst áfrýja dómnum.

# Bóluefni gegn reykingum

## Svissneskt lyfjafyrirtæki segist hafa náð miklum árangri í prófunum með bóluefni gegn reykingum.

Svissneska lyfjafyrirtækið Cytos segist vera nálægt því að þróa bóluefni gegn reykingum. Þriðjung allra dauðsfalla vegna krabbameins má rekja til reykinga og því ljóst að slíkt bóluefni gæti haft mikið að segja í baráttunni við sjúkdóminn.

Þegar sígaretta er reykt berst nikótínið með blóðrásinni upp í heila og veldur skammvinnri sælutilfinningu. Það er þráin eftir því að endurupplifa þessa tilfinningu sem gerir fólk háð nikótíni.

Hugmyndin með bóluefninu er að stöðva nikótínið áður en það kemst upp í heila og koma þannig í veg fyrir sælutilfinninguna. Verði komið í veg fyrir hana mun fólk ekki hafa neina löngun í aðra sígarettu, segja vísindamennirnir.

Prófanir á lyfinu hafa gefið góða raun. 31 prósent þeirra sem tóku lyfið reykti ekki næstu tólf mánuði. Aðeins fimm prósent reykingafólks sem ekki fékk lyfið náðu þeim árangri.

Reykingamenn gætu þó þurft að reiða sig á nikótíntyggjóið enn um sinn því ekki er búist við bóluefninu á markað fyrr en að fimm árum liðnum. **-jsk**



**REYKINGAR** Svissneskir vísindamenn segjast nálægt því að þróa bóluefni gegn reykingum. Þriðjung allra dauðsfalla af völdum krabbameins má rekja til reykinga.

Það eru ekki endilega þeir stóru sem éta þá smáu.



og vodafone

Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!



**DANIEL HJORTH OG CHRIS STAYERT, SÉRFRÆÐINGAR Í FRUMKVÖÐLAFRÆÐUM** Segja áhugavert að bera saman viðhorf bandarískra fræðimanna og evrópskra.

### Hvað er frumkvöðlastarfsemi?

Frumkvöðlastarfsemi er skilgreind sem sérhver tilraun til þess að hefja sjálfstæða viðskiptastarfsemi, til dæmis með stofnun fyrirtækis. Þannig teljast þeir einstaklingar stunda frumkvöðlastarfsemi sem undirbúa stofnun fyrirtækis eða hafa nýlega stofnað fyrirtæki.

### Hvað eru frumkvöðlafræði?

Frumkvöðlafræði snúast um að rannsaka hvernig viðskiptatækifæri verða til, hvernig einstaklingar koma auga á þau og hrinda þeim í framkvæmd og hvaða einstaklingar það eru sem stunda þessa starfsemi.

# Að beisla eldmóðinn

Á dögunum var haldin á vegum Háskólans í Reykjavík ráðstefna í frumkvöðlafræðum. Ráðstefnan var sú fjórða í ráðstefnuröð sem hóf göngu sína árið 2001. Þema ráðstefnunnar var eldur, og umfjöllunarefnið annars vegar áhrif frumkvöðla á hið pólitíska landslag og hins vegar samband frumkvöðla- og fagurfræða. *Jón Skaftason* hitti fyrir tvo af skipuleggjendum ráðstefnunnar, þá Daniel Hjorth, prófessor við Växjö-háskólann í Svíþjóð, og Chris Stayert, sem kennir við háskólann í St. Gallen í Sviss.

Félagarnir segja mikla grósku vera í frumkvöðlafræðunum. Fræðigreinin sé ung og því í sífelldri þróun. Hjorth segir að árið 1994 hafi til að mynda einn háskóli í Svíþjóð verið með fræðin á námskránni en nú séu þeir átta, og mikið fjör í bókaútgáfu: „Það má segja að greinin sé á unglingsaldri. Það er spennandi því þá gefst mikið rúm fyrir nýbreytni og frumlega hugsun“.

Hjorth og Stayert segjast trúir fræðunum og því hafa þeir ákveðið að þetta verði síðasta ráðstefnan í röðinni: „Ég held að það sé við hæfi að setja punktinn núna, annars er hætt við að úr verði einhvers konar stofnun og það væri ekki viðeigandi fyrir menn sem leggja stund á frumkvöðlafræði“, segir Hjorth.

Aðspurðir af hverju Ísland hafi orðið fyrir valinu segja þeir það rökrétt framhald af þemanu. Land sem þekkt sé fyrir eldfjöll og eldgos sé tilvalinn staður fyrir fund sem hafi eld að einkennismerki.

Einnig hafi Ísland verið viðeigandi staðsetning í ljósi umfjöllunarefnanna. Hagkerfið hér sé á fleygiferð og hlutabréfamarkaðurinn með þeim líflegustu í veröldinni. Listahátíð í Reykjavík geri svo tenginguna við fagurfræðin enn augljósari en ella.

Aðspurðir hvernig ráðstefnan hafi gengið fyrir sig segja þeir margt áhugavert hafa komið fram. Ekki síst sé fræðandi að bera saman viðhorf bandarískra fræðimanna annars vegar og evrópskra hins vegar:

„Í Bandaríkjunum er hugmyndin um frumkvöðulinn nánast orðin menningarlega inngróin. Þar reyna átta prósent þjóðarinnar að hefja eigin rekstur og reynt er að ýta undir frumkvöðlastarfsemi á öllum sviðum þjóðfélagsins, í Svíþjóð er þetta hlutfall eitthvað um þrjú prósent,“ segir Hjorth.

Stayert segir Evrópumenn tortryggnari gagnvart markaðsáherslum en Bandaríkjamenn. „Evrópumenn hafa ýmis önnur gildi í heiðri. Til dæmis mætti nefna áhersluna á velferð, sem alla tíð hefur verið mun meiri í Evrópu og þá kannski sér í lagi á Norðurlöndunum.“

Stayert telur að þrátt fyrir að í íslensku viðskiptalífi sé mikil gróska og hlutfall frumkvöðla með því mesta sem gerist sé Ísland frekar skylt Evrópu en Bandaríkjunum í þessum efnum. Hér séu samfélagsleg gildi ekki síður mikilvæg en markaðsgildin. - jsk

## „Allir tala um sjálfstæðan rekstur“

**Paul du Gay** er prófessor í félags- og skipulagsfræðum við Open University í Milton Keynes á Englandi. Hann hefur fjallað mikið um þær breytingar sem áttu sér stað í stjórnartíð Margaret Thatcher og gagnrýnt það sem kallað er enterprise culture eða frumkvöðlavæðing samfélagsins. Du Gay var staddur á Íslandi á dögunum í tilefni af frumkvöðlaráðstefnu á vegum Háskólans í Reykjavík. *Jón Skaftason* náði tali af honum í Listasafni Reykjavíkur.



**PRÓFESSOR PAUL DU GAY** Segir Breta undir stjórn Thatcher hafa farið of hratt í frumkvöðlavæðingu sína.

Du Gay segir Thatcher, sem tók við stjórnartaumunum í Bretlandi 1979, hafa talið hugarfar frumkvöðulsins nauðsynlegt á öllum stigum þjóðfélagsins ætti breska hagkerfið að rétta sig við og Bretland að losna við ímynd sína sem „hinn veiki maður Evrópu“.

Aðferðin til að ná fram þessum þjóðfélagslegu, og raunar ekki síður hugarfarslegu, breytingum væri að koma að markaðslausnum á sem flestum stigum þjóðfélagsins. Opinber rekstur ætti að líkjast einkarekstri eins og mögulegt væri.

Hið búrókratíska kerfi sem byggt var á hugmyndum Max Weber væri ekki lengur skilvirkt. Það væri hægvirkt, engin hvatning fyrir starfsfólk til að skara fram úr og of mikil áhersla væri lögð á ferlið sjálft á kostnað árangurs.

Með þetta í huga var ráðist í gríðarlega einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum, mikið var lagt upp úr að minnka alla skriffinnsku og ýtt undir vöxt smáfyrirtækja.

Du Gay segir að fyrst núna sé djúpstæðra viðhorfsbreytinga að verða vart. Hann taki sérstaklega eftir þessu í starfi sínu sem háskólakennari: „Það virðist enginn stefna á frama í stjórnmálum eða innan stofnana ríkisins lengur. Það tala allir um viðskiptahugmyndir og sjálfstæðan atvinnurekstur. Markaðsmódelinu er tekið sem sjálfsögðum hlut“.

Du Gay segir það vissulega rétt að lífsgæði hafi batnað og laun hækkað undir stjórn Thatcher og nú Tonys Blair en á móti komi að félagsþjónusta hafi minnkað til muna og því fari stærri hluti launa í þjónustu sem áður hafi verið á hendi ríkisins: „Hagkerfið er á vissan hátt falskt, og því má ekki bera saman tölur um innkomu fyrir og eftir byltingu Thatcher gagnrýnilaust“.

Frumkvöðlavæðingin hafi líka haft ýmislegt neikvætt í för með sér. Svo virðist sem enginn viti hver beri ábyrgð á nokkrum sköpuðum hlut. Meira að segja sé svo að í Bretlandi, þar sem ráðherraábyrgð hafi ávallt verið mikil og ráðherrar möglunarlaust vikið ef grunur hafi komið upp um misferli, séu ráðherrar í auknum mæli farnir að varpa ábyrgðinni yfir á einhverja aðra.

Ef upp komi vandamál í háskólum eða á spítölum bendi ráðherrarnir á að um sjálfstæða rekstraeiningu sé að ræða og segist ekkert hafa yfir henni að segja. Þetta hljóti að vera slæmt fyrir lýðræðið.

Einnig séu reglur ekki nægilega skýrar, sem hafi orðið til þess að ýmis gömul vandamál sem menn héldu sig lausa við hafi skotið aftur upp kollinum: „Klíkuskapur virðist vera að aukast. Þetta kemur ekki síst niður á konum á vinnumarkaðnum. Mikið er um strákaklíkur sem ráða bara inn jakkafataklædda félaga sína“.

Tækifærum til spilltra vinnubragða hafi líka fjölgað. Það sé afleiðing lauslegri reglna, sem geri mönnum kleift að fara frjálslega með fé: „Þrýstingur um sífellt aukna framleiðslu og að vera í fararbroddi hins nýja hnattvædda heims hefur eflaust eitthvað um þetta að segja“.

Hann segir að með þessu móti hafi tapast milljarðar króna í Bretlandi og í Bandaríkjunum hafi svipaðir hlutir átt sér stað: „Flestir muna eftir Enron-hneykslinu, þar sem fótunum var kippt undan fjölda manns á augabragði“.

Du Gay telur þó að Norðurlöndunum hafi tekist betur að flétta saman gamla tíma og nýja. Hann hefur kynnt sér þessi mál í Danmörku og virðist honum ásýnd samfélagsins þar allt önnur og kannski betri en í Bretlandi.

Hann varar Íslendinga við að fara of hratt í sakirnar: „Kannski hefði verið betra fyrir okkur Breta að ráðast í breytingar á samfélaginu skref fyrir skref í stað þess að gera þetta í einu stökki. Auðvitað er nauðsynlegt að nútímavæða en það verður líka að halda eftir því sem gamalt er og hefur sannað gildi sitt“.

# Ný og betri bókunarleið á Netinu

**veljið dagsetningu** breyta leitinni

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Reykjavík til London** | 27 jún. 05 | +/- 3 dagar | **Farþegar:** | 1 |
| **London til Reykjavík** | 3 júl. 05 | +/- 3 dagar | **Fargjald:** | Almennt |

Verð miðast við fullorðna **án skatta**. Heildarverð að meðtöldum sköttum fyrir alla farþega verður birt á næstu stigum.

| | | **Til baka:** London - Reykjavík | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | fim. jún. 30 | fös. júl. 01 | lau. júl. 02 | sun. júl. 03 | mán. júl. 04 | þri. júl. 05 | mið. júl. 06 |
| **Á útleið:** Reykjavík - London | fös. jún. 24 | frá 21000 ISK | frá 23800 ISK | frá 21000 ISK | frá 23800 ISK | frá 21000 ISK | frá 21000 ISK | frá 21000 ISK |
| | lau. jún. 25 | frá 18200 ISK | frá 21000 ISK | frá 18200 ISK | frá 21000 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK |
| | sun. jún. 26 | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 25900 ISK | frá 23100 ISK | frá 23100 ISK | frá 23100 ISK |
| | mán. jún. 27 | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 23800 ISK | frá 21000 ISK | frá 21000 ISK | frá 21000 ISK |
| | þri. jún. 28 | frá 59800 ISK | frá 49800 ISK | frá 49800 ISK | frá 2100[illegible] ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK |
| | mið. jún. 29 | frá 69800 ISK | frá 59800 ISK | frá 49800 ISK | frá 210[illegible]0 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK |
| | fim. jún. 30 | frá 69800 ISK | frá 69800 ISK | frá 59800 ISK | frá 21[illegible]00 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK | frá 18200 ISK |

**Legend** = Umbeðin dags. = Lægsta verð ISK = Íslenskar krónur

Lægsta verð sem er í boði almennt á viðkomandi áfangastað

Umbeðnir ferðadagar á lægsta verði



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27851 04/2005

# Nú er **einfaldara, þægilegra og fljótlegra** að panta flug á www.icelandair.is

Um helmingur farþega með Icelandair pantar og greiðir fyrir flugfarið á Netinu.
Við höfum nú tekið í notkun nýtt og einfaldara leitar- og bókunarkerfi á vef okkar, www.icelandair.is. Notandaviðmótið er skýrt og þægilegt og leikur einn að kanna flugmöguleika á tilteknum dögum, skoða mismunandi verð og ganga frá pöntun og greiðslu.

**Kynntu þér málið og slástu í hóp þeirra tugþúsunda Íslendinga sem kaupa sér alltaf flugmiða á www.icelandair.is**

ICELANDAIR
www.icelandair.is



Fréttablaðið/KGB, Dögg

**KJARTAN ÓLAFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI FAKTA, ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS, DORRIT MOUSSAIEFF OG GUÐNI B. GUÐNASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ANZA, ÁSAMT KÍNVERJUM Í PEKING** Forsetahjónin stilltu sér upp með forsvarsmönnum íslenskra fyrirtækja og kínverskum gestum þeirra.

# Kína er vaknað

Búast má við stórauknum viðskiptum Íslendinga við Kína í kjölfar heimsóknar forseta Íslands og yfir 200 manna viðskiptasendinefndar til Kína. Kínverjar verka meðal annars íslenskan fisk og sauma föt fyrir íslensk fyrirtæki. Starfsemi fyrirtækja í eigu Íslendinga er orðin mjög alþjóðleg og tækifæri virðast á hverju strái í Kína. En þó er ýmislegt sem ber að varast og íslenskir viðskiptahættir duga skammt í Kína. *Dögg Hjaltalín* brá sér til Kína og fylgdist með dagskránni þar.

**Hagkerfið í Kína er einfaldlega það hagkerfi sem vex hraðast í heiminum. Til dæmis útskrifast 350 þúsund verkfræðingar í Kína á ári.**

Napóleon Bonaparte sagði eitt sinn að þegar Kína vaknaði myndi jörðin skjálfa. Kína er vaknað og íslenskt viðskiptalíf iðar af tilhlökkun. Yfir 200 manna hópur úr íslensku viðskiptalífi lagði leið sína til Kína í fylgd með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands. Mörg fyrirtæki skrifuðu undir samninga við Kínverja og gefa þeir samningar til kynna að viðskipti milli landanna muni aukast. Þessi viðskipti snúast um allt frá hitaveitu til tísku, og vonandi allt þar á milli enda eru tækifærin mýmörg.

Fylgd forseta Íslands skipti mjög miklu máli að mati kínverskra fyrirtækja og fannst Kínverjum merkilegt hversu mikinn áhuga forsetinn sýndi fulltrúum fyrirtækjanna. Ólafur Ragnar heimsótti fyrirtæki sem eru í eigu og tengjast Íslendingum í Kína. Einnig var hann viðstaddur undirritun ýmissa samninga og töldu Kínverjar nærveru hans mjög þýðingarmikla.

Íslendingar fluttu vörur fyrir um tíu milljarða frá Kína á síðasta ári. Þar af nam innflutningur Norvikur-samstæðunnar um milljarði og Hagkaup flutti inn vörur fyrir á bilinu 700 til 900 milljónir. Oasis-verslun var opnuð af Dorrit Moussaieff meðan á heimsókn forsetans stóð. Stór hluti af vörum sem seldar eru í verslunum Oasis er framleiddur í Kína.

Í Kína er markaður fyrir íslenskar vörur á borð við fisk og svo má auðvitað líkja landinu við verksmiðju heimsins.

**NEYTENDUR FRAMTÍÐARINNAR**

Á fundi á vegum sendiráðs Íslands í Kína og Útflutningsráðs kynnti Þjóðverjinn Georg Wuttke hvernig viðskipti í Kína fara fram og hver árangurinn af þeim hefur verið. Wuttke starfar hjá þýska fyrirtækinu BASF, sem hefur átt viðskipti við Kínverja allt frá árinu 1885. Hann lagði áherslu á að Kínverjar hefðu aukið mikið neyslu sína á flestum vörum. Wuttke sagði að það blekkti mjög ferðamenn að sjá Ferrari og aðrar glæsibifreiðar því að þær væru einungis toppurinn á



**KÍNAMÚRINN** Tákn um hversu mikið stórveldi Kína var fyrr á öldum.



**Á VIÐSKIPTAÞINGI Í PEKING VAR MARGT UM MANNINN** Fulltrúar íslenskra og kínverskra fyrirtækja ræða málin.

ísjakanum. Fínum og dýrum verslunum fjölgar mjög ört í Kína en verðlagið þar er mjög hátt og víða jafnvel dýrara en hér á landi. Þróunin er sú að hinn dæmigerði Kínverji er að fara úr fátækt og yfir í láglaunastétt.

Hagvöxtur í Kína hefur verið rúmlega níu prósent hin síðustu ár og ekkert virðist vera að hægja á. Byggingakranar eru á hverju strái, stórhýsi eru reist í borgunum og skýjakljúfarnir spretta upp eins og gorkúlur.

Wuttke varaði þó saklausa Íslendinga við því að treysta öllum sem þeir ættu viðskipti við. Kína væri mjög góður markaður en hættulegur fyrir þá sem væru ekki á verði.

Kínverjar eru nú þegar orðnir miklir neytendur og þeim fjölgar sífellt. Wuttke sagði einfaldlega að hagkerfið í Kína væri það hagkerfi sem yxi hraðast í heiminum. Til dæmis útskrifast 350 þúsund verkfræðingar í Kína á ári.

### EKKERT AÐ MARKA TÖLUR

Wuttke segir hagvöxt ekki geta verið minni en fimm prósent miðað við þær aðstæður sem nú eru til staðar. Fátækt er mikil, framleiðni er léleg og neðanjarðarhagkerfið er gríðarlega umfangsmikið.

Tölulegar staðreyndir segja lítið um raunveruleikann í Kína. Innflutningur til Kína er gott dæmi um þetta. Kínverjar eru ekki svo háðir viðskiptum við útlönd því að þeir framleiða nánast allt sem þeir þurfa og eru því sjálfum sér nægir á mörgum sviðum. Innflutningur til Kína er að langstærstum hluta hráefni sem notað er til frekari vinnslu og þeir selja svo unnið út úr landinu.

Mjög mikilvægt er að taka ekki fyrsta tilboði sem berst því að Kínverjar eru í eðli sínu kaupmenn og prútta ávallt um verð. Því finnst þeim hrein móðgun að taka fyrsta tilboði, þeir eru góðir samningamenn og þeir hafa mjög gaman af því að semja.

Sú tala sem minnst er þó að marka er gengi gjaldmiðils Kína, Yuan. Gengið er mjög vanmetið og telja sumir að yuan sé allt að fimmfalt verðmætara en gengi þess segir til um. Vegna lágs gengis geta Kínverjar keppt enn betur en ella á lágum framleiðslukostnaði. Mikill þrýstingur er þó á Kínverja að hækka gengið sitt en aðrir sjá mikil tækifæri í að fjárfesta í Kína meðan gengið er svo lágt.

### ÖNNUR LÖGMÁL

Oft er talað um að önnur lögmál gildi í Kína og vestrænir siðir og venjur eigi þar alls ekki við. Allt önnur lögmál gilda og til dæmis þegar Kínverjar segja að málið reddist þýðir það ekki endilega að það geri það. Þeir sem ætla sér að eiga viðskipti í Kína verða að hafa markmið og vita hvað þeir vilja.

Þeim sem ætla sér að eiga viðskipti í Kína er eindregið ráðlagt að vera í beinu sambandi við framleiðendurna og hafa sem fæsta milliliði. Einnig er þeim ráðlagt að hafa marga í sigtinu þannig að ef einn framleiðandi bregðist taki ekki langan tíma að setja sig í samband við annan.

Brot á höfundarrétti er stórt vandamál í Kína og leiðir til þess að margir eru hræddir við að láta framleiða vöru sína þar, að minnsta kosti ef um einstaka tækni eða hönnun er að ræða.

Tungumálavandamál eru algeng og til að mynda nota Kínverjar ekki fingurna eins og við til að tákna einn til tíu. Fjöldi fingra er notaður upp í sjö en sérstök fingratákn eru notuð fyrir átta, níu og tíu.

### FRAMLENGDU FERÐINA

Kínaförin skilaði þátttakendum miklu, bæði hvað varðar viðskipti og landkynningu því landið hefur upp á mikið að bjóða. Þau fyrirtæki sem koma heim með undirritaða samninga í farteskinu fara að vinna í þeim og aðrir fara að leggja grunninn að frekari viðskiptum. Kína er í raun miklu nær okkur en margan grunar. Flutningskostnaður milli Kína og Íslands getur verið lægri en milli landshorna hérlendis.

Fulltrúar fjögurra háskóla voru með í ferðinni til Kína og skrifuðu þeir undir samstarfssamninga við kínverska háskóla. Nú þegar stunda nokkrir Íslendingar nám í Kína og þeim fjölgar sífellt. Einnig eru Kínverjar í námi hér á landi. Þessi tengsl eiga líklega eftir að skila sér inn í viðskiptalífið eftir nokkur ár í auknum samskiptum við Kína.

Athygli vakti og að sumir framlengdu ferð sína í Kína vegna þess að betur gekk en áætlað hafði verið. Í raun skilaði ferðin sjálf ekki þessum samningum inn því búið var að leggja grunninn að þeim áður en haldið var þangað austur. Afrakstur ferðarinnar á enn eftir að koma í ljós, víkka sjóndeildarhringinn og opna augu fólks fyrir nýjum tækifærum eða jafnvel að vara fólk við og benda á að stíga varlega en örugglega til jarðar.

Ein af dýrmætustu lexíunum sem flestir lærðu þó var líklega sú að Ísland er ekki miðja alheimsins og viðskipti okkar við Kínverja eru eins og dropi í viðskiptahaf Kínverja. Mjög forvitnilegt verður að sjá hvernig viðskiptin milli Kína og Íslands munu þróast en eitt er víst, að þau eiga eftir að aukast mjög hratt.

### STÆRSTU SAMNINGARNIR SEM GERÐIR VORU Í KÍNA

- FL Group samdi um útleigu á fimm Boeing 737 flugvélum til Air China.
- Orkuveita Reykjavíkur samdi um byggingu nýrrar jarðvarmaveitu í borginni Xianyang í Kína og verður þessi hitaveita sú stærsta sinnar gerðar í heiminum.
- Fjölþjóðafyrirtækið Atlantis mun reisa 50 þúsund tonna frystigeymslu í Qingdao.
- Novator, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, skrifaði undir samstarfssamning við fjarskiptatækjaframleiðandann Huawei.
- F yrirtækið Sportís hf. samdi við félagið Beijing Mountaineering Association um sölu og dreifingu á Cintamani útivistarfatnaði í Kína.
- Atlanta samdi við fyrirtækið Ameco í Peking til næsta árs um viðhald og eftirlit með flugvélum félagsins.
- Íslenskir háskólar skrifuðu undir samstarfssamninga við kínverska háskóla.



**VEL FÓR Á MEÐ FULLTRÚUM FLESTRA ÖFLUGUSTU FYRIRTÆKJA LANDSINS Í KOKKTEILBOÐUNUM Í KÍNA** Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, og Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans.



**FISKUR UNNINN Í QINGDAO Í KÍNA** Íslenskur fiskur ferðast víða.




**FULLTRÚAR ORKUVEITUNNAR OG BORGARSTJÓRI XIANYANG** Við undirritun samnings um stærstu hitaveitu í heimi.

# Óskir og væntingar fyrirtækjanna í fyrirrúmi

## Fjölmennasta viðskiptasendinefndin til þessa.

Viðskiptasendinefndin sem fór til Kína er sú langstærsta sem nokkurn tímann hefur farið frá Íslandi og var þátttakan langt umfram væntingar Útflutningsráðs sem skipulagði ferðina í nánu samstarfi við skrifstofu forseta Íslands og sendiráðið í Peking. Vilhjálmur Guðmundsson, forstöðumaður Útflutningsráðs, segist mjög ánægður með ferðina og að allt hafi gengið upp. „Við höfum fengið mjög skemmtileg viðbrögð frá fyrirtækjunum, sem voru mjög ánægð með allt skipulag.“ Vilhjálmur segir mikla skipulagningu liggja að baki svona ferð en meðal annars var haldin viðskiptaráðstefna og skipulagðir einkafundir fyrir einstök fyrirtæki. Í viðskiptasendinefndinni voru 220 manns frá um 100 fyrirtækjum.

Vilhjálmur segir ferðir viðskiptasendinefnda hafa breyst mikið. Áður hafi ferðirnar verið yfirborðskenndari og unnar í samstarfi við verslunarráð og samtök atvinnulífs viðkomandi landa. „Núna miðast undirbúningurinn við að skipulegga dagskrá og koma á fundum milli fyrirtækja frá báðum löndum. Óskir og væntingar íslensku fyrirtækjanna liggja fyrir og undirbúningurinn miðast við þær.“

En hver er svo árangur ferða á borð við Kínaferðina? Vilhjálmur segir mikilvæg tengsl myndast í slíkum ferðum og oft séu fyrirtæki komin í viðskipti við innlend fyrirtæki innan nokkurra mánuða.

Hluti af starfsemi Útflutningsráðs er að skipuleggja viðskiptasendinefndir erlendis. Vilhjálmur segir Útflutningsráð oft hafa frumkvæði að því hvert farið sé en í þessu tilviki hafi frumkvæðið komið frá forsetaskrifstofu vegna opinberrar heimsóknar Ólafs Ragnars Grímssonar.

Útflutningsráð stendur fyrir sex til sjö sendinefndaferðum á ári hverju og hefur þeim fjölgað á undanförnum árum. Tilviljun ræður því ekki hvert haldið er heldur kannar Útflutningsráð hvar mesti áhuginn liggur og skipuleggur ferðir í takt við niðurstöðurnar.

Vilhjálmur segir Austur-Evrópu vera vinsæla um þessar mundir en farið hefur verið til margra landa í Austur-Evrópu á síðustu árum og einnig til allra Eystrasaltsríkjanna. Núna er verið að skipuleggja ferð til Japans og í vikunni var farið til Danmerkur.



Fréttablaðið/Lárus Karl

**FRÁ VINNUFUNDI UM UPPLÝSINGATÆKNI Í PEKING** Vilhjálmur Guðmundsson, forstöðumaður Útflutningsráðs, er himinlifandi með viðbrögð fyrirtækja, bæði á Íslandi og í Kína.

## FÓLK Á FERLI



**SIGÞÓR SAMÚELSSON** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Teymis og hefur hann hafið störf. Hann hefur verið markaðsstjóri Teymis undanfarin ár en hann hefur verið sölu- og markaðsstjóri Teymis frá árinu 1999. Sigþór var að klára rekstrar- og viðskiptanám við Endurmenntun Háskóla Íslands. Hann er með stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík.



**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON** hefur verið ráðinn forstjóri Icelandic Group, áður SH. Hann er vélaverkfræðingur frá HÍ og lauk hann jafnframt framhaldsnámi í iðnaðar- og rekstrarverkfræði frá DTH í Kaupmannahöfn. Þórólfur hefur víðtæka reynslu af markaðsmálum og stjórnun. Hann var framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá Marel í sex ár og sama starfi gengdi hann síðar hjá Olíufélaginu hf. Hann varð fyrsti forstjóri Tals hf. og síðar borgarstjóri í Reykjavík á árunum 2003-2004. Þá hefur hann verið virkur í félagsmálum auk þess hann hefur setið í stjórnum nærri tuttugu fyrirtækja og stofnana.

## Mannabreytingar hjá WTO

Frakkinn Pascal Lamy hefur verið útnefndur yfirmaður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Hann mun taka við starfinu 31. ágúst þegar kjörtímabili núverandi yfirmanns, Supachai Panitchpakdi, lýkur.

Jaques Chirac Frakklandsforseti óskaði landa sínum til hamingju með nýja starfið og bætti við: „Ég vona að undir stjórn Lamy verði heimi hnattvæðingarinnar betur stýrt og að sameiningar gæti í stað sundrungar“.

Lamy sagðist ætla að vinna að frjálsari viðskiptaháttum og tryggja hag þróunarríkja í alþjóðaviðskiptum. **- jsk**




# Kínverskur fjarskiptarisi

**Huawei er eitt af fáum kínverskum fyrirtækjum sem eru þekkt á alþjóðavettvangi. Fyrirtækið selur fjarskiptakerfi til yfir 90 landa og kemur um helmingur af tekjum fyrirtækisins frá útflutningi. *Dögg Hjaltalín* skoðaði fyrirtækið nánar og komst að því að áhersla fyrirtækisins á rannsóknir og þróun hefur margborgað sig. Huawei framleiðir og selur nánast allt sem við kemur fjarskiptatækjum og tölum.**

Kínverska fyrirtækið Huawei Technologies er alls ekki dæmigert kínverskt fyrirtæki því það starfar í hátt í hundrað löndum og selur vörur sínar til margra stærstu fjarskiptafyrirtækja heims. Huawei skrifaði nýlega undir samning við Novator, félag í eigu Björgólfs Thor Björgólfssonar, um samstarf á sviði fjarskiptatækja. Eins og kunnugt er ætlar Björgólfur sér stóra hluti í fjarskiptafyrirtækjum í Evrópu.

Hjá Huawei starfa 24 þúsund manns og þar af eru 3.400 erlendir starfsmenn.

Huawei var stofnað 1988 og er fyrirtækið í einkaeigu og hefur alltaf verið. Starfsemi Huawei snýst um rannsóknir og þróun, framleiðslu og markaðssetningu á fjarskiptatækjum og býður það upp á sérsniðnar lausnir fyrir fjarskiptafyrirtæki um allan heim.

**Huawei**
Velta á árinu: 8,5 milljarðar dollara
Útflutningur: Yfir fimm milljarðar dollara
Fjöldi starfsmanna: 24 þúsund

### ÚTFLUTNINGUR TVÖFALDAST ÁRLEGA

Huawei hefur verið alþjóðlegt fyrirtæki í mörg ár og selur nú til yfir 90 landa. Þar á meðal eru Indland, Bretland, Frakkland, Þýskaland, Spánn, Bandaríkin og Rússland.

Samkvæmt kínverskum fjölmiðlum verður sala fyrirtækisins á þessu ári 8,5 milljarðar dollara, tæplega 550 milljónir króna. Útflutningur Huawei verður meira en fimm milljarðar dollara á þessu ári, um 320 milljarðar króna.

Sala Huawei í fyrra nam 5,58 milljörðum dollara, sem er 45 prósenta aukning milli ára, þar af voru 2,28 milljarðar dollara af alþjóðlegri sölu. Útflutningur Huawei hefur meira en tvöfaldast á hverju ári frá árinu 1999 og er útflutningur nú meira en helmingur af allri veltu félagsins og markar það ákveðin tímamót.

Samstarfsaðilar fyrirtækisins eru yfir 400 og meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru 22 af 50 stærstu fjarskiptafyrirtækjum heimsins.

Í BusinessWeek er fjallað um fyrirtækið undir fyrirsögninni; Huawei, meira en lókal hetja. Fjölmiðlar í Kína og víðar hafa sýnt fyrirtækinu mikinn áhuga. Jafnvel hefur því verið líkt við alþjóðarisann Cisco.

### ÁHERSLA Á RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Eitt af lykilatriðum í starfsemi Huawei er mikil áhersla á rannsóknir og þróun og vinnur nærri helmingur starfsfólks Huawei við rannsóknir og þróun. Á hverju ári fjárfestir Huawei meira en 10 prósent af sölutekjum í rannsóknir og þróun. Þetta er gert til að tryggja stöðugan og fullnægjandi vöxt og til að standa einu skrefi framar en samkeppnisaðilarnir.

Huawei leggur áherslu á að starfa í samvinnu við leiðandi alþjóðafyrirtæki bæði í framleiðslu og markaðssetningu. Huawei hefur meðal annars starfað með Texas Instruments, Motorola, Microsoft, Intel og Sun Microsystems.

Huawei er fyrirtæki sem er gott dæmi um hversu langt Kínverjar geta náð í hátækni með mikilli áherslu á rannsóknir og þróun og stenst fullkomlega gæðakröfur Vesturlanda.

Huawei er með um 55 skrifstofur víðs vegar um heiminn. Huawei hefur einnig sett upp rannsóknarstofur í Dallas, Silicon Valley, Bangalore, Stokkhólmi, Moskvu, Peking og Shanghai.

### SAMSTARF VIÐ NOVATOR

Novator, sem er í eigu Björgólfs Thor Björgólfssonar, skrifaði undir samstarfssamning við Huawei í Kína nýlega. Samningurinn felur í sér áhuga á frekari samstarfi milli félaganna. Búlgarski síminn BTC hefur átt viðskipti við Huawei og frekara samstarf er væntanlega fram undan.

Huawei er orðið leiðandi birgir í fjarskiptageiranum, sem fer ört vaxandi. Ef miðað er við markaðshlutdeild er Huawei fremst eða mjög framarlega þegar kemur að mörgum tækninýjungum. Huawei er einnig einn af fáum birgjum í heiminum sem bjóða upp þriðju kynslóð farsíma. Ef Novator nýtir fjarskiptaleyfi fyrir þriðju kynslóð farsíma í Póllandi má gera ráð fyrir að Huawei verði samstarfsaðili þess.



Fréttablaðið/KGB

**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON UNDIRRITAR SAMSTARFSSAMNING VIÐ HUAWEI FYRIR HÖND NOVATOR** Huawei starfar í hátt í hundrað löndum og selur vörur til stærstu fjarskiptafyrirtækja heims.

## BESTA RÁÐIÐ

# Vakna snemma og vera duglegur

Einar Bárðarson, eigandi umboðsskrifstofunnar Concert og umboðsmaður stúlknahljómsveitarinnar Nylon, segir besta ráð sem hann hafi fengið vera að vakna snemma á morgnana og leggja hart að sér það sem eftir lifi dags.

Einar segir eldri félaga sinn hafa kennt sér þetta: „Hann hringdi einhverju sinni um hálftíuleytið og náði ekki í mig. Síðan frétti hann að ég hefði verið steinsofandi, hundskammaði mig og sagði menn aldrei ná árangri í lífinu nema með því að vakna snemma á morgnana og vera duglegir allan daginn“.

Einar segist taka mikið mark á vininum dularfulla enda maður sem hafi náð langt í lífinu og viti hvað hann syngi: „Þetta hefur verið mér ofarlega í huga alla tíð síðan og reynst mér vel þótt ég segi sjálfur frá. Það þarf ekki alltaf að vera að flækja hlutina“. **- jsk**



**EINAR BÁRÐARSON, EIGANDI CONCERT** Segir eldri félaga sinn hafa kennt sér að til að ná árangri þurfi að vakna snemma og vera duglegur allan daginn.

# Liggur framtíð þín hjá Nýherja?



## ATVINNA

**Spennandi störf hjá kröftugu fyrirtæki**

### Tæknimaður - PBX og IP símkerfi

**Starfssvið:**
- Uppsetning og þjónusta símkerfa
- Kynningar á lausnum fyrir viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Góð PBX þekking
- Víðnetsþekking kostur
- Góð tölvuþekking
- Rafeindavirkjun, símvirkjun, eða sambærileg reynsla
- Víðtæk reynsla af uppsetningu og þjónustu á búnaði
- Góð mannleg samskipti, þjónustulund og skipulögð vinnubrögð

### Tæknimaður - IP Telephony

**Starfssvið:**
- Hönnun á IP símkerfislausnum fyrir viðskiptavini Nýherja
- Uppsetning og þjónusta á IP símkerfum
- Ráðgjöf til stærstu viðskiptavina Nýherja varðandi IP símatækni og þjónustuver
- Kynningar á lausnum fyrir viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Góð víðnetsþekking
- Víðtæk reynsla af uppsetningu og þjónustu á búnaði
- Þekking á símtækni
- Tæknimenntun æskileg
- Góð mannleg samskipti, þjónustulund og skipulögð vinnubrögð

### Net sérfræðingur

**Starfssvið:**
- Uppsetning og þjónusta á netbúnaði fyrir viðskiptavini Nýherja
- Hönnun netkerfa
- Ráðgjöf til viðskiptavina Nýherja varðandi netkerfi
- Kynningar á lausnum fyrir viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**
- Lágmark CCNA eða CCDA
- Reynsla af uppsetningu og rekstri netkerfa
- Háskólamenntun á sviði tæknifræði, verkfræði eða tölvunarfræði æskileg
- Rafeindavirkjun, símvirkjun, eða sambærileg reynsla
- Góð mannleg samskipti, þjónustulund og skipulögð vinnubrögð

### Viðskiptastjóri

**Starfssvið:**
- Ráðgjöf og sala til lykilviðskiptavina á lausnum Nýherja
- Samskipti við markaðsteymi og lausnasvið
- Yfirsýn með viðskiptum og verkefnum

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun er nauðsynleg
- Mikil þekking og brennandi áhugi á upplýsingatækni er skilyrði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

### Ráðgjafi í hljóð- og myndlausnum
**Sérfræðingur í kvikmynda og ljósvakabúnaði**

**Starfssvið:**
- Sala á hljóð- og myndbúnaði
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskiptatækifæra
- Samskipti við erlenda birgja

**Hæfniskröfur:**
- Menntun og/eða reynsla í kvikmynda- og ljósvakaiðnaði
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking á myndklippibúnaði er kostur

### Sérfræðingur í hljóð- og myndlausnum

**Starfssvið:**
- Forritun og uppsetning stjórnkerfa (Crestron)
- Forritun og uppsetning auglýsingakerfa
- Þjónusta á hugbúnaði í ljósvakaiðnaði

**Hæfniskröfur:**
- Tölvunar- eða verkfræðimenntun æskileg
- Reynsla af hljóð og myndbúnaði er kostur
- Reynsla af grafískri hönnun er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

### Söluráðgjafi

**Starfssvið:**
- Sala á lausnaframboði Nýherja
- Samskipti við önnur svið Nýherja

**Hæfniskröfur:**
- Þekking á símstöðvum nauðsyn
- Tæknimenntun æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Áhugasamir eru beðnir um að sækja um á heimasíðu Hagvangs, ww.hagvangur.is. Nánari upplýsingar veitir Albert Arnarson, ráðgjafi hjá Hagvangi, albert@hagvangur.is.

Umsókanarfrestur er til 5. júní 2005.

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Kosningin um stjórnarskrá Evrópu vekur spurningar:

# *Vill Vestur-Evrópa hlaupa í skjól hafta?*

**Þórlindur Kjartansson**

Óhætt er að fullyrða að ákaflega lítill hluti franskra kjósenda hafði fyrir því að pæla sig í gegnum ríflega þrjú hundruð blaðsíðna stjórnarskrá Evrópusambandsins áður en þeir höfnuðu henni í atkvæðagreiðslu um helgina. Það að stjórnarskráin sé svo löng og ítarleg bendir til þess að sú ætlun að búa til raunverulega stjórnarskrá hafi mistekist, enda er óhætt að slá því föstu að grundvallarlögum um mannréttindi og valdmörk hins opinbera ætti að vera hægt að koma til leiðar á mun hnitmiðaðri hátt.

Kjósendur í gömlu hornsteinum Evrópusambandsins hafa hins vegar hugann við allt annað en stjórnarskrána. Bágt efnahagsástand og efasemdir um gagnsemi Evrópusambandsins ráða mestu um skyndilegt bakslag í Evrópusamrunanum.

Þeir sem hafa trú á meginhugmyndum Evrópusambandsins ættu líklega að fagna því að nú sé kominn hemill á valdaútrás Evrópusambandsins. Það vekur hins vegar ugg að forsendur óánægjunnar í garð Evrópusambandsins eru í mörgum tilfellum einmitt margir helstu kostir sambandsins.

**Ótti við samkeppni frá nýju aðildarríkjunum og ótti við frjáls viðskipti og frjálsa búsetu eru nefnilega ráðandi hvað varðar þetta bakslag í Frakklandi.**

Ótti við samkeppni frá nýju aðildarríkjunum og ótti við frjáls viðskipti og frjálsa búsetu eru nefnilega ráðandi hvað varðar þetta bakslag í Frakklandi. Margir af helstu kostum Evrópusambandsins, út frá efnahagslegu sjónarmiði, eru orðnir að blórabögglum í augum almennings í löndum þar sem atvinnuleysi er mikið og hagvöxtur lítill vegna of mikilla afskipta ríkisins.

Íbúar í tveimur mikilvægustu ríkjum Evrópusambandsins, Frakklandi og Þýskalandi, hafa mátt þola stöðnun í hagkerfum sínum á síðustu árum og svo virðist sem pólitísk viðbrögð felist fyrst og fremst í friðþægingu við kjósendur í stað nauðsynlegra aðgerða til lausnar vandanum.

Flókið regluverk í atvinnulífi, lítil hvatning til nýsköpunar, þunglamaleg velferðarkerfi og fyrirsjáanleg kollsteypa vegna eftirlaunaskuldbindinga í gömlu stórveldunum á meginlandi Evrópu eru tæplega uppskrift að hagvexti og athafnaþrótti. Og á meðan þessi gömlu stórveldi barma sér yfir bágri stöðu bíða nýfrjáls ríki Austur-Evrópu færis til þess að nýta sér öll þau færi sem aukið frelsi færir þegnum þeirra. Hætta er á að ríki Vestur-Evrópu snúist til varnar í stað þess að tileinka sér þá sömu bjartsýni.

Umræðan um mögulega inngöngu Íslands í Evrópusambandið hefur litast mjög af tveimur þáttum. Annars vegar telja margir forsvarsmenn í atvinnulífi að kostir Evrópusambandsins, einkum hinnar sameiginlegu myntar, auki samkeppnishæfni í útflutningi. Hins vegar er ótti við að Íslendingar missi völd yfir sjávarauðlindum sínum.

Þetta tvennt skiptir auðvitað verulegu máli en miklu meira máli kann að skipta hvort stóru ríkin í Vestur-Evrópu bregðist við efnahagsvanda sínum með því að þvinga aðildarríkin til að hækka skatta og auka hömlur í viðskiptalífi. Ef kjósendur í Frakklandi voru að mótmæli frelsi í viðskiptum og búsetu með kosningunni á sunnudaginn hlýtur það að kveikja efasemdir í huga þeirra sem hingað til hafa trúað að Íslandi sé betur borgið sem hluta af Evrópusambandinu.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | thkjart@markadurinn.is




# Hinir ýmsu gallar skoðanakannana

ORÐ Í BELG



**Hallgrímur Óskarsson**
framkvæmdastjóri Fortuna



**Ingimar Helgason**
verkefnisstjóri hjá Fortuna

Á síðustu árum hefur átt sér stað vaxandi umræða um kosti og galla hinna ýmsu aðferða sem mæla viðhorf og skoðanir hópa. Margir af virtustu fræðimönnum heims á sviðum markaðs- og sálarfræða hafa bent á ákveðna galla skoðanakannana. Gagnrýnisraddirnar segja að skoðanakannanir séu í mörgum tilfellum slakt tæki til að mæla skoðanir og viðhorf fólks. Greinahöfundar taka undir þessa gagnrýni og vilja í þessari grein skýra út þau sjónarmið sem liggja þar að baki.

Skoðanakannanir eru slakt rannsóknartæki þegar margir þættir móta viðhorf fólks. Þetta eru t.d. spurningar þar sem svör eru háð smekk, löngun fólks og mannlegum eiginleikum:

1. Gætir þú hugsað þér að kaupa þessa tilteknu vöru?
2. Finnst þér þjónusta tiltekins fyrirtækis vera slæm eða góð?
3. Ert þú ánægð(ur) í þínu starfi?

Skoðanakannanir eru hins vegar nothæft rannsóknartæki þegar fáir þættir móta skoðanir fólks eins og á við um þegar t.d. er spurt um hver hegðun fólks var í fortíðinni:

1. Hvaða stjórnmálaflokk kaust þú í síðustu alþingiskosningum?
2. Reykir þú eða reykir þú ekki?
3. Hvaða tegund af bíl átt þú?

Helsta áhyggjuefni undirritaðra er það að skoðanakannanir eru í dag notaðar í miklu mæli til að svara spurningum sem falla í fyrri flokkinn þ.e. þær eru notaðar til að afla þekkingar sem ekki er hægt að afla með skoðanakönnunum. Á síðasta ári eyddu íslensk fyrirtæki 1,2 milljörðum í að rannsaka skoðanir og viðhorf fólks og fór mikill meirihluti þess fjár í að framkvæma skoðanakannanir. Og þar sem verulegur hluti spurninganna eru í fyrrnefnda flokknum er líklegt að íslensk fyrirtæki séu að eyða nokkur hundruð milljónum í skoðanakannanir sem gagnast lítið sem ekkert.

Af hverju eru skoðanakannanir slakt rannsóknartæki í svo mörgum tilfellum? Ástæðan er að mannshugurinn er flókinn en svo að hægt sé að rannsaka hann til hlítar með jafn takmarkaðri aðferðafræði og skoðanakannanir eru. Aðalmálið hér snýst um meðvitaðar og ómeðvitaðar hugsanir. Skoðanakannanir ráða ágætlega við að rannsaka meðvitaðar hugsanir en eru slakt tæki þegar þarf að skoða þær ómeðvituðu. Kjarni málsins er hins vegar sá að ákvarðanir fólks og viðhorf mótast að miklu leyti ómeðvitað.

Einstaklingur hefur fimm skynfæri sem taka inn 11 milljónir eininga af upplýsingum á hverri sekúndu. Vísindamenn hafa áætlað að mannshugurinn geti unnið meðvitað úr mest 40 einingum á sekúndu og að 16 einingar á sekúndu séu nærri lagi. Það eru því varkárar niðurstöður fræðimanna þegar þeir áætla að 95% af öllum hugsunum séu ómeðvitaðar. Þeir sem vilja kynna sér þessi fræði er bent að lesa efni eftir Harvard-prófessorana Gerald Zaltman og Jeromy Kagan eða að kynna sér niðurstöður rannsókna taugafræðingsins Antonio Damasio.

**SKOÐUM TVÖ RAUNVERULEG DÆMI:**

„Ef þú ætlar að kaupa farsímaþjónustu, hvort velur þú frekar Símann eða Og Vodafone?“

Hér er verið að spyrja fólk að einhverju sem það getur ekki metið auðveldlega. Ákvörðunin um val á milli fyrirtækjanna er flókin og er margt sem getur haft afgerandi afleiðingar á ákvörðunina sem ekki er hægt að mæla í könnunum. Einhver gæti t.d. hæglega sagt „Síminn“ en lent svo í því að velja „Og Vodafone“ fljótlega eftir að viðkomandi var spurður. Að baki geta legið einfaldar ástæður eins og jafnvel sú að viðkomandi hafi verið á leið í Símann í Kringlunni en af því að þar var töluverð röð þá fór viðkomandi í verslunina á móti þar sem færri voru, þ.e. verslun Og Vodafone.

Ertu ánægð(ur) með opnunartíma þjónustuvers VÍS?

Hér er verið að spyrja fólk að einhverju sem það hefur hugsanlega enga skoðun á. Fáir vita hver raunverulegur opnunartími er og þeir sem vita það ekki gera oft ráð fyrir því að opnunartíminn sé svipaður og annarsstaðar og segja því gjarnan „já“. Þar með mælist „ánægja“ sem ekki er endilega til staðar. Ef opnunartími VÍS væri rannsakaður með öðrum aðferðum myndi hugsanlega koma í ljós að fólk væri hvorki ánægt né óánægt með opnunartímann. Ef einhver reynir að hafa samband við fyrirtæki og lendir í því að búið sé að loka þarf það ekki endilega að skapa óánægju í garð fyrirtækisins.

Þegar skoðanakannanir eru notaðar til að rannsaka viðhorf sem hafa margar forsendur getur það verið algerlega háð orðalagi spurningarinnar hvert svarið verður. Margir muna eftir spurningunni: „Á Ísland að vera á lista með þeim þjóðum sem styðja hernaðaraðgerðir Bandaríkjamanna og Breta í Írak eða á Ísland ekki að vera með á listanum?“ Þarna er orðið hernaðaraðgerðir beinlínis notað til að kalla fram neikvæð viðbrögð enda sögðu langflestir „nei“. Hvað ef spurningin hefði verið orðuð þannig: „Á Ísland að vera á lista með þeim þjóðum sem styðja það að harðstjóranum Saddam Hussein verði komið frá völdum í Írak eða á Ísland ekki að vera með á listanum?“ Mörgum þykir að þetta sé ekki sama spurningin en það eru yfirleitt aðeins þeir sem eru með fyrir fram mótaða skoðun á málinu. Þeir sem eru hlynntir málinu finnst síðari spurningin réttari. Og þá er spurt: Hvor spurningin er réttari? Og svarið er ekki hægt að finna; það er háð skoðunum þess sem spurður er. Niðurstaðan: Það er ekki hægt að nota skoðanakannanir til að rannsaka þetta mál til hlítar; til þess eru allt of margar forsendur og hliðar til á málinu svo að hægt sé að afgreiða það með einni tölu. Hér birtist einn angi skoðanakannana sem er að verða æ algengari: að skoðanakannanir séu notaðar sem áróðurstæki þ.e. að spurning sé sett þannig fram að hún kalli fram hagstæð svör fyrir þann sem spyr.

Sem umhugsunarefni þá væri hægt að spyrja sig hvor valkosturinn væri vænlegri í þeirri stöðu ef líf manns lægi við og brýn nauðsyn væri að fá læknisráð. Væri skynsamlegt að leggja skoðanakönnun fyrir 800 lækna eða að tala í 1 klst. við 2-3 lækna, einn í einu? Að ræða ítarlega við fáa er betra en að fá yfirborðskennd svör frá mörgum. Þennan sannleika ættu stjórnendur fyrirtækja að hafa í huga þegar þeir fjárfesta í markaðsrannsóknum.

UM VÍÐA VERÖLD

## *Engar blöðrur eftir?*

**The New York Times** | Hagfræðiprófessorinn og pistlahöfundurinn Paul Krugman skrifar um fasteignaverð í Bandaríkjunum í New York Times. Hann segir að margt bendi til þess að fasteignaverð hafi nú náð slíkum hæðum að líklegt sé að þróunin fari á sama veg og hlutabréfamarkaðurinn gerði árið 2000. Hann nefnir til sögunnar ýmis teikn sem geti bent til þess að húsnæðisbólan í Bandaríkjunum sé að springa. Hann segir að svo virðist sem bandaríski seðlabankinn hafi beinlínis tekið ákvörðun um að koma af stað nýrri bólu um leið og hlutabréfabólan sprakk. Þessa kenningu fær hann lánaða frá öðrum hagfræðingi, Paul McCulley, sem sagði árið 2001 að bankinn myndi lækka vexti mjög hratt og það myndi leiða til mikillar hækkunar húsnæðisverðs, en afleiðingar þeirrar hækkunar yrðu áframhaldandi neyslufyllerí Bandaríkjamanna. Ef þessi ferill rofnar og húsnæðisverð lækkar skarpt getur það hins vegar steypt hagkerfinu í djúpa lægð. Nú, þegar bæði hlutabréf og fasteignir hafa farið í gegnum fáránlegar hækkanir með stuttu millibili, getur orðið erfitt að finna nýja bólu sem viðheldur trú bandaríska neytenda á eigin ríkidæmi.

## *Hagkerfi heimsins að hruni komið?*

**The Economist** | Fram kemur í The Economist að OECD hafi í nýlegri skýrslu sinni lækkað hagvaxtarspá fyrir Evrópu og Japan og að hættulegt ójafnvægi hafi skapast í hagkerfi heimsins. Segir OECD gengi dollarans allt of hátt vegna afskipta asískra banka og þá sérstaklega Kínverja, sem vilji umfram allt halda dollaranum eins háum og mögulegt sé. Afleiðingin af þessu sé gríðarlegur viðskiptahalli í Bandaríkjunum, þensla í Kína og að hagkerfi heimsins reiði sig um of á eftirspurn Bandaríkjamanna eftir vörum. Eftirspurn í Bandaríkjunum hvíli svo á lántökum og áframhaldandi grósku á fasteignamarkaðnum. Hagfræðingar hafa að undanförnu varað ríkisstjórnir heims við því að svona geti þetta ekki haldið áfram. Spurningin sé bara hvenær og með hversu miklum látum þetta hrynji allt saman. OECD bindur helst vonir við að gömlu Evrópu takist að koma aftur á heilbrigðu jafnvægi. Til þess þurfi þó margt að lagast enda frammistaða evrópskra hagkerfa ekki verið merkileg á undanförnum misserum.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Þórlindur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Hversu glöggt er gests augað?

Katrín Ólafsdóttir
skrifar

Í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar kemur fram álit sérfræðinga stofnunarinnar um Ísland. Þar segir að þjóðarbúið sé að ofhitna og ójafnvægi í þjóðarbúskapnum sé töluvert. Hættumerki sé að finna í miklum halla á viðskiptum við útlönd og miklum erlendum skuldum. Þá sé verðbólga langt yfir verðbólgumarkmiði.

Sérfræðingar stofnunarinnar brýna fyrir íslenskum stjórnvöldum að það þurfi styrka

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

peningamálastjórn til að ná verðbólgu aftur að verðbólgumarkmiðinu. Þá mæla þeir með því að ríkissjóður verði rekinn með enn meiri afgangi en nú er gert ráð fyrir.

Sérfræðingar Efnahags- og framfarastofnunarinnar telja að afleiðingar ofhitnunarinnar hér á landi verði tímabil hárra vaxta og hugsanlega sé niðursveifla í þjóðarbúskapnum fram undan. Töluverðar líkur verði að telja á því að lendingin eftir þessa uppsveiflu verði ekki mjúk í ljósi þess ójafnvægis sem myndast hafi í þjóðarbúskapnum. Í því sambandi nefna þeir að hugsanlegt sé að kjarasamningar verði í uppnámi í haust og gengi gæti fallið snögglega. Í því ljósi reyni á hagstjórn, og styrk ríkisfjármálastefna og afgangur á rekstri hins opinbera í dag gæti dregið úr fallinu síðar.

Í nýlegri grein í Newsweek er Íslandi lýst sem nýjasta tígri Evrópu, en það orð var oft notað um Asíuríkin þegar hagvöxtur þar var sem mestur. Í greininni er því lýst að flest gangi okkur í haginn þessa dagana. En höfundur greinarinnar gerir sér einnig grein fyrir því að spenna hefur myndast í þjóðarbúskapnum og lýkur grein sinni á því að ef til vill sé tími til kominn að hægja á ferðinni.

Einhvern tímann var sagt að best væri að ganga hægt um gleðinnar dyr. Það er ekki ástæða til annars en að gleðjast yfir velgengni okkar, en á sama tíma þurfa þeir sem sinna hagstjórn hér á landi, Seðlabanki og ríkisstjórn, að vera á varðbergi fyrir hættumerkjum og grípa til aðgerða strax.

Í vikuriti sínu gerir fjármálaráðuneytið fremur lítið úr aðvörunum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Getur verið að það eimi eftir af þeirri gömlu hugsun að kenningar hagfræðinnar eigi ekki við um Ísland og útlendingar geti ekki vitað allt um íslenskar aðstæður? En eru þeir að segja annað en íslenskir hagfræðingar hafa verið að segja undanfarna mánuði?

**Það er ekki ástæða til annars en að gleðjast yfir velgengni okkar, en á sama tíma þurfa þeir sem sinna hagstjórn hér á landi, Seðlabanki og ríkisstjórn, að vera á varðbergi fyrir hættumerkjum og grípa til aðgerða strax.**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Sumarið er tíminn

Sumir halda alltaf að sumarið sé sá tími þegar ekkert gerist. Þann fyrsta júní fara launamennirnir að flykkjast í sumarfríin og við taka saklaus og bólugrafin ungmenni sem bíða óþreyjufull eftir að komast á helgardjammið. Oft er talað um gúrkutíð og aumingja blaða- og fréttamennirnir sitja sveittir við að grafa upp fréttir úr umferðinni sem fréttastjórarnir hefðu ekki litið við að vetrarlagi.

En fyrir gamlan hund eins og mig er sumarið tími tækifæranna og ég get lofað ykkur fullt af tíðindum úr viðskiptaheiminum. Það verða vafalaust tíðindi af Straumi og Íslandsbanka, Burðarási, Símanum, KB banka og SPRON og náttúrlega Mosaic Group, tilvonandi Kauphallarfélagi. Skandia kemur við sögu, sem og einhver útrásarfyrirtæki.

Síminn mun auðvitað koma mikið við sögu á næstunni. Fylgst verður gaumgæfilega með gangi einkavæðingarinnar eftir að Fréttablaðið hóf að birta greinaflokk um bankasöluna. Líklega verður krafa meiri en ella um að ríkið fái sem hæst verð fyrir fyrirtækið.

Ég býst við því að vera heldur á kauphliðinni í sumar, enda eru alltaf til kauptækifæri. Margir eru að bíða eftir hálfsársuppgjörunum, sem verða góð, og því má búast við rólegheitum í Kauphöllinni fram í miðjan júlí. Þótt hljótt sé yfir Kauphöllinni þessa dagana er markaðurinn hvergi nærri dottinn af baki.

Svo kitlar fasteignamarkaðurinn mig alltaf. Ég er að spá í að selja íbúðirnar sem ég keypti í Sjálandinu. Fasteignaheildsali, vinur minn, laumaði því að mér í september síðastliðnum að þarna væri magnað kauptækifæri. Sló því til og keypti tvær fjögurra herbergja íbúðir. Lagði sjö milljónir í púkkið og ætti að geta tekið inn tólf milljónir án teljandi vandræða. Kannski að ég og familían skellum okkur til Krítar í haust þegar fer að kólna. Aldrei að vita nema ég kaupi eitt stykki vetrarhús þar.

Já, spákaupmaðurinn er bjartsýnn þegar sumarið fer í hönd, fullviss um að allt sé á uppleið. Spákaupmaðurinn mun njóta sólarinnar og þeirra góðu tíma sem eru í nánd fyrir alla spekúlanta.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



AURASÁLIN

## Aldrei fær Aurasálin tækifæri

**Alveg er það merkilegt** hvernig fólk fellur fyrir því trekk í trekk að viðskiptajöfrar landsins séu eitthvað merkilegur pappír. Eftir því sem Aurasálin fær best séð eru þeir flestir bara að herma eftir því sem aðrir hafa gert og það án þess að geta heimildar.

**Tökum sem dæmi** þessa svokölluðu Bakkabræður. Öllum finnst það hryllilega sniðugt að þeim skuli hafa dottið í hug að fólk vildi kaupa tilbúna rétti í búðum til að hita upp heima hjá sér. Hvar er fréttin í þessu? Ég bara spyr. Er þetta eitthvað nýtt? Geta ekki allir sagt sér það sjálfir að þetta er það sem fólkið vill?

**Aurasálinni finnst** ekki mikið til þess koma að þessir bræður hafi fengið þá hugmynd að selja 1944 rétti í Bretlandi. Þetta er augljóst mál og Aurasálin hefði alveg eins getað gert þetta eins og þessir Bakkabræður – já og sennilega miklu betur ef hún hefði verið að pæla í þessum matvælabransa á sínum tíma.

**Sama er með** þennan Magnús Þorsteinsson í Avion. Allt í einu fær hann tólf milljarða fyrir að hafa keypt í Landsbankanum. Það er auðvitað fínt fyrir hann en Aurasálin fær nú ekki séð að hún hefði ekki alveg eins getað eignast þessa milljarða.

**Aurasálin er nefnilega** búin að vera að lesa úttektina um einkavæðinguna í Fréttablaðinu. Þetta er auðvitað nauðaómerkileg úttekt og ekkert nýtt í þessu sem Aurasálin hefði ekki getað sagt sér sjálf. Þetta er meira og minna tekið úr einhverjum skýrslum og einhverjum viðtölum við menn sem stóðu í þessu braski á sínum tíma. Ekkert nýtt í því svosem, Aurasálin hefði auðvitað allt eins getað gert svona úttekt, nema náttúrlega miklu betur.

**En við þennan lestur** rifjast það upp fyrir Aurasálinni að hún var náttúrlega búin að sjá það út fyrir löngu síðan að það væri hægt að græða á að kaupa banka. Það er ekkert nýtt í því að menn græði á að eiga banka og menn þurfa ekki að vera einhverjir sérstakir snillingar til að sjá það út.

**Það er óhætt** að fullyrða að fáir fylgjast eins vel og Aurasálin með viðskiptalífinu og þjóðmálunum. Og það hefur Aurasálin lært að fá störf og verkefni í samfélaginu eru þannig að Aurasálin gæti ekki gert þau miklu betur en þeir sem hafa verið valdir til að gera þau. Ef Aurasálin hefði haft tækifæri til að byggja upp svona matvælafyrirtæki væri það í dag miklu stærra en Bakkavör. Ef Aurasálin hefði að kaupa Landsbankann væri sá banki miklu betri og stærri en hann er í dag. Og ef Aurasálin hefði haft fyrir því að skrifa svona úttekt um bankamálin hefði hún orðið miklu betri en þetta gutl sem Fréttablaðið er að birta.

**Vandamál Aurasálarinnar** er að hún fær aldrei nein tækifæri. Á meðan alls kyns aular fá gullin tækifæri til að græða peninga og skrifa greinar í blöð er Aurasálinni haldið frá kjötkötlunum á skipulegan hátt. Og á meðan tækifærin koma ekki getur Aurasálin ekki annað en bara bitið á jaxlinn og haldið áfram að koma þeim skilaboðum á framfæri að það sem þessir menn eru að gera er í raun og veru ekkert sérlega merkilegt þegar á öllu er á botninn hvolft.



**VÍÐSÝNI AF NÁMI MIKILVÆG** Hrund segir það lán í óláni að íslenskir háskólar hafi lengi vel verið fremur veikburða því fyrir vikið hafi íslenskir stúdentar sótt í nám til útlanda og öðlast reynslu og víðsýni sem hafi gagnast þeim jafnvel betur en prófgráðan.

Fréttablaðið/GVA

# Með Lyf og heilsu í útrás

**Hrund Rudolfsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu, segir að tækifæri fyrirtækisins hér á landi séu sennilega uppurin. Þess vegna eru Lyf og heilsa orðin „group“ og stefnan sett á útrás. Þórlindur Kjartansson hitti hana á veitingastaðnum La Primavera og heyrði meðal annars skemmtilega kenningu um muninn á vinnubrögðum Íslendinga og Dana.**

Hrund Rudolfsdóttir, framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu, þurfti ekki að hugsa sig lengi um þegar hún valdi veitingastaðinn La Primavera til að hitta blaðamann Markaðarins. Þar sem höfuðstöðvar Lyfja og heilsu eru á Suðurlandsbraut er það nokkur fyrirhöfn að fara í hádegismat í miðbænum og því kjörin tilbreyting að borða á þessum huggulega ítalska stað þaðan sem útsýni er til útibús Lyfja og heilsu við Austurstræti.

**VILL BETRI MIÐBÆ**

Hrund hefur verið forstjóri Lyfja og heilsu í tvö ár og tók við formennsku í Samtökum verslunar og þjónustu fyrr í vor. Við höfðum bæði lent í nokkrum vandræðum við að finna stæði þegar við komum niður í miðbæ og í ljós kemur að Hrund hefur töluverðan áhuga á stöðu miðbæjarins og hugmyndir um þróun hans. Það vill líka svo til að Lyf og heilsa reka apótek í Austurstræti en Hrund telur að miðbærinn ætti að vera miklu líflegri verslunarstaður en raun ber vitni.

„Það að keyra inn í miðbæinn er ekki nógu auðvelt,“ segir hún. „Í staðinn fyrir að þétta byggðina og búa til borgarstemmningu þar sem hægt er að halda uppi almenningssamgöngum hafa menn ákveðið að þenja borgina út. Mér var bent á það um daginn að skipulag borgarinnar til næstu tíu ára gerir ráð fyrir að við verðum komin með borg sem er jafnstór að flatarmáli og París,“ segir hún.

Henni finnst að vanda þurfi betur til skipulagsmála í miðbænum. „Það er komið alveg nóg af kaffihúsum,“ segir hún. Verslun Lyfja og heilsu er einmitt á milli skemmtistaðarins Óðals og útibús ÁTVR. Þar við hliðina er svo annar vínveitingastaður, Kaffi Austurstræti. Þessir nágrannar draga gjarnan til sín fólk sem telur sig eiga erindi í lyfjabúðir og því hafa Lyf og heilsa þurft að gera töluverðar öryggisráðstafanir í miðbæjarútibúinu.

**Hrund Rudolfsdóttir**

Starf: Framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu
Fæðingardagur: 25. mars 1969
Maki: Kristján Óskarsson, læknir
Börn: Hanna Björt f. 1994 og Ásrún Sara f. 1998.

**TAKMARKAÐ SVIGRÚM HÉR Á LANDI**

Rekstur Lyfja og heilsu hefur gengið vel að undanförnu en Hrund segir að ákveðnir erfiðleikar séu samt sem áður í rekstrinum. Lyfjaverð séu ákveðið af hinu opinbera. Verðsamkeppni á sér stað í gegnum afslætti sem lyfsalarnir veita, þar sem krónískt veikir sjúklingar og öryrkjar njóta hæstu afsláttanna. Þetta fyrirkomulag er í hættu því þrengt hefur verið mjög að möguleikum lyfjabúða til afslátta með handvirkri og flatri lækkun lyfjaverðs. Háværar umræður er í samfélaginu og meðal stjórnmálamanna um lyfjaverð og sú krafa að það sé sambærilegt við það sem er í nágrannalöndunum. Þetta sé hins vegar erfitt, meðal annars vegna smæðar markaðarins og ýmissa krafna við lyfjasölu. Til dæmis vegna þeirrar kröfu að lyf séu skráð sérstaklega á Íslandi. Hún segir að hægt væri að lækka kostnað til dæmis með því að tekin væri ákvörðun um samræma norræna skráningu lyfja. „Það væri hægt að hugsa sér kerfi þar sem við segjum einfaldlega að ef eitthvað er nógu gott fyrir Dani þá er það nógu gott fyrir okkur líka,“ segir hún.

**LÆRÐI MARGT AF DÖNUM**

Reyndar er Danmörk Hrund nokkuð hugleikin enda bjó hún þar í sjö ár. Hún sótti þangað framhaldsnám í alþjóðaviðskiptum og starfaði þar í nokkur ár í kjölfarið áður en hún var ráðin rekstrarstjóri Lyfja og heilsu fyrir um fjórum árum. Hún segist hafa lært margt af Dönum. „Ég lærði ákveðin vinnubrögð. Danir eyða áttatíu prósentum af tímanum í að skipuleggja og tuttugu prósentum í að framkvæma. Við eyðum tuttugu prósentum í að skipuleggja, áttatíu prósentum í að framkvæma og síðan tuttugu prósentum í viðbót í að leysa úr allri vitleysunni sem við skipulögðum ekki nógu vel,“ segir Hrund og hlær við. Hún bætir því við að stundum geti þetta bráðlæti Íslendinga til framkvæmda verið til góðs. „Af því við erum fljótari af stað getum við stundum verið á undan í mark,“ bætir hún við.

Hún segir að henni hafi líka stundum þótt Danir vera stirðbusalegir og hún saknaði þess viðhorfs að allt sé gert til að leysa úr þeim málum sem upp koma. Hún hafi því gætt sín á því að viðhalda eldmóðinum á meðan hún lærði öguð og skipulögð vinnubrögð af frændum okkar í Danmörku. „Danirnir sem eru að fara í sumarfrí núna eru ekki bara búnir að skipuleggja það frí heldur eru þeir líklega búnir að ákveða hvenær þeir ætla á næsta ári og hvert þeir ætla að fara og svo skipuleggja þér mörg ár fram í tímann hvert þeir ætla að fara á stórafmælum og leggja fyrir peninga til þess í mörg ár. Ég held að ég verði nú aldrei þannig,“ segir hún.

Við ræðum um hversu ólíkt viðhorf Danir hafa til ýmissa hluta. „Þeir eru eina fólkið sem ég veit um sem mætir í partí með sinn eigin bjór og tekur glerin með sér heim,“ segir hún.

**LYF OG HEILSA Í ÚTRÁS**

Alls reka Lyf og heilsa á fjórða tug útibúa víða um land og segir Hrund að félagið telji að stærri tækifærin hér á landi í smásölu lyfja séu að mestu uppurin. Fyrir um ári síðan var því farið út í vinnu við að endurskilgreina starfsvettvang Lyfja og heilsu.

Í stað þess að beina sjónum sínum eingöngu að innlendum smásölumarkaði munu Lyf og heilsa starfa almennt á heilbrigðismarkaðinum. Félaginu var því skipt upp í einingar og móðurfélaginu gefið nafnið Lyf og heilsa eignarhaldsfélag.

Nú fyrir helgi gekk félagið frá kaupum á verslun Össurar hf. við Suðurlandsbraut og keypti göngugreiningarhluta þeirrar starfsemi. Þá munu Lyf og heilsa hefja útrás til Evrópu á næstu misserum og hefur þegar verið ákveðið að gera strandhögg á tveimur stöðum í Suðaustur-Evrópu þótt Hrund vilji ekki að svo stöddu gefa upp hvar það verði.

„Við erum að reyna að taka alla þá reynslu sem við erum búin að afla hér heima og endurtaka þetta annars staðar. Það þarf að taka ýmislegt inn í myndina, bæði hvað varðar menningarlegt og lagalegt umhverfi,“ segir hún. Lyf og heilsa fylgja því í fótspor margra annarra íslenskra smásala sem telja að reynslan hérlendis geti gefið þeim forskot í samkeppni á öðrum mörkuðum.

**REYNSLA MIKILVÆGARI EN PRÓFGRÁÐA**

Hrund segir að útrásin hjá Íslendingum kunni að skýrast að einhverju leyti af því hversu algengt sé að Íslendingar sæki menntun sína til útlanda, auk þess sem mikill kraftur hafi leystst úr læðingi við frelsisvæðingu í verslun og viðskiptum á síðustu árum.

„Við erum almennt mjög vel menntað fólk og sendum fólk út um allan heim í nám og það kemur til baka með mikla víðsýni,“ segir hún. Að hennar mati hefur það verið lán í óláni að íslenskir háskólar hafi ekki boðið upp á allt hugsanlegt nám því það hafi orðið til þess að fólk sækti menntun til útlanda. „Ég held nefnilega að prófið sé eitt en það að fara út, prófa að búa erlendis, sjá hvað er að gerast, ná sér í sambönd og allt þetta. Það er meira virði en prófgráðan,“ segir hún.

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Hrund Rudolfsdóttur*
*framkvæmdastjóra Lyfja og heilsu*

*Hádegisverður fyrir tvo á La Primavera*

*Grillaður aspas*
*með beikoni, kapers og balsamik*
*Pönnusteikt rauðspretta*
*með basil, parmesan og sítrónu*
*Pólentu sítrónubaka*
*með þeyttum rjóma*

Drykkir:
*Vatn*
*Sódavatn með sítrónu*
*Kaffi og espressó*
*Alls: 5.180*

**Danir eyða áttatíu prósentum af tímanum í að skipuleggja og tuttugu prósentum í að framkvæma. Við eyðum tuttugu prósentum í að skipuleggja, áttatíu prósentum í að framkvæma og síðan tuttugu prósentum í viðbót í að leysa úr allri vitleysunni sem við skipulögðum ekki nógu vel.**

# Hagnaður EMI minnkar




**NÝJI GORILLAZ-DISKURINN** Hagnaður útgáfurisans EMI minnkaði um 13 prósent vegna tafa á útgáfu hjá stærstu nöfnum fyrirtækisins.

**Hagnaður útgáfurisans EMI minnkaði um 13 prósent á fyrsta ársfjórðungi sé miðað við sama tímabil í fyrra. Hagnaður fyrirtækisins var 16 milljarðar fyrir skatt en var um 20 árið áður.**

**Er aðallega um að kenna seinkun á útgáfu platna frá tveimur af stærstu hljómsveitum EMI, Gorillaz og Coldplay. Nýja Gorillaz-platan er nýkomin í hillur verslana en Coldplay-platan kemur ekki fyrr en 6. júní.**

**Chris Martin, söngvari Coldplay, hefur þó lagt sitt af mörkum í umræðuna en hann segir að sér standi á sama um afkomu fyrirtækisins: „Mér er alveg sama um EMI. Ég vil bara semja tónlist," sagði hann við litla hrifningu forsvarsmanna fyrirtækisins.**

**Það kemur þó EMI til bjargar að sala á stafrænum varningi hefur rúmlega þrefaldast.** -jsk



Fréttablaðið/GettyImages

**NÝI WEMBLEY-LEIKVANGURINN** Verktakinn sem annast framkvæmdina hefur tapað gríðarlegu fé en lofar þó að leikvangurinn verði tilbúinn fyrir bikarúrslitaleikinn á næsta ári.

# Wembley til í tæka tíð

Ástralska byggingafyrirtækið Multiplex, sem sér um framkvæmdir við nýjan knattspyrnuleikvang Englendinga í London, hefur gefið út yfirlýsingu þess efnis að Wembley-leikvangurinn verði tilbúinn í tæka tíð fyrir úrslitaleik ensku bikarkeppninnar á næsta ári.

Óttast var að framkvæmdinni kynni að seinka en fyrirtækið hefur nú þegar tapað um 6 milljörðum króna á verkefninu.

Fyrirtækið hefur að undanförnu sagt sig frá öðrum verkefnum og virðist ætla að leggja allt í sölurnar til þess að Wembley-leikvangurinn verði tilbúinn á réttum tíma. - jsk

# Virgin græðir

Flugfélagið Virgin Atlantic jók hagnað sinn á síðasta ári þrátt fyrir að eldsneytiskostnaður ryki upp úr öllu valdi. Hagnaður fyrirtækisins var 8,5 milljarðar króna og er það tæpum tveimur milljörðum meira en árið 2003.

Eigandi fyrirtækisins, Sir Richard Branson, telur þjónustu við efnameiri viðskiptavini hafa skipt sköpum: „Við bjóðum nú upp á breiðustu rúmin í háloftunum, auk þess sem við erum með nuddara á okkar snærum fyrir þá farþega sem þess óska". -jsk



**SIR RICHARD BRANSON, EIGANDI VIRGIN** Telur þjónustu við efnameiri viðskiptavini hafa skipt sköpum í betri afkomu fyrirtækisins.


# Framkvæmdastjóri markaðssviðs

Egils

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- MSc. menntun á sviði markaðsmála
- A.m.k. 5 ára reynsla af markaðsstörfum á sviði neytendavöru
- Reynsla af stjórnun sérfræðinga
- Sannfæringarkraftur og hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni og reynsla af stefnumótun og stjórnun vörumerkja
- Hæfni í að dreifa ábyrgð á samstarfsmenn
- Mikil færni í talaðri og ritaðri ensku
- Skapandi hugsun og framkvæmdagleði

**Starfssvið:**
- Seta í framkvæmdastjórn
- Stefnumótun á markaðssviði
- Stefnumótun og stjórnun vörumerkja
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Samskipti við erlenda birgja
- Samskipti við innlenda viðskiptavini
- Samskipti við auglýsingastofur

**Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði drykkjarvöru sem stefnir að því að vera besta sölu- og markaðsfyrirtæki landsins. Við byggjum á gömlum grunni frá 1913 en berum okkur saman við þá bestu í heiminum og tileinkum okkur nútímaleg og framsækin vinnubrögð. Okkar hlutverk er að bjóða uppá heildarlausnir á drykkjarvörumarkaði með hágæða vöru og þjónustu. Á meðal vörumerkja má nefna Pepsi, Smirnoff, Rosemount, Kristall, Gato Negro, Grand Marnier, Gordons, Frissi Fríski, Doritos, Lays og Gatorade. Ölgerðin einbeitir sér auk þess að öflugri vöruþróun. Fyrirtækið var útnefnt besta markaðsfyrirtæki landsins árið 2002 og hefur unnið Ánægjuvogina fjögur ár í röð. Velta Ölgerðar Egils Skallagrímssonar er tæpir 6 milljarðar og starfsmenn 150.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfsumsóknum hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170 105 Reykjavik Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is



SÖLUFÓLK

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043. Umsóknir með ferilskrá má einnig senda á hrannar.arnarsson@365.is

# Ert þú sá besti?

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

**Þjónusta á sviði ráðninga...**

Veitum persónulega og faglega þjónustu á sviði ráðninga, bæði fyrir fyrirtæki í starfsmannaleit og fólk í atvinnuleit.

Kynnið ykkur nýja heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og skoðið fjölbreytt starfsúrval sem þar er í boði.

Fyrirtæki í starfsmannaleit setjið ykkur í samband við ráðgjafa Ráðningarþjónustunnar og sparið ykkur tíma og fyrirhöfn.

www.radning.is

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN ...framtíðin er ráðin

Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is



**FULLTRÚAR ÍSLANDSBANKI OG FKA HANDSALA SAMNINGINN** Birna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og söludeildar Íslandsbanka, Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka, Margrét Kristmannsdóttir, formaður FKA, og Katrín S. Óladóttir, fyrrverandi formaður FKA.

# Starfsemi FKA efld og styrkt

## Félag kvenna í atvinnurekstri og Íslandsbanki stofna styrktarsjóð.

Félag kvenna í atvinnurekstri og Íslandsbanki hafa skrifað undir samstarfssamning til tveggja ára og mun Íslandsbanki styrkja FKA um tvær milljónir á ári. Íslandsbanki hefur styrkt FKA-viðurkenninguna á undanförnum árum.

Samningurinn felur jafnframt í sér að stofnaður verður sérstakur styrktarsjóður, skipaður tveimur fulltrúum frá FKA og einum fulltrúa frá Íslandsbanka. Á vegum félagsins starfa ýmsar nefndir og geta þær sótt styrk til að mynda vegna ráðstefna, námskeiða og gerðar kynningarefnis. - dh



ANZA
Öruggur rekstur tölvukerfa

**Þú þarft ekki tölvudeild**

Þú færð fulla þjónustu hjá ANZA

ANZA sér um öll tölvumál fyrir fjölda íslenskra fyrirtækja. Það er sérgrein okkar.

ANZA sér um tölvukerfið þitt, allan sólarhringinn, alla daga ársins. ANZA fer aldrei í sumarfrí og er aldrei fjarverandi vegna veikinda.

Kynntu þér málið með því að hafa samband við ANZA í síma 522 5000 eða anza@anza.is

ANZA · Ármúla 31 · 108 Reykjavík · Sími 522 5000 · Fax 522 5099 · www.anza.is

Rekstur ANZA er í samræmi við vottað öryggiskerfi sem byggist á staðlinum ISO 17799 um stjórnun upplýsingaöryggis.
Hornsteinn ANZA er starfsfólk með framúrskarandi þekkingu og hæfni.

ARGUS - 05-0322



Fréttablaðið/Valli

LANDSBANKADEILDIN
DRAUMA LIÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

98,9 BYLGJAN
Reykjavík síðdegis
Alla virka daga kl. 16-18.30
Þorgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson



**Árleg norræn ráðstefna um fjárfestatengsl, Nordic Investor Relations Conference, var haldin á Nordica Hótel. Ráðstefnan er haldin á vegum Félags um fjárfestatengsl (FFT) en þetta er í fyrsta sinn sem hún er haldin á Íslandi. Yfirskrift ráðstefnunnar er The Global Village of IR, sem útleggst á íslensku: Fjárfestatengsl í alþjóðlegu umhverfi.**

**UPPLÝSINGAVEITUR ÍSLENSKS VIÐSKIPTALÍFS** Sveinbjörn Indriðason hjá FL Group, Ásgeir Friðgeirsson hjá Samson og Guðjón Arngrímsson hjá FL Group.



Fréttablaðið/Heiða



Fréttablaðið/GVA

**FYRIRLESARARNIR VORU GLAÐIR Í BRAGÐI** Þór Sigfússon, Hannes Smárason, Ágúst Guðmundsson og Ármann Þorvaldsson.

**KJÓLL OG HVÍTT VORU EINKENNISFÖT KVÖLDSINS** Karl Pétur Jónsson, framkvæmdastjóri Inntaks, og Pétur Blöndal, fjárfestatengill Íslandsbanka.



Fréttablaðið/Heiða




**DAVÍÐ ODDSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA KLIPPTI Á BORÐANN Í NÝRRI VERKSMIÐJU LÝSIS** Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis, líkti byggingu verksmiðjunnar við meðgöngu, sem vakti mikla kátínu viðstaddra.

# Stærsta verksmiðja sinnar tegundar í heimi

## Raflagnir í húsinu eru 46 kílómetrar að lengd.

Ný verksmiðja Lýsis hf. var opnuð nýlega við Fiskislóð í Örfisey og er hún sú stærsta sinnar tegundar í heiminum. Davíð Oddsson utanríkisráðherra opnaði verksmiðjuna formlega með tilheyrandi borðaklippingu að viðstöddu fjölmenni. Var þetta til marks um að starfsemin væri formlega hafin í þessum nýju höfuðstöðvum fyrirtækisins. Þar er undir einu þaki öll rannsóknar- og framleiðslustarfsemi, sem og aðalskrifstofur fyrirtækisins.

Í byggingunni eru 960 tonn af stáli en það jafngildir stálinu sem fer í að byggja þrjár breiðþotur. Í verksmiðjunni eru einnig 46 kílómetrar af raflögnum og Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis, benti á að það jafngilti vegalengdinni til Hveragerðis. - dh



**VINKONURNAR SKEMMTU SÉR VEL** Ingibjörg Pálmadóttir og Katrín Pétursdóttir.




**LÝSI FÉKK ÍÞRÓTTATREYJU AÐ GJÖF Í TILEFNI VÍGSLUNNAR** Katrín Pétursdóttir ánægð með gjöfina.

SELJUM OG LEIGJUM MEST AF ATVINNUHÚSNÆÐI OG FYRIRTÆKJUM
Fjölbreytt þjónusta við fyrirtæki m.a.
Sala atvinnuhúsnæða • Leiga atvinnuhúsnæða
Sala fyrirtækja allar stærðir • Sala á rekstri fyrirtækja
Rekstrarúttektir og ráðgjöf • Stofnun fyrirtækja
FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS
Gunnar Jón Yngvason
Löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali
Viðskiptafræðingur MBA
Borgartúni 28, 2 Hæð • Sími 588 5160 • www.fyrirtaekjasala.is • gjy@fyrirtaekjasala.is
FAGLEG ÞJÓNUSTA • SÉRHÆFÐ ÞEKKING • TRAUST VINNUBRÖGÐ

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
Heildarlausnir
Frá hugmynd að fullunnu verki
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is



# Opinbert eftirlit ótrúlega viðamikið

**Guðmundur Smári Guðmundsson, framkvæmdastjóri Guðmundar Runólfssonar hf. á Grundarfirði, hefur gagnrýnt opinbert eftirlit með sjávarútvegi á Íslandi. Hann segir flóknar reglur skerða sveigjanleika og snerpu fyrirtækja til að takast á við breytta samkeppni.**

**Er eftirlitsiðnaðurinn orðinn of umfangsmikill?**
Þegar fjallað er um opinbert eftirlit hér á landi er það orðin regla að tala um eftirlitsiðnað. Bara þetta orð eftirlitsiðnaður segir allt sem segja þarf! Opinbert eftirlit með atvinnustarfsemi er mjög umfangsmikið og flókið. Á því sviði sem ég starfa og þekki til, það er sjávarútvegur, er opinbert eftirlit ótrúlega viðamikið. Mikil skörun er á milli stofnana og fyrirtækja sem sinna eftirlitinu. Á Íslandi í dag eru milli 35 og 40 stofnanir og fyrirtæki sem sinna opinberu eftirliti með atvinnustarfsemi.

**Hvernig tengist það daglegum rekstri þíns fyrirtækis?**
Í sjávarútvegi er Fiskistofa sú stofnun sem mest hefur vaxið með um 100 starfsmenn og rekstrarkostnað milli 600-800 milljónir kr. Starfsmenn Fiskistofu koma vikulega og stundum oftar að skoða og yfirfara starfsemi í mínu fyrirtæki.

**Eru þessar reglur íþyngjandi fyrir fólk og fyrirtæki?**
Meginþorri þessara regla hefur aukna vinnu og aukinn kostnað í för með sér. Dæmi: Árlega þarf að löggilda vigtar sem kostar tugi og hundruð þúsunda króna fyrir hefðbundna fiskvinnslu. Annað dæmi er vigtarreglugerð sem kveður á um ákveðinn hundraðhluta afla sem þarf að taka í úrtaksvigtun. Þessi reglugerð kostar mitt fyririrtæki gæðarýrnun afla uppá 15-20 milljónir kr. auk mikillar vinnu. Með trausti á aðila innan sjávarútvegsins væri hægt að breyta eftirlitinu á þann hátt að ekki hlytist af gæðarýrnun. Ekki er þó möguleiki á að sleppa þessari vinnu en hægt er að minnka þennan þátt verulega.

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Guðmundar Smára Guðmundssonar*

*framkvæmdastjóra Guðmundar Runólfssonar hf.*



**Takmarka þær athafnafrelsi fólks á einhvern hátt?**
Allar reglur segja til um ákveðnar athafnir manna og færa má fyrir því rök að þær takmarki athafnafrelsi manna. Það sem er verra er að flóknar reglur skerða verulega sveigjanleika og snerpu fyrirtækja til þess að takast á við breytta samkeppni.

**Mismuna eftirlitsstofnarni/reglur fólki, fyrirtækjum eða atvinnugreinum?**
Eftirlitstofnanir eru í eðli sínu ekki öðruvísi en fyrirtæki; þær vilja fara auðveldustu leiðina hverju sinni og liggja yfir fólki og fyrirtækjum sem eru með hlutina í lagi. Hins vegar láta þær fyrirtæki sem eru með allt niður um sig vera þar sem það kostar mikla vinnu og peninga að hafa eftirlit með þeim.

**Er nauðsynlegt að hafa opinbert eftirlitskerfi með atvinnulífinu?**
Í nútíma þjóðfélagi er þörf á einföldu og skilvirku regluverki. Ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra á framkvæmd reglna á að vera grundvallarreglan með einföldu og skilvirku eftirliti og ströngum viðurlögum ef útaf er brugðið.

**Hvaða breytingar eru nauðsynlegar á opinberu eftirliti á Íslandi að þínu mati?**
Einföldun og fækkun eftirlitsstofnana sem tryggir að starfsemi þeirra skarist ekki. Bjóða á út margskonar eftirlit með atvinnufyrirtækjum. Einkaaðilar tryggja ódýrara, skilvirkara eftirlit og afkasta meira án þess að gæði eftirlitsins rýrni.








**THEODÓR ÓLAFSSON, SMÁBÁTASJÓMAÐUR Á SJÖFN HF-315** Theodór Ólafsson sagði í samtali við Fréttablaðið að fyrir tveimur árum hefði hann landað án heimildar einum þorsk og einum steinbít. Fyrir vikið tók Fiskistofa af honum veiðileyfið. Viðbrögð sem þessi sýni hvernig eftirlit hins opinbera geti farið út í öfgar.

# Reglur hins opinbera íþyngjandi

Forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja segja eftirlit hins opinbera aukast sífellt og taka verulega í pyngju fyrirtækjanna. Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar er talið að beinn heildarkostnaður fyrirtækja við að framfylgja eftirlitsreglum nemi um 7,2 milljörðum króna. *Björgvin Guðmundsson* segir flóknara eftirlitskerfi hefta frumkvæði í atvinnulífinu.

Fulltrúar sjávarútvegsfyrirtækja segja opinbert eftirlit með atvinnugreininni sífellt aukast. Samhliða fari kostnaður fyrirtækja upp ef fylgja eigi þeim reglum sem settar eru. Á fundi stjórnar Landssambands smábátasjómanna 16. mars síðastliðinn kom fram að ástandið færi sífellt versnandi. Á heimasíðu sambandsins sagði að hugmyndaflugið væri með ólíkindum um það sem mönnum kæmi í hug að nauðsynlegt væri að skoða og hafa eftirlit með. Haft var eftir Guðmundi Lúðvíkssyni, fulltrúa Fonts í LS, að einstaklingsútgerðir stæðu hreinlega ekki undir eftirlitsáráttunni. Dæmi væri um að stærri fyrirtæki væru krafin um á annan tug milljóna fyrir eftirlitskostnað. Það mætti líkja þessum eftirlitsiðnaði við verstu náttúruhamfarir – svo þungt legðist hann á fyrirtæki.

MÁLIÐ ER

*Eftirlitsiðnaðurinn*

Á þessum degi árið 1985 bannaði Knattspyrnusamband Evrópu enskum fótboltafélögum að leika í Evrópu í óákveðinn tíma. Fjórum dögum áður létust 39 í óeirðum á Heysel-knattspyrnuleikvanginum í Brussel fyrir leik Liverpool og Juventus. Talið var að stuðningsmenn Liverpool hefðu ráðist á varnarvegg sem átti að skilja þá að frá stuðningsmönnum Juventus, með þeim afleiðingum að veggurinn hrundi á þá síðarnefndu. Breska knattspyrnusambandið meinaði einnig enskum liðum að spila í Evrópu. Skotland, Wales og Norður-Írland voru undanskilin banninu. Ýmsir forsvarsmenn innan enska knattspyrnusambandsins fögnuðu banninu og sögðu að ensk lið ættu ekki að fá að spila fyrr en þau hefðu gert hreint fyrir sínum dyrum. Eftir atvikið kunngjörði breska ríkisstjórnin að hún ætlaði að gera ráðstafanir til að hafa meiri stjórn á stuðningsmönnum knattspyrnuliða.



**HEYSEL-LEIKVANGURINN**

Keppnisbann enskra liða í Evrópu stóð í þrjú ár. Fótboltabullur hafa þó síðan verið til vandkvæða í breskri knattspyrnu og eru enn. Árið 1992 voru þær til vandræða í úrslitaleik Evrópumótsins sem haldið var í Svíþjóð. Þremur árum síðar þurfti að aflýsa vináttulandsleik Írlands og Englands vegna óeirða og árið 2000 áttu Englendingar á hættu að vera meinað að taka þátt í Evrópukeppninni í Hollandi og Belgíu vegna bulluláta.

## MERKISATBURÐIR

**1495** Ritheimildir greina frá skosku viskíi í fyrsta sinn. John Cor munkur bruggaði lífsins vatn fyrstur Skota.

**1862** Þrælahald er afnumið í Bandaríkjunum.

**1869** Thomas Alva Edison fær einkaleyfi á kosningavél.

**1880** Fyrsti símasjálfsalinn er settur upp.

**1908** Hafnarfjörður fær kaupstaðarréttindi.

**1968** Sundlaugin í Laugardal er opnuð almenningi.

**1976** Síðasta þorskastríðinu lýkur með samningum við Breta. Þeir viðurkenndu þar með í reynd 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslendinga.

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Fríða Stefánsdóttir**

Grund, Vestmannaeyjum,

lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja miðvikudaginn 25. maí.
Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 4. júní kl. 14.00. Þeir sem vilja minnast Önnu Fríðu er bent á Hraunbúðir Vestmannaeyjum.

**Stefán Örn Jónsson** **Björk Elíasdóttir**
**Ragnheiður Lára Jónsdóttir** **Karl Harðarson**
**Helena Jónsdóttir** **Jón Bragi Arnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar og afi,*

**Ragnar Guðmundsson**

lést á heimili sínu sunnudaginn 22. maí.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 3. júní kl. 13.

**Sigríður Heiða Ragnarsdóttir,**
**Guðmundur Ragnarsson,**
**Benedikt Steinþórsson.**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Björn Aðils Kristjánsson**

múrarameistari, Bræðratungu 19, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju föstudaginn 3. júní kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Lovísa Hannesdóttir**
**Unnur Sólveig Björnsdóttir**
**Hannes Björnsson** **Hafdís Ólafsdóttir**
**Kristján Björnsson** **Helga Haraldsdóttir**
**Sigríður Björnsdóttir** **Brynjar Guðmundsson**
**Illugi Örn Björnsson** **Fanný María Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jónu M. Sigurjónsdóttur**

Skildinganesi 4, Reykjavík.

**Þórður M. Adólfsson**

**Sólborg H. Þórðardóttir** **Atli Karl Pálsson**
**Sigurjón Þórðarson** **Hrafnhildur Garðarsdóttir**
**Ragnheiður M. Þórðardóttir** **Jón Oddur Magnússon**
**Gróa María Þórðardóttir** **Baldvin Kárason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON** Nýr forstjóri Icelandic Group er alæta á fisk.

TÍMAMÓT: ÞÓRÓLFUR ÁRNASON TEKUR VIÐ STARFI FORSTJÓRA ICELANDIC GROUP

# Borðar fisk af færibandi

Þórólfur Árnson, fyrrverandi borgarstjóri, segist vera kominn á kunnugar slóðir nú þegar hann tekur við sem forstjóri Icelandic Group, nýs sameinaðs félags Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsa og Sjóvíkur. Afskipti hans af sjávarfangi hafa verið talsverð í gegnum tíðina en hann vann meðal annars lokaverkefni um framleiðsluaðferðir í fiskiðnaði þegar hann stundaði nám í iðnaðar- og rekstrarverkfræði í Danmörku í byrjun níunda áratugarins.
Þá starfaði hann að hönnun vinnslulína og skipulagningu fiskvinnslufyrirtækja hjá verk-

---



*Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ottós Níelssonar**

Hrafnistu, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Reykjavík fyrir frábæra umönnun.

**Þröstur Kr. Ottósson**
**Halldóra G. Ottósdóttir** **Jón Steingrímsson**
**Sveinn M. Ottósson** **Gunnhildur Kr. Þórarinsdóttir**
**Konráð A. Ottósson**
**Kristín Gunnbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Anna Clara Sigurðardóttir**

Lindargötu 57, Reykjavík,

verður jarðsungin fimmtudaginn 2. júní frá Dómkirkjunni í Reykjavík kl. 13.00.

**Þórir Erlendsson** **Valgerður Jóhannesdóttir**
**Guðmundur Erlendsson**
**Marólína G. Erlendsdóttir** **Björgvin Björgvinsson**
**Olga Dagmar Erlendsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

## ANDLÁT

**Ragnar Guðmundsson** lést sunnudaginn 22. maí.

**Skarphéðinn Kristinn Sverrisson**, Ljósuvík 27, Reykjavík, lést föstudaginn 27. maí.

**Ragna Ágústdóttir**, Hátúni 4, Reykjavík, lést föstudaginn 27. maí.

**Kristján Þorleifsson**, Hrauntungu 20, Hafnarfirði, lést föstudaginn 27. maí.

**Þórður Annas Jónsson**, frá Gestsstöðum, áður til heimilis í Markholti 7, Mosfellsbæ, lést laugardaginn 28. maí.

**Guðbjörg J. Pálsdóttir**, síðast til heimilis í Fannborg 8, Kópavogi, lést laugardaginn 28. maí.

**Vigdís Björnsdóttir**, fyrrverandi kennari og forvörður, Grensásvegi 47, Reykjavík, lést laugardaginn 28. maí.

**Lára Sigurbjörnsdóttir**, Ási við Sólvallagötu, lést sunnudaginn 29. maí.

**Ingibjörg Andrésdóttir (Didda í Síðumúla)**, Dvergholti 4, Mosfellsbæ, lést mánudaginn 31. maí.

## JARÐARFARIR

13.00 **Kristín Laufey Guðjónsdóttir** verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

13.00 **Guðmundur Sæmundsson** tæknifræðingur, Álftamýri 25, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

13.30 **Jóhannes Pálsson**, Grundargerði 3c, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Sigríður Ingibjörg Claessen** kennslumeinatæknir, Sæviðarsundi 82, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Jakobína H. Schröder**, Fannborg 8, áður Birkihlíð við Nýbýlaveg, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

15.00 **Kristjana Steingrímsdóttir**, Asparfelli 4, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.



**VITINN Á GRÆNEYJUM** Þessi viti á Taívan er fallegur á að líta en hann var áður notaður til að hýsa pólitíska fanga.

fræðifyrirtæki í Danmörku auk þess sem hann var markaðsstjóri Marels til sjö ára. „Þannig að ég hef ferðast um öll heimsins höf og rætt við útgerðarmenn um allan heim,“ segir Þórólfur, sem enn er varaformaður í stjórn Marels.

Forstjórastaðan var fyrst nefnd við Þórólf fyrir tæpum fjórum vikum en hann segir að ekki hafi verið hægt að ákveða neitt fyrr en á hluthafafundi á mánudag.

Um hið nýja nafn félagsins segir Þórólfur að það sé fyrst og fremst skilaboð um alþjóðavæðingu fyrirtækisins. „Icelandic er sterkasta vörumerki í íslenskum fiskiðnaði og mér finnst það vel til fallið að nýta það á erlendri grund enn betur en gert hefur verið,“ segir Þórólfur sem ætlar að leggja áherslu á hópvinnu í starfi sínu eins og ávallt þegar hann kemur nálægt stjórnun.

Þórólfi finnst fiskur góður og borðar hann í miklum mæli. Hann hefur þann háttinn á þegar hann kemur í verksmiðjur að hann smakkar af færibandinu. „Þannig finn ég hvort hráefnið er gott,“ segir Þórólfur sem er alæta á fisk en enginn er þó í sérstöku uppáhaldi. Hins vegar segist hann hafa gert töluvert af því að grilla lúðu undanfarið.

Ekki er ljóst hvort mikið verði um sumarfrí hjá Þórólfi en hann ætlar þó eitthvað í sumarbústað.

Um helgina ætlar hann að tína rituegg á Mýrum og síðan vonast hann til að komast eitthvað í lundaveiði í sumar. ■

## AFMÆLI

**Kristján Guðmundsson** myndlistarmaður er 64 ára.



**Ríkey Ingimundardóttir** myndlistarmaður er 63 ára.



**Linda Vilhjálmsdóttir** rithöfundur er 47 ára.



**Einar Vilhjálmsson,** fyrrum spjótkastari, er 45 ára.



**Jörundur Áki Sveinsson,** landsliðsþjálfari í knattspyrnu, er 34 ára.

**Elín Helena Petersdóttir** leikkona er 33 ára.

**Sigurður Þ. Líndal** leikari er 32 ára.



**Jón Jósep Snæbjörnsson** söngvari er 28 ára.









## Heyrst hefur ...

... að Þróttarar ætli sér að senda útlendingana sem eru hjá félaginu til síns heima á ný. Þeir hafa ekki staðið undir væntingum og sátu á bekknum hjá Þrótti í gær.

**sport**

sport@frettabladid.is

**HELGI VALUR DANÍELSSON:** VALINN Í ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í STAÐ HJÁLMARS JÓNSSONAR

# *Verður gaman að hitta strákana aftur*

„Ég fékk símtal frá KSÍ í hádeginu og var spurður hvort ég gæfi kost á mér. Að sjálfsögðu sagði ég svo vera,“ segir Helgi Valur Daníelsson, leikmaður Fylkis, sem í gær var valinn í íslenska landsliðið fyrir leikina gegn Ungverjalandi og Möltu í næstu viku í stað Hjálmars Jónssonar hjá Gautaborg, sem á við meiðsli að stríða. Helgi Valur á reyndar einn landsleik að baki sem kom fyrir allnokkru síðan, nánar tiltekið í janúar árið 2001 þegar hann kom inn á sem varamaður í 3-0 sigri gegnÝIndverjum í Cochin á Indlandi. Þá á Helgi Valur tugi landsleikja að baki með yngri landsliðum Íslands.

„Ég get ekki sagt annað en að þetta hafi komið mér skemmtilega á óvart. Það var náttúrlega búið að velja liðið og þetta var í raun það síðasta sem ég var að hugsa um. En ég hlakka mikið til, ég þekki fullt af þessum strákum frá tíma mínum með yngri landsliðunum og það verður gaman að hitta þá aftur. Í leiknum gegn Indlandi var um hálfgert B-lið að ræða en það er náttúrlega toppurinn að komast í hópinn þegar það eru alvöru leikir fram undan eins og núna,“ segir Helgi Valur.



Helgi Valur var þó ekkert frekar á því að frammistaðan gegn ÍA í fyrradag hefði verið það sem gerði útslagið en þá var hann hreint óstöðvandi og nánast eignaði sér miðjuna á vellinum þrátt fyrir að þetta hafi verið í fyrsta skiptið sem hann spilar þá stöðu í sumar. „En það er ljóst að ég er mínu besta formi í langan tíma,“ segir hann. Þess má geta að Helgi Valur fékk einkunnina 9 fyrir frammistöðu sína gegn ÍA í Fréttablaðinu og er hann sá fyrsti sem gerir það í sumar, en samkvæmt skilgreiningu blaðsins segir sú einkunn að viðkomandi sé „í landsliðsklassa.“

## > Við hrósum ...



... Ásgeiri Sigurvinssyni fyrir að velja Fylkismanninn Helga Val Daníelsson í landsliðið í gær. Helgi Valur hefur leikið frábærlega það sem af er sumri og á sætið í landsliðinu svo sannarlega skilið og hefði með réttu átt að vera í upprunalegum hópi landsliðsþjálfaranna.

## > Við hrósum ...



.... Valsmönnum fyrir að standa undir væntingum í Landsbankadeildinni. Miðað við gang mála fyrstu umferðirnar í mótinu er Valur eina liðið sem virðist líklegt til að geta staðið í FH-ingum.

**LANDSBANKADEILDIN**

# Valsmenn vængjum þöndum

**Frábær frammistaða Vals í fyrri hálfleik sló Framara gjörsamlega af laginu og áttu þeir ekkert svar við þremur mörkum Valsara í fyrri hálfleik.**

**Valur 3-0 Fram**

Valsvöllur, áhorf: 1050 — Magnús Þórisson (4)

*1–0 Matthías Guðmundsson (12.)*
*2–0 Sigþór Júlíusson (19.)*
*3–0 Baldur Aðalsteinsson (36.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–11 (5–5) |
| Varin skot | Kjartan 5 – Gunnar 2 |
| Horn | 5–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–16 |
| Rangstöður | 4–1 |



**TVEIR VALSMENN Á HVERN FRAMARA** Valsmenn unnu öruggan sigur á Fram í gær. Hér sést Ingvar Ólason tapa tæklingu gegn þeim Kristni Lárussyni og Sigþóri Júlíussyni (6) sem báðir áttu góðan leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**FÓTBOLTI** Willum Þór Þórsson hefur blásið lífi í Reykjavíkurstórveldið Val. Liðið hefur fullt hús stiga eftir fjórar umferðir og spilaði hreint stórkostlega í fyrri hálfleik gegn Fram í gær. Strax frá fyrstu mínútu var ljóst að menn voru mættir til að hirða þrjú stig og gefa hvergi færi á sér. Það gekk eftir. Vel skipulagðar sóknarlotur Valsara voru fljótar að borga sig er mörkin röðuðust inn í fyrri hálfleik.

Eftir hlé komu Framarar staðráðnir í að láta ekki niðurlægja sig enn frekar og stóðu sig bærilega, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess hvers konar útreið þeir fengu fyrir hlé. Annars var sóknarkrafturinn algerlega horfinn úr liðinu og allur botn datt úr miðjuspili liðsins.

„Við eigum ekkert skilið eftir svona fyrri hálfleik, hann var okkur hreinlega til skammar,“ sagði Ríkharður Daðason, fyrirliði Fram, eftir leik. „Það góða sem við vorum að gera í síðasta leik var ekki til staðar í dag, hvort sem er í vörn eða sókn. Þeir voru betri á öllum sviðum í fyrri hálfleik og það er erfitt að ná upp 3-0 forskoti eftir fyrri hálfleikinn, þó svo að annað hafi sýnt sig undanfarið. Það eina jákvæða við þennan leik er að við berjumst vel í seinni hálfleik og gerum þeim erfitt fyrir. En það vantar herslumuninn að fá markið inn og komast þannig aftur inn í leikinn. Og það verður alltaf erfiðara eftir því sem tíminn líður.“

Valsmenn eru skemmtilega leikandi lið sem á stigin tólf fyllilega skilið. Það var hrein unun að fylgjast með liðinu fyrir hlé.

„Við byrjuðum af miklum krafti. Eins og allir vita er langt frí fram undan og við vorum staðráðnir í að fara mjög sáttir inn í það hlé,“ sagði miðjumaðurinn og Valsarinn Sigþór Júlíusson, hæstánægður með góða frammistöðu sinna manna. „Það er frábært að vera með fullt hús stiga en við tökum engu að síður aðeins einn leik fyrir í einu. Við höfum verið lánsamir að hafa byrjað mótið vel og það vill oft vinda upp á sig, það kemur stemning inn í liðið og sjálfstraustið líka. Þetta fylgist alltaf að og verður alltaf auðveldara hjá okkur.“ **eirikurst@frettabladid.is**

| VALUR 4–4–2 | | FRAM 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan | 7 | Gunnar | 7 |
| Steinþór | 7 | Kristófer | 6 |
| Atli Sveinn (gult spjald) | 8 | (61. Ívar | 5) |
| Grétar | 7 | Þórhallur Dan | 6 |
| Bjarni Ólafur | 7 | Kristján | 5 |
| Baldur (mark) | 7 | Gunnar Þór | 6 |
| Sigurbjörn | 7 | Ingvar | 4 |
| Kristinn | 7 | Nörholt | 3 |
| (87. Henriksen | –) | (46. Viðar | 5) |
| ***Sigþór** (mark) | **8** | Mathiesen | 3 |
| Matthías (mark) | 7 | Andri Steinn | 3 |
| (76. Garðar | –) | (29. Heiðar Geir | 6) |
| Guðmundur | 8 | Ríkharður | 6 |
| (80. Sigurður | –) | Andri Fannar | 4 |

*MAÐUR LEIKSINS

Þróttur og Keflavík skiptu með sér stigunum eftir 2–2 jafntefli í Laugardal:

# Fyrsta jafntefli sumarsins staðreynd

**Þróttur 2-2 Keflavík**

Laugardalsv., áhorf: 659 — Egill Már Markússon (6)

*1–0 Eysteinn Pétur Lárusson (39.)*
*1–1 Hörður Sveinsson (45.)*
*1–2 Guðmundur Steinarsson (61.)*
*2–2 Páll Einarsson, víti (71.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 10–9 (4–3) |
| Varin skot | Fjalar 1 – Ómar 2 |
| Horn | 3–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 12–12 |
| Rangstöður | 2–2 |

**FÓTBOLTI** Hann var ekki rishár leikur Þróttar og Keflavíkur í Laugardalnum í gær. Bæði lið áttu frekar slakan dag og það var sanngjarnt að þau skyldu skipta með sér stigunum. Niðurstaðan var steindautt fjögurra marka jafntefli, 2-2. Mörkin fjögur komu úr víti, aukaspyrnu, hornspyrnu og með góðu skoti.

Keflvíkingar voru alltaf líklegri uppi við markið en gekk illa að binda endahnútinn á sóknir sínar. Hin margfræga síðasta sending fór ansi oft forgörðum. Spilamennska Þróttara var ekki til fyrirmyndar. Endalausar kýlingar og svo var lagt upp með að ná seinni boltanum og gera eitthvað við hann. Eins og áður sagði náði leikurinn aldrei neinum hæðum og þótt Keflvíkingar hafi verið betri fram á við var jafntefli sanngjörn niðurstaða.

„Mér fannst við spila ágætlega. Þetta var með því skásta hjá okkur í sumar,“ sagði Páll Einarsson, fyrirliði Þróttar.

„Við ætluðum okkur meira en einbeitingarleysi varð okkur að falli. Eins og staðan er í dag verðum við í botnbaráttu en við höfum trú á að við getum betur og við stefnum upp á við.“ Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur, skoraði gull af marki og var með skárri mönnum vallarins í gær.



**GLÆSIMARK** Baldur Sigurðsson og Hörður Sveinsson fagna hér glæsimarki Harðar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

„Við erum grautfúlir með að hafa ekki fengið öll stigin.Við vorum ekki að spila okkar bolta og spurning hvort skortur á breidd sé að há okkur. Við getum gert miklu betur enda var liðsheildin döpur. Við vorum heppnir með að ná stigi miðað við hvað við vorum daprir.

**henry@frettabladid.is**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Landsbankadeild karla*

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 4 | 4 | 0 | 0 | 12–1 | 12 |
| **VALUR** | **4** | **4** | **0** | **0** | **10–2** | **12** |
| KEFLAVÍK | 4 | 2 | 1 | 1 | 7–8 | 7 |
| **FYLKIR** | **4** | **2** | **0** | **2** | **7–5** | **6** |
| FRAM | 4 | 2 | 0 | 2 | 6–4 | 6 |
| **KR** | **4** | **2** | **0** | **2** | **4–4** | **6** |
| ÍA | 4 | 2 | 0 | 2 | 4–7 | 6 |
| **GRINDAVÍK** | **4** | **1** | **0** | **3** | **6–12** | **3** |
| ÞRÓTTUR | 4 | 0 | 1 | 3 | 3–8 | 1 |
| **ÍBV** | **4** | **0** | **0** | **4** | **3–11** | **0** |

### *Landsbankadeild kvenna*

**KR–FH 6–1**
1–0 Júliana Einarsdóttir (13.), 2–0 Hrefna Jóhannesdóttir (19.), 2–1 Valdís Rögnvaldsdóttir (23.), 3–1 Hrefna Jóhannesdóttir (70.), 4–1 Hrefna Jóhannesdóttir (74.), 5–1 Guðrún Sóley Gunnarsdóttir (84.), 6–1 Hrefna Jóhannesdóttir (87.).

**KEFLAVÍK–VALUR 0–9**
- Dóra María Lárusdóttir 2, Rakel Logadóttir 2, Margrét Lára Viðarsdóttir 2, Laufey Ólafsdóttir 2, Elín Svavarsdóttir.

**STJARNAN–ÍA 1–0**
1–0 Björk Gunnarsdóttir (77.).

**ÍBV–BREIÐABLIK 1–2**
0–1 Guðlaug Jónsdóttir (18.), 0–2 Erna Björk Sigurðardóttir (46.), 1–2 Bryndís Jóhannesdóttir (57.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KR | 3 | 3 | 0 | 0 | 16–3 | 9 |
| **BREIÐAB.** | **3** | **3** | **0** | **0** | **9–4** | **9** |
| VALUR | 3 | 2 | 0 | 1 | 17–4 | 6 |
| **ÍBV** | **3** | **1** | **0** | **2** | **13–5** | **3** |
| FH | 3 | 1 | 0 | 2 | 2–8 | 3 |
| **KEFLAVÍK** | **3** | **1** | **0** | **2** | **4–12** | **3** |
| STJARNAN | 3 | 1 | 0 | 2 | 2–10 | 3 |
| **ÍA** | **3** | **0** | **0** | **3** | **3–20** | **0** |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚNÍ**

29 30 31 **1** 2 3 4

**Miðvikudagur**

**SJÓNVARP**

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur fjórum sinnum.
- 16.50 **Smáþjóðaleikarnir** á RÚV. Fyrsti þáttur af fimm endursýndur.
- 18.20 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 19.35 **Golf** á Sýn. Sýnt frá bandarísku mótaröðinni.
- 20.30 **Fitness** á Sýn. Sýnt frá karlakeppninni á bikarmótinu,
- 21.00 **Tiger Woods** á Sýn. Fyrsti þáttur af þremur um þennan frábæra kylfing.
- 21.30 **Smáþjóðaleikarnir** á RÚV. Annar þáttur af fimm
- 22.00 **Olíssport** á Sýn. Íþróttir dagsins gerðar upp.
- 23.15 **Poker** á Sýn. Sýnt frá HM í póker.

| ÞRÓTTUR 3–5–2 | | KEFLAVÍK 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar | 5 | Ómar | 5 |
| Eysteinn (mark) | 6 | Guðjón | 4 |
| Jens | 6 | O´Callaghan | 4 |
| Ólafur | 5 | Johansson | 6 |
| Freyr | 4 | Milisevic | 5 |
| Páll (mark) | 4 | Jónas Guðni | 6 |
| Halldór | 4 | Baldur | 5 |
| Haukur Páll | 4 | (65., Abdulkadir (gult spjald) | 4) |
| Ingvi | 4 | Hólmar Örn | 6 |
| Henning | 3 | (84., Gunnar H. (rautt spjald) | –) |
| (86. Maruniak | –) | Gestur | 5 |
| Þórarinn | 4 | (84. Atli Rúnar | –) |
| (77. Sævar | –) | Hörður (mark) | 6 |
| | | ***Guðmundur** (mark) | **6** |

*MAÐUR LEIKSINS



GULLSTELPA ÚR GRAFARVOGI Íris Anna Skúladóttir vann gullverðlaun í 5000 metra hlaupi í gær, eitt sex gulla íslenska hópsins á fyrsta degi Smáþjóðaleikanna í Andorra. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN GUÐJÓNSSON

# 18 íslensk verðlaun

## Elleftu Smáþjóðaleikarnir fóru af stað í Andorra í gær. 15 ára stelpa stal senunni í frjálsum íþróttum.

**SMÁÞJÓÐALEIKAR** Það má segja að fimmtán ára stúlka úr Grafarvogi hafi stolið senunnni á fyrsta degi elleftu Smáþjóðaleikanna sem fóru af stað í Andorra í gær. Íris Anna Skúladóttir bætti Íslandsmetið í þremur aldursflokkum og vann eina gull Íslands í frjálsum íþróttum í gær. Stelpurnar héldu uppi heiðri Íslands á þessum fyrsta degi og unnu alls ellefu verðlaun þar af fjögur af sex gullverðlaunum Íslands. Ísland vann alls til 18 verðlauna á þessum fyrsta degi og komu flest gullin í júdóinu eða alls þrjú.

Íslenska frjálsíþróttafólkið vann alls til fimm verðlauna á fyrsta deginum því auk Írisar Önnu vann Óðinn Þorsteinsson silfurverðlaun í kringlukasti, og þær Ásdís Hjálmsdóttir (kúla), Jóhanna Ingadóttir (þrístökk) og Fríða Rún Þórðardóttir (5000 metra hlaupi). Sigurbjörg Ólafsdóttir (100 metra hlaup) og Jón Arnar Magnússon (stangarstökk) voru bæði við það að ná inn á pall og munaði sem dæmi aðeins 2/100 hjá Sigurbjörgu.

Íris Anna var líka kát eftir að sigurinn var í höfn í gær en hún verður ekki 16 ára fyrr en í ágúst og varð þarna að ná sjötta besta tíma íslenskrar konu frá upphafi í 5.000 metra hlaupi. „Þetta gekk mjög vel og var mjög gaman. Ég vissi voðalega lítið um hina keppendurnar en setti mér það markmið að ná undir 18 mínúturnar og ég er mjög ánægð með að hafa náð því. Þetta byrjaði voðalega hægt en svo gaf ein í og ég reyndi bara að fylgja henni eftir. Ég var alveg búin þegar ég kom í mark og lagðist bara niður,“ sagði Íris.

Júdófólkið vann til sex verðlauna þar unnu þau Margrét Bjarndóttir (- 63 kg flokki), Þorvaldur Blöndal (-100 kg flokki) og Þormóður Jónsson (yfir 100 kg flokki) gull. Gígja Guðbrandsdóttir (-70 kg) og Snævar Már Jónsson (-81 kg) unnu silfur og Vignir Guðjónsson vann brons í -90 kg flokki.

Íslenska sundfólkið vann til sjö verðlauna á fyrsta degi Smáþjóðaleikanna og þar af unnu þær Erla Dögg Haraldsdóttir (200 metra fjórsund) og Anja Ríkey Jakobsdóttir (200 metra baksund) til gullverðlauna. Ragnheiður Ragnarsdóttir (silfur) og Sigrún Brá Sverrisdóttir (brons) komust báðar á pall í 100 metra skriðsundi, Jakob Jóhann Sveinsson vann silfur í 200 metra fjórsundi, Jóhanna Gerða vann silfur í 200 metra baksundi þar sem Ísland vann tvöfalt og loks vann Kjartan Hrafnkelsson silfur í 200 metra baksundi.

ooj@frettabladid.is




KORTER.IS

Tilboð óskast í einbýlishúsalóðir

ÍAV

ÍAV óska eftir tilboðum í sextán einbýlishúsalóðir við Þrastarhöfða í Mosfellsbæ.

Tilboð skilist til ÍAV, Höfðabakka 9, fyrir kl. 12 þann 6. júní nk.

Allar nánari upplýsingar um lóðirnar og skilmála útboðsins er að finna á www.iav.is/gogn/index.htm

Höfðahverfi í Mosfellsbæ er fallegt hverfi á frábærum stað. Stutt er í alla þjónustu, höfuðborgin og miðbær Mosfellsbæjar í þægilegri fjarlægð. Hverfið býður upp á nánd við náttúruna og hvers kyns útivist, hvort sem það er golf, gönguferðir eða hestamennska sem heillar.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is

# Mest lesna bílablaðið*






Tölurnar tala sínu máli. Mun fleiri lesa bílablað Fréttablaðsins en Morgunblaðsins. Bílablað Fréttablaðsins á laugardögum nýtur góðs af smáauglýsingum og er vettvangur þeirra sem eru að skoða og leita sér að nýjum bíl. Blaðið hefur yfirburði í lestri hjá körlum á öllum aldri. Í aldurshópi karla á aldrinum 20-40 ára lesa 58% fleiri bílablað Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

-stærsti fjölmiðillinn

*Lestur á „Bílar ofl." í laugardagsblaði Fréttablaðsins.
Lestur á „Bílar" í föstudagsblaði Morgunblaðsins.
Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup maí 2005




# STUÐ MILLI STRÍÐA : Ekki hræða sokkana!

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** HELDUR AÐ SMÁ PRÓFESSORSSKAMMTUR LEYNIST INNRA MEÐ ÖLLUM.

MYND: HELGI SIGURÐSSON



Ég vaknaði í morgun frekar mygluð og ógeðsleg og skakklappaðist fram í eldhús og tók til morgunmat og lagaði te. Í einhverjum skrítnum transi greip ég svo mjólkurfernuna og hellti mjólkurslurk beinustu leið ofan í saklausa marmelaðikrukkuna. Í sekúndubrot áttaði ég mig ekki á því hvað ég hefði gert heldur starði ég ofan í og velti því fyrir mér hvað þetta hvíta væri að gera ofan í marmelaðinu. Ég rankaði svo við mér og skildi það að ég væri með mjólkurfernuna í hendinni og tebollinn væri staðsettur annars staðar á borðinu.

Ég á það til að vera utan við mig. Ég set ostinn í örbylgjuna í staðinn fyrir ísskápinn, ég skræli kartöflur og set hýðið ofan í smjördolluna og ég helli súrmjólk ofan í glasið mitt í staðinn fyrir á salatið (súrmjólk er einmitt snilldar salatdressing sko).

Þegar ég var lítil átti ég það til að henda skítugum þvotti ofan í ruslið eða jafnvel klósettið í staðinn fyrir að henda honum í óhreinatauið. Ég trúi ekki öðru en að allir lendi í svona atvikum. Það er kannski misjafnt hversu miklir prófessorar leynast innra með manni en við getum ekki verið kúl alltaf. Það væri líka ekkert fyndið.

Stundum er þetta eins og eitthvert sambandsleysi. Hausinn dettur út í smá tíma og allt í einu stendur maður inni á baði og áttar sig á því að eitt stykki sokkapar er ofan í klósettinu. Ekki beinlínis ákjósanlegur staður fyrir neitt nema endurunninn mat og drykk og aldrei skemmtilegt að fara í veiðimannaleik við klósettbrúnina. „Uss! Ekki hræða sokkana," væri samt svolítið gaman að segja. Ég er reyndar hætt að henda dóti í klósettið og núna er ég aðallega í því að hella mjólk ofan í marmelaðikrukkur eða hrasa um gangstéttarhellur. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Heiðarlegur og afslappaður trúbador á brimbretti

[ TÓNLIST ]
UMFJÖLLUN

Þeir gerast líklegast ekki öllu afslappaðri en brimbrettakappinn Jack Johnson. Hann er fæddur og uppalinn á ströndinni á Hawaii og byrjaði víst að spila á gítarinn við eldinn á kvöldin, eftir að hafa rennt sér á öldunum í sólarbreyskjunni.

Þetta er fjórða plata Jacks og nafn hans verður alltaf þekktara og þekktara á meðal tónlistarunnenda.

Þessi tónlist er eins og sérsmíðuð fyrir sunnudaga á Bylgjunni, flestir aðdáendur Noruh Jones ættu að bráðna yfir þessu. Hér er kassagítarinn helsta vopnið, og Jack reynir aldrei um of á rödd sína. Raular sig í gegnum lögin eins og hann sé í stofunni heima hjá ömmu sinni. Mjög notaleg tónlist hugsa ég með kakóbolla og rjóma.

Jack syngur mikið um ástina sína sem gerir þessa plötu að hjónaplötu. Plötu sem hjón víðs vegar um heiminn eiga eftir að setja í spilarann þegar þau loksins slökkva á sjónvarpinu og vilja eiga notalega stund saman. Og hann Jack á ekki eftir að bregðast þeim. Hann virkar nægilega heiðarlegur í því sem hann er að gera sem trúbadúr með hljómsveit. Hann er þó enginn Damien Rice.

Birgir Örn Steinarsson




**JACK JOHNSON**
IN BETWEEN DREAMS

**NIÐURSTAÐA:** Notaleg plata sem reynir að sannfæra hlustanda sinn um hversu yndislegt lífið er. Og á örugglega eftir að takast það í mörgum tilfellum.

# Fullt starf að passa tölvu

Stjörnurnar vita margar hverjar ekki aura sinna tal. Það kemur bersýnilega í ljós þegar starfsmannalistar þeirra eru skoðaðir og þar kennir ýmissa grasa.

Ein af aðstoðarkonum Mariah Carey passar upp á að síð pils og galakjólar sem söngkonan klæðist dragist ekki eftir gólfinu. Hún stjórnar einnig og skipuleggur aðgerðir til að koma í veg fyrir skemmdir sem geta orðið á flíkunum við þessar aðstæður. En þetta er ekki það eina sem fellur undir verksvið hennar, því hún verður einnig að gæta þess að hafa alltaf meðferðis Louis Vuitton-bakpoka fullan af vatnsflöskum. Önnur stjarna sem lætur starfsmenn sína sinna undarlegum störfum er rapparinn Nelly. Hann hefur starfsmann sem sér um það eitt að gæta þeirra ótalmörgu demantsskartgripa sem hann á. Það eru ekki lítil verðmæti bundin í þeim þar sem hann er einn af blingbling-tónlistarmönnunum. Sá sem hefur þó sennilega undarlegasta starfstitilinn er starfsmaður rapparans Ludacris sem er í fullu starfi við að passa að í GameBoy-tölvu rapparans séu alltaf fullhlaðnar rafhlöður. ■



**MARIAH CAREY** Er ein af þeim stjörnum sem vita ekki aura sinna tal.

# Debra varar konur við



Will&Grace stjarnan Debra Messing segir að hræðilegur þrýstingur sé á konur að ná aftur fyrri þyngd eftir barnsburð. Hún segir að hvort sem mæðurnar séu frægar eða ekki séu mjög ósanngjarnar útlitskröfur gerðar til þeirra af samfélaginu. Leikkonan eignaðist son fyrir ári síðan og þekkir þetta álag því af eigin raun. Margar nýbakaðar Hollywood-mæður sjást þvengmjóar örfáum vikum eftir að hafa átt barn, en til þess beita þær oft mjög óheilnæmum aðferðum. Hún segir þær vera mjög slæma fyrirmynd því það sé alls ekki gott fyrir líkamann þegar konur drífa sig beint af spítalanum og í leikfimisalinn. Hún segir að fólk verði að hafa í huga að það taki líkamann níu mánuði að ganga í gegnum þær breytingar sem verða á meðgöngunni og því sé góð þumalfingursregla að reikna með því að það taki að minnsta kosti níu mánuði að ná aftur fyrri þyngd. ■



**TOM OG KATIE** Tom hefur lýst því yfir að hann vilji giftast Katie þrátt fyrir aldursmuninn. Einhverjir hafa þó efasemdir um að þetta sé sönn ást.

# Ást eða auglýsingabrella?

Tveir þriðju Bandaríkjamanna sem tóku þátt í könnunum tímaritanna People og US Weekly sögðu samband Tom Cruise og Katie Holmes vera eina stóra markaðsherferð fyrir næstu myndir þeirra. Katie Holmes leikur sem kunnugt er í myndinni Batman Begins en Tom Cruise í War of the Worlds, sem báðum er spáð mikilli velgengni í miðasölunni.

Flestir virðast vera á því að sambandið muni ekki endast lengur en yfir frumsýningar þessara mynda. Dálkahöfundur í New York Times sagði að eitt besta ráðið til þess að auglýsa sjálfan sig væri að hefja nýtt ástarsamband og taldi augljóst að slíkt væri málið með Cruise og Holmes. ■

Allt til alls!




Málning, múr- og þéttiefni fyrir húsið

Við bjóðum þig velkominn nýja verslun Múrbúðarinnar á nýjum stað að Klettháls 7. Þar bjóðum við glæsilegt úrval af hvers kyns byggingavörum, verkfærum og tækjum á góðu verði fyrir **alla... alltaf.**




MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

**! Kl. 22.00**

*Patagonia Jazz Quartet flytur djasstónlist í brasilískum og afró-kúbönskum anda á Café Rosenberg í kvöld. Kvartettinn skipa þeir Jacob Hadendorn Olsen á gítar, Ludvig Kári Forberg á víbrafón, Guðjón Steinar Þorláksson á kontrabassa og George Claessen á trommur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Endurnýja ættjarðarlögin

Sigurður Flosason saxófónleikari og Gunnar Gunnarsson organisti ætla að flytja nokkur alþekkt ættjarðarlög í Hafnarfjarðarkirkju í kvöld. Tónleikarnir eru hluti af dagskrá menningarhátíðarinnar Bjartra daga í Hafnarfirði.

Þeir Sigurður og Gunnar gáfu á síðasta ári út geisladisk með íslenskum ættjarðarlögum, sem þeir flytja í algerlega nýjum búningi. Diskurinn hlaut mjög góða dóma og var tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna. Lögin ganga í endunýjun lífdaga í flutningi þeirra Gunnars og Sigurðar. Þeir spinna í kringum lögin, en halda sig þó oftast á rólegu nótunum.

Leikin verða sígild lög Sigfúsar Einarssonar, Pál Ísólfssonar, Emils Thoroddsen auk nýrri ættjarðarlaga. Að gefnu tilefni mun hafnfirska tónskáldið Friðrik Bjarnason, höfundur lagsins „Þú hýri Hafnarfjörður“ koma nokkuð við sögu á tónleikunum.



## EKKI MISSA AF...

... hinni sérkennilegu og fallegu sýningu **Jóns Sæmundar**, „Hvítir hrafnar“, í galleríi Sævars Karls við Bankastræti, en henni lýkur á morgun, fimmtudag.

... sirkusnum **Cirque**, sem sýnir **Söguna um Gústa trúð** á Miðbakkanum í Reykjavík næstu daga á Listahátíð.

... fiðlusnillingnum **Yuri Bashmet**, sem spilar með **Sinfóníuhljómsveit Íslands** á Listahátíðartónleikum annað kvöld.







**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**99% UNKNOWN - Sirkussýning**
*CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ*
Þri 14/6 kl 20, Mi 15/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20, Fö 17/6 kl 20 *Aðeins þessar sýningar*

**25 TÍMAR**
*Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON.* Fi 9/6 kl 20 - 2.500,-
*Einstakur viðburður*

**ÞUMALÍNA**
*Frá Sólheimaleikhúsinu*
Fi 2/6 kl 20 - 1.000,-

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Lau 4/6 kl 14 UPPS., Su 5/6 kl 14 - UPPS., Su 12/6 kl 14 UPPS, Su 12/6 kl 17, Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14, Su 26/6 kl 14

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fi 2/6 kl 20 UPPS., Fö 3/6 kl 20, Lau 4/6 kl 20, Su 5/6 kl 20, Fi 9/6 kl 20, Fö 10/6 kl 20, Lau 11/6 kl 20
*Aðeins 3 sýningarhelgar eftir*

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu
www.borgarleikhus.isMiðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**MÓÐIR OG DÓTTIR Í VANDRÆÐUM** Ingibjörg Reynisdóttir og Ísgerður Elfa í hlutverkum sínum.

# Leikur í eigin leikriti

„Þetta er að verða þannig að leikarinn þarf að gera allt, bæði skrifa og leika og sjá um ljósin og allt,“ segir Ingibjörg Reynisdóttir leikari, sem gerði sér lítið fyrir og skrifaði sjálf leikritið Móðir mín, dóttir mín, sem frumsýnt verður í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld.

„Maður verður að skapa sjálfum sér atvinnu,“ segir hún, en í verkinu fer hún með hlutverk vanhæfrar móður sem á við fíkniefnavanda að etja. Með hlutverk dótturinnar fer Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, sem útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskólans fyrir fáeinum árum. Leikstjóri er Eline McKay.

„Við erum að fjalla um efni sem ekki er mikið rætt um. Það er mikið talað um fíkniefnamál og unglingana, og líka um fullorðna alkóhólista, en það er sjaldan sem maður sér inn í heim aðstandandans í þessum efnum.“

Dóttirin er að komast á unglingsárin og líklega væri best fyrir hana að losna frá móður sinni og komast í umsjón annarrar fjölskyldu. Báðir kostirnir eru samt vondir, að fara og að vera, því enginn vill yfirgefa móður sína.

„Það eru alltaf einhver tilfinningaleg tengsl til staðar þrátt fyrir ljótleikann og allt saman.“

Leiksýningin er frekar stutt, rétt um fimmtíu mínútur í flutningi. Ragnheiður Gröndal söngkona setur sterkan svip á sýninguna, því hún hefur samið nokkur lög við texta Ingibjargar og flytur þau á sýningunni.

Sýning þessi er opnunaratriði Bjartra daga, en svo nefnist lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar. Bjartir dagar í Hafnarfirði hefjast í dag og stendur hátíðin yfir í rúmar tvær vikur.

Aðeins sex sýningar verða á leikritinu, sú síðasta þann 16. júní. ■

# Bjartir dagar byrja

Hafnfirðingar kalla lista- og menningarhátíð sína Bjarta daga. Hátíðin hefst í dag og stendur til 16. júní með fjölbreyttri dagskrá, meðal annars tónleikum, leiksýningu og myndlistarsýningum af ýmsu tagi.

Í dag verður meðal annars dagskránni frumsýning á nýju íslensku leikriti í Hafnarfjarðarleikhúsinu og tónleikar með Sigurði Flosasyni saxófónleikara og Gunnari Gunnarssyni orgelleikara í Hafnarfjarðarkirkju.

Setningarathöfn verður haldin í Hafnarborg klukkan 18 í dag, þar sem Lúðvík Geirsson bæjarstjóri flytur ávarp og kór Flensborgarskóla syngur. Einnig verður útnefndur bæjarlistamaður Hafnarfjarðar.

Þetta árið er lögð sérstök áhersla á þátttöku barna og unglinga. Meðal annars taka hafnfirsk leikskólabörn virkan þátt í Björtum dögum með sýningum á verkum sínum víða um bæinn. ■



**DANSAÐ AF LIST** Listdansskóli Hafnarfjarðar tekur þátt í menningarahátíðinni Björtum dögum, sem stendur yfir í Hafnarfirði næstu tvær vikurnar og rúmlega það.



**ÞAU SETJA KABARETT Á SVIÐ** Leikhópurinn Á senunni er byrjaður að æfa söngleikinn Kabarett, sem verður sýndur í Íslensku óperunni.

# Engir betlarar

Söngleikurinn Kabarett verður sýndur í sumar í Íslensku óperunni. Frumsýning verður þann 4. ágúst en leikhópurinn Á senunni er nú þegar byrjaður að æfa verkið.

Kabarett er sjöunda verkefni leikhópsins Á senunni og hefur verið í undirbúningi í nokkur ár. Þetta er langstærsta verkefni hópsins til þessa, og hefur hann tryggt sér stuðning frá nokkrum fyrirtækjum. Munar þar mest um stuðning frá Spron.

Felix Bergsson leikari, einn helsti forsprakki leikhópsins Á senunni, segir fyrirtæki vera orðin miklu viljugri til þess að styrkja starfsemi sjálfstæðra listamanna heldur en áður var. Bankar, sparisjóðir og önnur stærstu fyrirtæki landsins láti æ oftar fé af hendi rakna.

„Þetta er orðið gerbreytt landslag fyrir okkur, sem erum sjálfstæð í þessu,“ segir Felix, og bætir því við að skýringuna sé meðal annars að finna í því að ungir og kraftmiklir athafnamenn, sem stjórna mörgum stærstu fyrirtækjunum, séu farnir að líta á sjálfstæða leikhópa og aðra listamenn að vissu leyti sem samherja sína.

„Við erum að skapa eins og þeir og stöndum í sjálfstæðum atvinnurekstri. Að minnsta kosti er alveg hætt að líta á okkur sem einhverja betlara.“

Með helstu hlutverk í Kabarett fara Þórunn Lárusdóttir sem leikur Sally Bowles, Magnús Jónsson sem leikur kabarettstjórann Emmsé og Felix Bergsson, en hann leikur rithöfundinn Cliff Bradshaw. Í hlutverkum Fräulein Schneider og Herr Schultz eru þau Edda Þórarinsdóttir og Borgar Garðarsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir leikur Fräulein Kost og Jóhannes Jóhannesson stígur nýútskrifaður út úr Listaháskólanum til að leika Ernst.

Leikstjóri er Kolbrún Halldórsdóttir, en hljómsveitina skipa þeir Sigtryggur Baldursson, Samúel Samúelsson, Matthías Stefánsson, Sigurður Flosason, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson og Karl Olgeirsson, sem jafnframt er tónlistarstjóri sýningarinnar. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**LIGHTS ON THE HIGHWAY** Hljómsveitin spilar á Gauknum í kvöld ásamt Indigo og Pétri Ben.

# Eldsvoði stöðvaði Skotlandsferð

„Við erum að leggja lokahönd á plötuna okkar,“ segir Kristófer Jensson, söngvari í Lights on the Highway. „Þetta er fyrsta platan sem við gerum og ég hlakka mikið til. Þetta hefur verið erfið fæðing.“

Í kvöld ætla þeir félagar að spila á Gauki á Stöng. Um upphitun sér dúettinn Indigo ásamt Pétri Ben.

Lights on the Highway hyggst leika á nokkrum tónleikum í júní en taka sér síðan hlé þangað til platan kemur út, sem væntanlega verður í lok júní eða byrjun júlí.

Kristófer segir reyndar einhvern draug hafa fylgt hljómsveitinni undanfarið, ýmislegt hafi farið úrskeiðis sem átti ekki að fara úrskeiðis.

„Þegar staðir sem við eigum að spila á í útlöndum eru farnir að brenna, þá fer maður nú að hugsa sig tvisvar um,“ segir hann. „Við áttum að spila á stað í Suður-Skotlandi en fengum síðan tölvupóst um að hann væri því miður ekki lengur til, hann væri brunninn.“

Ætlunin var að spila á nokkrum stöðum í þessari sömu ferð, en eftir þessar fréttir hættu þeir við og ákváðu að spila meira hér heima í staðinn.

„Það er alltaf nógur tími til að fara út fyrir landsteinana að spila.“ ■






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

29 30 31 **1** 2 3 4

### Miðvikudagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Kammerkór Akraness** og **Sönghópurinn Veirurnar** halda tónleika í Laugarneskirkju. Á efnisskránni eru íslensk og erlend þjóðlög. Einsöngvari er **Ásgeir Eiríksson**. Stjórnandi Kammerkórs Akraness er **Sveinn Arnar Sæmundsson** og Sönghópsins Veiranna **Þóra Fríða Sæmundsdóttir**.

☐ 20.00 **Indversk tónlist og dans** í Salnum, Kópavogi, í tilefni af opinberri heimsókn forseta Indlands til Íslands. Í fylgdarliði forsetans er 14 manna hópur indverskra úrvals hljóðfæraleikara og dansara. Aðgangur ókeypis.

☐ 22.00 **Patagonia Jazz Quartet** spilar á Café Rosenberg.

#### FÉLAGSLÍF

☐ 17.00 **Aðalfundur Listvinafélags Hallgrímskirkju** verður haldinn í suðursal kirkjunnar. Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður kynning á Kirkjulistahátíð 2005 og dagskránni Sumarkvöld við orgelið.

#### BJARTIR DAGAR

☐ 14.00 **Svava K. Egilsson** opnar **Hrútasýningu** á vinnustofu sinni að Brekkugötu 2. Fjölbreytt verk með íslenska hrútinn í aðalhlutverki. Opið alla daga frá 14-18.

☐ 16.00 **Guðbjörg Lára Viðarsdóttir** opnar sýningu á myndum í Bókasafni Hafnarfjarðar sem hún hefur unnið fyrir bók sína Svarta riddarann.

☐ 18.00 **Setningarhátíð** Bjartra daga verður í Hafnarborg. **Kór Flensborgarskóla** frumflytur tónverk eftir **Hildigunni Rúnarsdóttur**.

☐ 20.00 Leikverkið **Móðir mín Dóttir mín** eftir **Ingibjörgu Reynisdóttur** verður frumflutt í Listaklúbbi Hafnarfjarðarleikhússins, Strandgötu 50.

☐ 20.00 **Sigurður Flosason** saxófónleikari og **Gunnar Gunnarsson** organisti flytja íslensk ættjarðarlög í Hafnarfjarðarkirkju.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Lokahelgi Listahátíðar







„Tvímælalaust hæfileikaríkasta söngkona heims“ Guardian



Anne Sofie von Otter
mezzósópransöngkona
og Bengt Forsberg píanóleikari
**Háskólabíó 4. júní**
Uppselt

Landsbankinn

Myndlistarpassi

**Aðeins 1000 kr.**

**„...umfangsmesta og líklega merkilegasta myndlistarveisla sem hingað til hefur verið haldin“**
Fréttablaðið 19. maí




**Listahátíð í Reykjavík** 2005 14. maí – 5. júní

**Miðasalan opin kl. 12-18 og um helgina kl. 12-16**
Bankastræti 2, sími: 552 8588 og á www.listahatid.is

**www.listahatid.is**






# Fegurðardrottningu skotið úr fallbyssu

Það er óhætt að segja að bandaríski spéfuglinn Jim Rose hafi farið eigin leiðir í skemmtanabransanum en hann hefur vakið heimsathygli með sirkusnum sínum, þar sem hann leiðir undarlegt fólk fyrir áhorfendur og lætur það fremja ýmsa stórundarlega gjörninga sem engum heilvita manni dytti í hug að reyna að leika eftir.

Sirkusinn hefur heldur betur komið Rose á kortið en hann er með eigin sjónavrpsþætti, hefur skrifað metsölubækur og leikið í kvikmyndum, tölvuleikjum og sjónvarpsþáttum. Nægir þar að nefna leik hans í The X-Files auk þess sem sirkusinn hans hefur komið við sögu í þætti um Simpson-fjölskylduna.



**JIM ROSE** Hefur gert geggjaða hluti á sviði í 15 ár auk þess sem hann hefur leikið líðamótalausan morðingja sem engin bönd héldu í The X-Files. Hann hefur einnig náð svo langt að koma við sögu í Simpsons-þætti þar sem hann skaut sjálfum Hómer Simpson úr fallbyssu.

### Langþráð Íslandsheimsókn

Rose hefur lengi haft hug á því að sækja Ísland heim og lætur loks af því verða í sumar. „Ég hef farið í níu heimsreisur með sirkusinn og að þessu sinni vildi ég endilega koma við á Íslandi,“ segir bandaríski furðufuglinn Jim Rose, sem hefur vakið mikla athygli með furðufuglasýningu sinni sem hann kallar Sirkus Jim Rose. „Ég gaf út bók ekki alls fyrir löngu og útgefandinn minn var um svipað leyti að gefa út bók um Ísland. Bókin vakti strax athygli mína og eftir að ég las hana hef ég lesið miklu meira um landið og er orðinn mjög forvitinn.“

Jim treður upp á Broadway þann 28. júlí með sex manna fyrirbæragenginu sínu en ætlar einnig að nota Íslandsheimsóknina til þess að kynna sér land og þjóð. „Maður fer öruggglega eitthvað út í sveit og svo verður maður eitthvað fullur og timbraður í Reykjavík.“ Forsala aðgöngumiða á þennan undarlega sirkus hefst á www.event.is í dag en almenn miðasala byrjar í verslunum Skífunnar á föstudaginn.

Það er óhætt að segja að sýning Jims sé ekki fyrir viðkvæma og aldurstakmark er því 18 ár en auk þess sem furðufyrirbærin hans setja músagildrur á tungur sínar, gleypa rakvélablöð og herðatré lyfta þau rafgeymi úr bíl með geirvörtum sínum og skjóta sér úr fallbyssu. Þetta er aðeins brot af því sem Rose ætlar að bjóða upp á á Broadway og hann segist stefna að því að brydda upp á einhverjum nýjungum fyrir Íslendinga.

### Klámstjarna og sirkusdrottning

„Ég er að láta finna rafknúna sláttuvél fyrir mig og að öllum líkindum munn einn manna minna tylla henni á efri vör sína. Annars er ég alltaf að breyta um mannskap og atriði. Þegar ég kem til Íslands verður glæsileg sirkusdrottning, BeeBee, í för með mér. Hún er gullfalleg og við munum skjóta henni úr fallbyssu þannig að það má segja að hún leysi Hómer Simpson af í því atriði þar sem hann kemur ekki með okkur.“ Rose bætir því við að BeeBee geri ýmsar aðrar kúnstir með kynfærum sínum en nánari útlistanir á því eiga ekki heima í jafn sómakæru blaði og Fréttablaðinu.

„Hinn gullfallega og glæsilega Amber lætur einnig til sín taka með okkur. Hún er 22 ára og hefur leikið í nokkrum klámmyndum. Hún leikur listir sínar með svipu og lyftir lóðum með brjóstunum. Í lok sýningarinnar dreifum við svo helling af smokkum yfir áhorfendur og sá sem er svo heppinn að fá bláan smokk fær að eyða klukkustund með Amber baksviðs. Amber kann einnig mjög vel við konur þannig að það breytir engu þó blái smokkurinn falli einhverjum karlmanni í skaut. Verði kona fyrir valinu má svo alltaf skoða skipti og fá einhvern kraftakarlinn til að hlaupa í skarðið fyrir Amber,“ segir Rose og hlær svo óræðum hlátri að það er ekki nokkur leið að átta sig á hvort honum er alvara.

### Heimsfrægur eftir mótorhjólaslys

Rosa vann árum saman í sirkus áður en hann sló í gegn undir eigin nafni. „Ég þvældist með en var mest í því að selja kók og pulsur á sýningum þangað til ég hækkaði í tign og varð áhættuleikari með það hlutverk að stökkva á mótorhjóli yfir 48 bíla. Ég lenti einu sinni mjög illa og þar með var endi bundinn á þennan feril minn. Þá fór ég að þróa sýninguna mína og stjórna nú vinsælasta sirkus Bandaríkjanna.“

Jim er óspar á lýsingarorðin þegar hann lýsir því sem hann hefur upp á að bjóða. „Við færum ykkur fegurð, kynlíf og hefðbundin sirkusatriði. Sumt er vissulega sjokkerandi en þetta er fyrst og fremst grín. Af og til gerum við eitthvað sem gengur alveg fram af fólki en þetta smellur saman í eina heild og stórkostlega skemmtun. Þetta er yfirgengileg furðufuglasýning en við tökum okkur aldrei of hátíðlega. Þetta er groddalegur kabarett og það má aldrei gleyma því að þetta er grín. Áhorfendur hlæja mikið og við erum að draga fram fegurðina í því sem er kynþokkafult og nærgöngult. Sýningin er mjög hröð og það er eitthvað að gerast í öllum hornum á sama augnabliki. Þetta er kraftaverkasýning sem jafnast á við það magnaðasta úr Biblíunni og þó miðinn tryggi fólki sæti þá getið þið bókað það að þið sitjið spennt á brúninni frá upphafi til enda.

Það skemmtilegasta sem ég geri er að fylgjast með áhorfendum horfa á ósköpin, líta undan og loka augum. Það er það eina sem fólk getur gert þegar því ofbýður en þegar upp er staðið er þetta bara léttgeggjað grín.“

thorarinn@frettabladid.is

# Ævintýrið endurvakið

Eins og kunnugt er hefur eilífðarrokkarinn Bob Geldof unnið að því hörðum höndum að setja saman Live 8 tónleika í stíl við þá tónleika sem haldnir voru fyrir tuttugu árum og kölluðust Live Aid. Í gær staðfesti hann tónleikana endanlega á blaðamannafundi í London. Aðaltónleikarnir verða haldnir í London Hyde Park en einnig verða tónleikar í Fíladelfíu, París, Róm og Berlín. Þeir verða sýndir á breiðtjaldi í sjö borgum um allt Bretland auk þess sem þeir verða sýndir beint á BBC TV og útvarpað.

Meginstefið á tónleikunum verður að fá átta ríkustu löndin til þess að fella niður skuldir þróunarríkjanna en leiðtogafundur þeirra verður einmitt haldin í Skotlandi á þessum sama tíma. Auk þess vilja þeir að markaðir verði opnaðir fyrir löndin og að auknu fjármagni verði varið í hjálpar – og uppbyggingarstarf.

Fyrri Live Aid tónleikarnir voru haldnir þann þrettánda júlí árið 1985 til þess að vekja athygli á hungursneyðinni í Afríku. Þá söfnuðust fjörutíu milljónir punda, sem samsvarar rúmlega fjórum milljörðum íslenskra króna en þessir tónleikar eru ekki fjársöfnun.

Fjöldi tónlistarmanna mun taka þátt í þessum tónleikum og þó nokkrir sem voru með fyrir tuttugu árum, þar á meðal U2, Sting og Sir Paul McCartney. ■

GETTY NORDIC PHOTOS




**BOB GELDOF OG RICHARD CURTIS** Tilkynntu á blaðamannafundi í gær að Live 8 2005 yrðu haldnir 2. júlí.

# Vantar aðeins upp á

[ TÓNLIST ]

UMFJÖLLUN

Lagið Nosirrah Egroeg kom sterkt inn í íslenskt tónlistarlíf fyrir ekki svo löngu. Þar var á ferðinni ný íslensk hljómsveit, Lokbrá, sem söng á íslensku; eitthvað sem hefur ekki verið í tísku undanfarin ár.

Lagið er þó einungis annað af tveimur sem eru á íslensku á þessari fyrstu plötu sveitarinnar. Þeir sem búast við eintómu bítlalegu poppi í anda slagarans fyrrnefnda mega heldur ekki láta sér bregða því einnig fer lítið fyrir því. Hippaáhrifin eru vissulega til staðar víða á plötunni en þó í bland við nútímalegra rokk.

Lögin Ride the Walrush, Conference of Rats og The Kings of the Night stóðu upp úr ásamt Nosirrah Egroeg og Óskasteinum. Hin lögin vöktu minni viðbrögð.

Þó að þessi fyrsta plata Lokbrár sé ágæt nær hún ekki alveg að standa undir væntingum, því mörg laganna eru einfaldlega ekki nógu grípandi. Það fer samt ekki á milli mála að Lokbrá hefur hæfileikana og nær vonandi að slípa þá betur til fyrir næstu plötu.

**Freyr Bjarnason**



**LOKBRÁ**

ARMY OF SOUNDWAVES

**NIÐURSTAÐA:** Þó að þessi fyrsta plata Lokbrár sé ágæt nær hún ekki alveg að standa undir væntingum, því mörg laganna eru einfaldlega ekki nógu grípandi. Það fer samt ekki á milli mála að Lokbrá hefur hæfileikana og nær vonandi að slípa þá betur til fyrir næstu plötu.

# Veggspjöld í 35 borgum

Á næstunni verða sett upp samtímis í 35 stórborgum heimsins, utan Norður-Ameríku, risastór auglýsingaveggspjöld vegna frumsýningar kvikmyndarinnar Batman Begins þann 15. júní.

Mikil spenna ríkir vegna myndarinnar, sem var meðal annars tekin upp hér á landi af 300 manna tökuliði. Myndin, sem kannar uppruna Batmans, verður sýnd í Sambíóunum og Háskólabíói. ■



**BATMAN BEGINS** Kvikmyndin Batman Begins verður frumsýnd þann 15. júní.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Paris Hilton** hefur trúlofast kærasta sínum, gríska erfingjanum Paris Latsis. Hilton segist vera yfir sig ástfangin og þakklát fyrir að hafa kynnst Latsis. Parið hefur verið saman í 8 mánuði og hefur Paris lýst því yfir að hún vilji bæði giftast og eignast börn ung. Brúðkaupsdagurinn hefur ekki verið staðfestur.



Söngkonan **Ashlee Simpson** hefur ekki átt sjö dagana sæla undanfarið. Eftir slæma frammistöðu í *Saturday Night Live* og á *Superbowl* hefur söngferill hennar ekki verið mjög blómlegur. En það er ekki öll von úti og hefur hún nú í samstarfi við tónlistarstöðina *MTV* ákveðið að gefa kost á sér sem skemmtikrafti í einkasamkvæmi fyrir litlar 3 milljónir á lag.



Það lítur út fyrir að ekkert verði af fyrirhugaðri endurkomu **Kryddpíanna** á *Live Aid 2* í sumar. Skipuleggjendum tónleikanna fannst sú létta dægurtónlist, sem stúlkurnar eru þekktar fyrir að flytja, ekki passa nógu vel inn í þann hóp rokktónlistarmanna sem þegar hefur ákveðið að taka þátt. Tónleikarnir eru afar pólitískir og eiga flytjendur að höfða til leiðtoga heimsins með textum sínum og boðskap og þar þykja Kryddpíurnar ekki koma nógu sterkar inn.



Leikarinn og rapparinn **Ice-T** sást í innilegum stellingum með eiginkonu sinni og annarri konu á skemmtistað í New York. Þau voru víst ekkert feimin við að láta vel hvert að öðru en aðrir gestir fóru hjá sér. Ice-T, sem hefur sést á skjánum undanfarið í þáttunum *Law & Order: SVU*, var víst svo ánægður með aðstæður að hann tók upp einnota myndavél og náði öllu saman á filmu.




















**DELICIA MINI** Fyrsta plata sveitarinnar hefur fengið mjög góðar viðtökur í Danmörku.

# Fyrsta platan frá Delicia Mini fáanleg

Hljómsveitin Delicia Mini, með Íslendinginn Kristján Eggertsson í fararbroddi, hefur undanfarið gert það gott með sinni fyrstu plötu á danskri grundu.

Platan, sem nefnist Skuggi, var gefin út í Danmörku fyrir jól og fékk góðar viðtökur gagnrýnenda. Var hún meðal annars valin af Danmarks Radio sem ein af tíu bestu plötum síðasta árs. Delicia Mini spilar skemmtilega blöndu af brimbrettatónlist sjötta áratugarins og kántríi og hefur hún verið borin saman við hljómsveitir á borð við Belle & Sebastian og Eels.

Platan hefur ekki verið fáanleg á Íslandi fyrr en nú, en það eru 12 Tónar sem sjá um dreifingu hennar hér á landi. Delicia Mini spilar á tónlistarhátíðinni Spot í Danmörku í byrjun júní. Sveitin átti auk þess að spila á hinum gamalgróna tónleikastað Rust í Kaupmannahöfn um næstu helgi en vegna skotárásar sem varð á staðnum á laugardaginn var hefur tónleikunum verið aflýst. Þess í stað mun sveitin spila með Ske á Rust föstudagskvöldið 10. júní. Hljómsveitin heldur síðan í þriggja vikna tónleikaferð um Danmörku í október og hugsanlega leggur hún leið sína til Íslands í lok þeirrar ferðar. ■

# Oasis með vinsælustu smáskífuna

Útvarpshlustendur í Bretlandi völdu á dögunum lagið Wonderwall með Oasis bestu smáskífuna. Lagið Bohemian Rhapsody með Queen lenti í öðru sæti og Stairway to Heaven fékk þriðja sætið.

Tónlist, líkt og fótbolti, er allt að því trúarbrögð í Bretlandi og illindi milli aðdáenda sveitanna ekki óalgeng. Skemmst er að minnast rígsins milli Bítlaaðdáenda og Stones-aðdáenda að ekki ógleymdum rígnum milli Wham og Duran Duran, Oasis og Blur.

Miðað við þetta val hafa Bítlarnir og Oasis betur því ekkert lag með Rolling Stones eða Blur nær sæti á listanum. Athygli vekur einnig að hvorki Wham né Duran Duran eru meðal topp tíu. Robbie Williams nær hins vegar níunda sætinu með laginu Angels. ■

**FIMM EFSTU SMÁSKÍFURNAR**

Wonderwall – Oasis
Bohemian Rhapsody – Queen
Stairway to Heaven – Led Zeppelin
Let It Be – The Beatles
Imagine – John Lennon



**LED ZEPPELIN** Hið klassíska rokklag Stairway to Heaven náði þriðja sætinu.



**OASIS** Villingarnir frá Manchester, Oasis, eiga bestu smáskífuna með laginu Wonderwall.




# Merchant hvílir við hlið móður sinnar

Kvikmyndaframleiðandinn Ismail Merchant var grafinn á Indlandi. Þar var hann fæddur og það var hans hinsta ósk að hann yrði grafinn við hlið móður sinnar. Margir leikarar úr indverska kvikmyndageiranum mættu til þess að votta framleiðandanum sína hinstu virðingu en hann dó á miðvikudaginn, 68 ára að aldri.

Ekki er víst hver dánarorsökin er en Merchant lést á sjúkrahúsi.

Talsmaður framleiðandans sagði Merchant hafa haft þrálátar kvalir í maganum síðastliðið ár.

Merchant, James Ivory og rithöfundurinn Ruth Prawer Jhabvala voru eitt afkastamesta þríeyki kvikmyndanna og er samstarf þeirra skráð í heimsmetabók Guinnes sem það farsælasta í sögu óháðrar kvikmyndagerðar. Saman stóðu þau að myndum eins og Howard's End og Remains of the Day.



**ISMAIL MERCHANT** Var grafinn á Indlandi að viðstöddu fjölmenni. Hann hafði kvartað undan magaverkjum í rúmt ár en dánarorsök er enn ókunn.

Merchant framleiddi sjálfur yfir fimmtíu kvikmyndir og kom að leikstjórn nokkurra. ■

www.sambioin.is













ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE OF VAX | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| HOUSE OF VAX VIP | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| CRASH | KL. 6-8.15-10.30 | B.I. 16 |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 3.45-6-8.15-10.30 | |
| THE WEDDING DATE | KL. 4-6-8-10 | |
| THE JACKET | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| SAHARA | KL. 6-8.15 | |
| THE PACIFIER | KL. 4 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4 | |

KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| HOUSE OF VAX | KL. 8-10.10 |
| STAR WARS - EPISODE III | KL. 8-10.45 |

AKUREYRI

| | |
|---|---|
| HOUSE OF VAX | KL. 8-10 |
| THE ICE PRINCESS | KL. 8 |
| THE WEDDING DATE | KL. 10 |

KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE OF VAX | KL. 5.45-8-9.15-10.20 | 16 |
| THE WEDDING DATE | KL. 7-8 | |
| HITCHHIKER´S GUIDE... | KL. 10 | |
| THE ICE PRINCESS | KL. 6 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 KRINGLAN ☎ 588 0800 AKUREYRI ☎ 461 4666 KEFLAVÍK ☎ 421 1170

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is







| | | |
|---|---|---|
| VOKSNE MENNESKER | KL. 6-8.10-10.10 | |
| CRASH | KL. 5.45-8-10.20 | B.I. 16 ára |
| HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY | KL. 5.45-8-10.20 | |
| THE JACKET | KL. 5.45-8-10.20 | B.I. 16 ára |
| VERA DRAKE | KL. 5.40 | |
| MARIA FULL OF GRACE | KL. 8 | B.I. 14 ára |
| THE MOTORCYCLE DIARIES | KL. 10 | |

Háskólabíó


# Paul Bettany leikur Silas



**PAUL BETTANY** Bretinn ljóshærði þykir smellpassa í hlutverk albínóans.

Nú er búið að ráða í hlutverk munksins Silasar í kvikmyndinni sem gerð verður eftir The Da Vinci Code. Orðrómur um að leikarinn Christopher Eccleston, úr bresku þáttunum Doctor Who, myndi taka sér frí frá þeim til að leika hlutverkið reyndist ekki eiga sér stoð í raunveruleikanum, því að Paul Bettany mun leika Silas.

Myndin mun koma út 2006 og verður henni leikstýrt af Ron Howard, leikstjóra A Beautiful Mind, en Bettany lék eitt hlutverkanna í þeirri mynd. Bettany er því kominn í hóp úrvalsleikara sem munu leika í myndinni. Tom **Hanks** verður fræðimaðurinn Robert Langdon, Audrey Tautou úr Amelie leikur Sophie Neveu og Jean Reno, sem lék meðal annars í Léon og Hotel Rwanda, verður lögreglunaglinn Bezu Fache.

Síðast en ekki síst hefur gandálfurinn grái úr Lord of the Rings, Sir Ian McKellen, tekið að sér hlutverk Sir Leighs Teabing. Nú er bara að bíða eftir veislunni og hita upp með því að rifja upp söguþráð bókarinnar. ■

# Rambó aftur á hvíta tjaldið

Sylvester Stallone er ekki dauður úr öllum æðum. Hann hefur loksins tilkynnt að Víetnam-hermaðurinn John Rambo muni snúa aftur á hvíta tjaldið. Miklar vangaveltur hafa verið um hvort Stallone muni taka hlutverkið að sér en ferill hans hefur legið nánast beina leið niður á undanförnum árum. „Ég hlakka til að sýna kvikmyndahúsagestum alvöru hetju – á ný,“ sagði Stallone kokhraustur.



**JOHN RAMBO** „Guð fyrirgefur, Rambo ekki.“ Hvort fleyg setning sem þessi fái að fjúka skal ósagt látið en eitt er víst: Rambo snýr aftur.

Sautján ár eru liðin síðan John Rambo lagði kutann á hilluna en þríleikurinn um þennan snjalla hermann gerði Stallone nánast ódauðlegan. Heimildarmaður lét reyndar hafa eftir sér að ef þessi fjórða mynd gengi upp væri ekki útilokað að fimmta myndin yrði gerð.

Stallone er ekki eina gamla hasarhetjan sem ætlar sér að endurvekja forna hetju til lífsins.



**INDIANA JONES** Bjargaði hinum heilaga kaleik, týndu örkinni og munaðarleysingjum í þremur fyrstu myndunum. Fjórða myndin er í bígerð.

Harrison Ford ætlar jú að smella hattinum á hausinn og leika Indiana Jones í fjórðu myndinni. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Það lítur út fyrir að ekkert verði af fyrirhugaðri endurkomu **Kryddpíanna** á *Live Aid 2* í sumar. Skipuleggjendum tónleikanna fannst sú létta dægurtónlist, sem stúlkurnar eru þekktar fyrir að flytja, ekki passa nógu vel inn í þann hóp rokktónlistarmanna sem þegar hefur ákveðið að taka þátt. Tónleikarnir eru afar pólitískir og eiga flytjendur að höfða til leiðtoga heimsins með textum sínum og boðskap og þar þykja Kryddpíurnar ekki koma nógu sterkar inn.

Leikarinn og rapparinn **Ice-T** sást í innilegum stellingum með eiginkonu sinni og annarri konu á skemmtistað í New York. Þau voru víst ekkert feimin við að láta vel hvert að öðru en aðrir gestir fóru hjá sér. Ice-T, sem hefur sést á skjánum undanfarið í þáttunum *Law & Order: SVU*, var víst svo ánægður með aðstæður að hann tók upp einnota myndavél og náði öllu saman á filmu. ■




birta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

Keramik fyrir alla

Sumarnámskeið



Vinsælu barnanámskeiðin eru að hefjast.
Ein vika, allt innifalið
**kr. 8900.-**
**Keramik fyrir alla**
sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

VATNASKÓGUR





**1. flokkur** FULLT Biðlisti
*8. - 14. júní, 6 dagar*
9-11 ára drengir,
f. 1994-1996

**2. flokkur** LAUS PLÁSS
*14. - 20. júní, 6 dagar*
10-11 ára drengir,
f. 1994-1995

**3. flokkur** FULLT Biðlisti
*20. - 27. júní, 7 dagar*
11-12 ára drengir,
f. 1993-1994

**4. flokkur** NOKKUR LAUS PLÁSS
*27.júní - 4. júlí, 7 dagar*
9-11 ára drengir,
f. 1994-1996

**5. flokkur** LAUS PLÁSS
*4. - 8. júlí, 4 dagar*
9-11 ára drengir,
f. 1994-1996

**6. flokkur** FULLT Biðlisti
*8. - 14. júlí, 6 dagar*
10-12 ára drengir,
f. 1993-1995

**7. flokkur** NOKKUR LAUS PLÁSS
*14. - 21. júlí, 7 dagar*
10-12 ára drengir,
f. 1993-1995

**8. flokkur** NOKKUR LAUS PLÁSS
ÆVINTÝRAFLOKKUR
*21. - 28. júlí, 7 dagar*
12-14 ára drengir,
f. 1991-1993

**9. flokkur** NOKKUR LAUS PLÁSS
UNGLINGAFLOKKUR
*2. - 9. ágúst, 7 dagar*
14-17 ára unglingar,
f. 1988-1991

**10. flokkur** ÖRFÁ LAUS PLÁSS
*9. - 16. ágúst, 7 dagar*
10-13 ára drengir,
f. 1992-1995

Skráning á skrifstofu KFUM og KFUK, Holtavegi 28, í síma **588 8899** og **skraning@kfum.is**






## VIÐ TÆKIÐ

## Danir upplýsa leyndardóm dansins

**FREY GÍGJU GUNNARSSYNI** FINNST VANTA UPPLJÓSTRANIR Í ÍSLENSKT SJÓNVARP.

Þrátt fyrir þá vísindalegu staðreynd að við notum heilann minna við sjónvarpsgláp en þegar við sofum þá er margt hægt að læra af þessu tæki. Sérstaklega ef fróðleikurinn er nauðsynlegur og skemmtilegur. Fyrir nokkru lenti ég til dæmis á skemmtilegum fræðsluþætti um gildi dansins á skemmtistöðum.

Nokkrir þjóðþekktir Danir voru fengnir til að tjá sig um hvað það þýðir þegar fólk dansar saman á skemmtistöðum. Ung stúlka sagði að hún dansaði eingöngu til þess að skemmta sér og þegar einhver ungur maður kæmi og byði henni í dans þæði hún það. Ekki þó undir þeim formerkjum að hún vildi eitthvað meira. Það væri einfaldlega skemmtilegra að dansa við einhvern af hinu kyninu.

Karlkynið var ekki alveg sammála þessu heldur hélt því fram að þegar kona vildi dansa við karl væri hún að gefa það í skyn að henni litist vel á hann. „Maður dansar ekkert við hvern sem er,“ bætti danskur grínisti við og glotti.

Þegar allt kom til alls voru viðmælendurnir alls ekki sammála um hvað það þýddi ef fólk af gagnstæðu kyni dansaði saman eftir stutt kynni. Allir voru hins vegar sammála um að hrynlaust fólk ætti að láta það vera að dansa því það gerði hlutina bara enn verri.

Þegar þátturinn var á enda velti ég því fyrir mér af hverju íslenskt sjónvarp upplýsti ekki áhorfendur um álíka leyndardóma. Hvað hugsa íslenskar stelpur til dæmis ef þeim er boðið í dans? Og hvað rennur í gegnum hausinn á ungum strákum þegar stelpa þiggur boðið? Þættir af þessu tagi myndu koma í veg fyrir margvíslegan misskilning á dansstöðum borgarinnar og bæta samskipti kynjanna til muna. Ég hugsa mig allavega tvisvar um ef stelpa býður mér upp í dans.



**22.20** *Fræðsla*

**FLESH AND THE DEVIL. Bresk heimildarmynd um skírlífi og innri átök fólks sem hefur strengt skírlífisheit.**



**20.30** *Drama*

**MEDIUM. Í þætti kvöldsins segir frá morði á kærustu eiturlyfjabaróns sem var á bak við lás og slá.**



**21.00** *Gaman*

**PROVIDENCE. Hér er á ferðinni lokaþáttaröðin um Hanson-fjölskylduna í blíðu og stríðu.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.50** Smáþjóðaleikarnir 2005 (1:5) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (23:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (35:42)

**18.30** **Sögur úr Andabæ (9:14)** (Ducktales)
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Ed (70:83)** Framhaldsþættir um ungan lögfræðing sem rekur keilusal og sinnir lögmannsstörfum í Ohio.
**21.00** **Í einum grænum (5:8)** Ný garðyrkjuþáttaröð þar sem tekið er á því helsta sem lýtur að fegrun garða. Umsjónarmenn þáttanna, Guðríður Helgadóttir og Kristinn H. Þorsteinsson, gefa áhorfendum hagnýt ráð við umhirðu garða og skipulagningu þeirra.
**21.30** **Smáþjóðaleikarnir 2005 (2:5)**
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.20** **Holdið er veikt** (Flesh and the Devil) Bresk heimildarmynd eftir Antony Thomas um skírlífi og innri átök fólks sem hefur strengt skírlífisheit af trúarlegum ástæðum.

**23.40** Kastljósið **0.00** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Whose Line is it Anyway **13.05** Sjálfstætt fólk **13.40** Hver lífsins þraut **14.10** Að hætti Sigga Hall **14.45** Happy Days (Jamie Oliver) **15.15** Summerland **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir**
▶ **20.30** **Medium (12:16)** (Miðillinn) Allison DuBois er þekktur miðill í Bandaríkjunum. Hún sér það sem aðrir sjá ekki. Allison nær sambandi við hina framliðnu og getur líka séð atburði fyrir.
**21.15** **Kevin Hill (9:22)** (Going For The Juggler) Kevin Hill nýtur lífsins í botn. En í einni svipan er lífi Kevins snúið á hvolf.
**21.55** **Strong Medicine 3 (5:22)** (Samkvæmt læknisráði 3) Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.
**22.40** **Oprah Winfrey** (Oprah Winfrey 2004/2005)

**23.25** Double Bill **0.50** Mile High (7:26) (Bönnuð börnum) **1.35** Medical Investigations (7:20) **2.15** Fréttir og Ísland í dag **3.35** Ísland í bítið **5.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 3. þáttaröð **18.20** Innlit/útlit – lokaþáttur (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.45** **Everybody loves Raymond – lokaþáttur (e)**
**20.10** **Jack & Bobby – NÝR TÍMI!** Þættirnir fjalla um bræðurna Jack og Bobby sem búa hjá sérvitri móður sinni, Grace.
▶ **21.00** **Providence** Syd telur sig hafa fundið hinn eina rétta og svo virðist sem Jim hafi náð sér að fullu. Robbie og Joanie myndast við að koma undir sig fótunum með misjöfnum árangri.
**22.00** **Law & Order: SVU – lokaþáttur** Myndir eru teknar af skólastjóra þar sem hann ræðst á unglingspilt. Novak kemst að því að hegðun skólastjórans orsakast af heilaæxli sem hægt er að fjarlægja með skurðaðgerð.
**22.45** **Jay Leno** Jay

**23.30** Queer Eye for the Straight Guy – lokaþáttur (e) **0.15** Cheers – 3. þáttaröð (e) **0.40** NÁTTHRAFNAR **0.40** Boston Public **1.20** John Doe **2.05** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Tom Sawyer **8.00** Our Lips Are Sealed **10.00** Dungeons & Dragons (B. börnum) **12.00** The Curse of the Pink Panther **14.00** Tom Sawyer **16.00** Our Lips Are Sealed **18.00** Dungeons & Dragons (B. börnum) **20.00** The Curse of the Pink Panther **22.00** Not Another Teen Movie (B. börnum) **0.00** Wasabi (B. börnum) **2.00** The Sticky Fingers of Time **4.00** Not Another Teen Movie (B. börnum)

### OMEGA

**8.00** Billy Graham **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Blandað efni **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** T.J. Jakes **13.00** Blandað efni **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Blandað efni **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Ron Phillips **18.00** Robert Schuller **19.00** Blandað efni **20.00** Believers Christian Fellowship **21.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**18.00** Equestrianism: Super League Rome Italy **19.00** Football: U-21 Festival Toulon France **21.00** Tennis: Grand Slam Tournament French Open **22.00** Golf: U.S. P.G.A. Tour Fedex St. Jude Classic **23.00** Golf: the European Tour the BMW Championship

**BBC PRIME**
**12.00** Born and Bred **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Step Inside **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** The Really Wild Show **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** Safe as Houses **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Location, Location, Location **18.30** A Place in France **19.00** Diarmuid's Big Adventure **20.00** Living the Dream **21.00** Spooks **21.50** Murder in Mind **23.00** Making Masterpieces **23.30** Painting the World **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** The Darwin Debate

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Frontlines of Construction **14.00** The Tallest Towers **15.00** When Animals Attract **16.00** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** When Animals Attract **20.00** Frontlines of Construction **21.00** The World's Most Powerful Dam **22.00** Shipwreck Detectives **23.00** Air Crash Investigation **0.00** Frontlines of Construction

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Science of Shark Attacks **13.00** Realm of the Orca **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Journey of the Giant **19.00** Sharks of the Deep Blue **20.00** Miami Animal Police **21.00** The Life of Birds **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Tusks and Tattoos **1.00** Growing Up...

**DISCOVERY**
**12.00** Building the Ultimate **12.30** Massive Engines **13.00** Weapons of War **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Jungle Hooks **16.00** Super Structures **17.00** A Bike is Born **18.00** Mythbusters **19.00** Why Intelligence Fails **20.00** War Surgeons **21.00** Unwrapped **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** NY Firefighters

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80's **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Behind the Music **20.00** Fabulous Life Of... **20.30** Britney's Hits **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Africa on a Plate **12.40** Race to the Altar **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** Spicy Sex Files **20.45** What Men Want **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.25** Crime Stories **23.10** Entertaining With James **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Gastineau Girls **13.30** The Soup **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 101 Most Awesome Moments in... **17.00** The Soup **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Dr. 90210 **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Love is in the Heir **22.30** Gastineau Girls **23.00** E! News **23.30** The E! True Hollywood Story **0.30** The Soup **1.00** The Entertainer

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.00** Flight from Ashiya **13.40** Zero to Sixty **15.20** Lady in the Corner **17.00** The Men's Club **18.40** A Midsummer Night's Sex Comedy **20.10** Rikky and Pete **21.50** Exposed **23.30** Cutter's Way **1.20** Theater of Blood **3.00** In the Arms of a Killer

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**LAW & ORDER: SVU** *SKJÁREINN* **kl. 22.00**

### Undarleg hegðun skólastjóra



Aðalpersónurnar.

**Þetta er lokaþáttur í seríunni.** Í kvöld verður sýndur lokaþáttur um lögregluþjónana í New York sem kafa djúpt ofan í undirheima borgarinnar og leysa hin ýmsu mál. Oftar en ekki er um kynlífstengd mál að ræða. Í kvöld eru teknar myndir af skólastjóra nokkrum sem hann er hann ræðst á unglingspilt. Novak kemst að því að hegðun skólastjórans stafar af heilaæxli sem hann er með og hægt er að fjarlægja með skurðaðgerð. Hún samþykkir að gera sátt í málinu en afbrotamaðurinn brýtur gegn ákvæðum samningsins með því að hafa aftur samband við fórnarlambið.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Paps, you've been like the drunken, abusive grandfather I never had."**

**Svar:** Nathanial Mayweather úr kvikmyndinni Cabin Boy frá árinu 1994.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Ásdísi Olsen.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Andblær frá Ipanema **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Demantar að eilfíu, gæfa eða bölvun **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Óðurinn til frelsisins

**23.00** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.30** Fótboltarásin **22.10** Geymt en ekki gleymt

**1.10** Ljúfir næturtónar **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** TÖLVUR & TÆKNI **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**21.00** *Íþróttir*

**TIGER WOODS. Hér er á ferð þáttur um einn besta kylfing allra tíma, Tiger Woods.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.50** **David Letterman** .
**19.35** **Bandaríska mótaröðin í golfi** (US PGA Tour 2005 – Highlights)
**20.30** **Bikarmótið í fitness 2005** (Karlar) Öflugur hópur keppenda mætti nýverið til leiks á bikarmótinu sem haldið var að Varmá í Mosfellsbæ.
**21.00** **Tiger Woods (2:3)** Rætt er við fjölskyldu og vini Tigers sem og þekktar stjörnur úr íþróttunum og skemmtanaheiminum sem allar eiga það sameiginlegt að dást eindregið að þessum snjalla kylfingi.
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
**22.30** **David Letterman**

**23.15** World Series of Poker

## POPP TÍVÍ

**20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Tvíhöfði (e) **21.30** Real World: San Diego

**TCM**

**19.00** The Big Sleep **20.50** Once a Thief **22.35** Alfred the Great **0.35** The Prizefighter and the Lady **2.20** Made in Paris

**HALLMARK**

**12.45** Frankie & Hazel **14.15** Tidal Wave: No Escape **16.00** Early Edition **16.45** Down in the Delta **18.30** Annie's Point **20.00** Law & Order Vii **20.45** Black Fox: The Price of Peace **22.15** Fighting For My Daughter **0.00** Law & Order Vii **0.45** Annie's Point **2.15** Black Fox: The Price of Peace

**BBC FOOD**

**12.00** Giorgio Locatelli – Pure Italian **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Naked Chef **13.30** Made to Order **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Floyd's India **15.30** Ready Steady Cook **16.00** A Cook's Tour **17.00** The Italian Kitchen **17.30** Coconut Coast **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Naked Chef **19.30** Chefs at Sea **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Street Cafe **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.00** Andsnes: En troldmand ved klaveret **12.55** Norges mindste teater **13.20** Spot **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR-Derude med S¢ren Ryge Petersen **14.30** Den nye have **15.00** Braceface **15.30** Junior-Dox **16.00** Peter Plys **16.20** Gurli Gris **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Rabatten **18.00** DR Dokumentar – Kampen om energien **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **20.00** Samarbejdets pris **22.40** Onsdags Lotto **22.45** Grænsel¢s kærlighed

**SV1**

**12.50** Kanonfotografen **14.00** Rapport **14.05** Familjen Anderson **14.30** Medborgarjakten **15.00** Sverige! **15.30** Krokodill **16.00** Rent hus **16.30** Kalle och hans nalle **16.40** Slut för idag... tack för idag **16.55** Minifixat **17.05** Sagoberättaren **17.30** Rapport **18.00** När storken sviker **18.30** Mitt i naturen **19.00** The Yards **20.55** Fader Ted **21.20** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.40** En röst i natten **22.30** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, sem var endurkjörin formaður Skáksambands Íslands og er á leið í brúðkaup Gary Kaspararov.*

## ÞRÍR SPURÐIR

HÉLSTU REYKLAUSA DAGINN HÁTÍÐLEGAN?

**Eitt stærsta heilbrigðismálið**



Rannveig Guðmundsdóttir, þingkona Samfylkingarinnar.

Nei, ég hélt hann nú ekki beinlínis hátíðlegan því ég reyki ekki og ég bý á reyklausu heimili, sem ég er mjög lukkuleg með. Hins vegar er ég mjög hrifin af því að við skulum vera með reyklausan dag og ég lít svo á að þetta sé eitt stærsta heilbrigðismálið, að fá fólk til að hætta að reykja og tryggja rétt þeirra sem reyklausir eru. Einnig finnst mér gríðarlega mikilvægt að börn upplifi reyklaust umhverfi.

**Hefur engin áhrif á mig**



Bjarni Arason, söngvari.

Nei, það gerði ég nú ekki. Ég reykti ekkert minna á reyklausa daginn og heldur ekkert meira. Ég reykti bara eins og vanalega. Þessi reyklausi dagur hefur engin áhrif á mig og ég er alveg á móti því að banna reykingar. Aðalatriðið er að fólk á að fá að velja hvort það vill. Fólk á að hafa frelsi til þess að vera ekki í reyk en einnig á það að eiga kost á að vera í reyk. Alveg eins og hvort maður kaupir kók eða pepsi, ríkið á ekki að velja fyrir mann.

**Hef aldrei reykt**



Páll Óskar Hjálmtýsson, söngvari.

Ég hef nú aldrei reykt á ævinni svo ég hélt hann ekkert hátíðlegan. En ég vona svo sannarlega að þessi dagur verði annað hvort áminning eða hvatning til þeirra sem reykja og vilja hætta því. Þetta hefur stundum áhrif á mig í mínu starfi því þegar staðirnir eru litlir þá setur maður fötin sín beint í þvottavélina þegar heim er komið. Ég er ekki hlynntur reykingabanni en mér þætti samt afskaplega huggulegt að geta farið inn á reyklaust veitingahús af og til. Ég vil að það val sé fyrir hendi.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**Lárétt:** 2 jörð, 6 frá, 8 gera gælur við, 9 dá, 11 forsetinn, 12 karldýr, 14 strokka, 16 einkennisstafir, 17 herbergi, 18 beina að, 20 samhljóðar, 21 kona.
**Lóðrétt:** 1 naut, 3 byrði, 4 ljós yfirlitum, 5 spé, 7 þjóðhöfðingi, 10 nem, 13 flugfélag, 15 svæði í Noregi, 16 væntingar, 19 frá.

**LAUSN:**

**Lárétt:** 2 fold, 6 af, 8 kjá, 9 rot, 11 ór, 12 fress, 14 skaka, 16 ve, 17 sal, 18 óta, 20 nt, 21 nift.
**Lóðrétt:** 1 tarf, 3 ok, 4 ljóska, 5 dár, 7 forseti, 10 tek, 13 sas, 15 alta, 16 von, 19 af.

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



**JAKOB TÓMAS BULLERJAHN** Hann útskrifaðist með prýði nú á dögunum og gaf skólanum óvenjulega skilnaðargjöf.

NEMANDI Í MH: GAF SKÓLANUM ÓVENJULEGA SKILNAÐARGJÖF

# Fallegasta jafnan

Jakob Tómas Bullerjahn útskrifaðist nú á dögunum frá Menntaskólanum við Hamrahlíð með þvílíka prýðiseinkunn að hann varð semidúx sem og einingardúx sem þýðir að hann kláraði flestar einingar eða alls 177 talsins. Menntaskólinn er honum kær og í skilnaðargjöf gaf hann skólanum mynd af fallegustu jöfnu stærðfræðinnar að eigin sögn. „Þetta var nú bara til þess að skilja eitthvað eftir sig. Ég er búinn að vera þarna í fjögur ár, kennararnir hafa deilt með mér hluta af þekkingu sinni og ég vildi gefa þeim eitthvað til baka,“ segir Jakob.

Aðspurður hvers vegna þessi tiltekna jafna teljist fallegri en aðrar jöfnur stærðfræðinnar segir hann: „Þessi jafna inniheldur töluna einn, töluna núll, fallið e og töluna pí. Þetta eru einstakar tölur innan stærðfræðinnar og þegar þær lenda allar saman í einni jöfnu þykir það fagurt og einfalt. Þetta er grafíkverk sem ég gerði í myndlistartíma, kennarinn hafði nú sínar efasemdir um að þessi jafna gæti endað sem falleg mynd en hún kom bara nokkuð vel út.“

Stærðfræði er Jakobi augljóslega nokkuð hugleikin og tekur hann undir það. „Jú stærðfræði er eitt uppáhaldsfagið mitt og ég stefni á fræðilega eðlisfræði en auk þess eiga ljósmyndun, myndlist og leiklist stóran hluta af mínum huga.“

Jakob var forseti nemendafélags MH í vetur og þar sem margar skyldur felast í því starfi hlýtur hann að hafa skipulagt tíma sinn vel. „ Forsetastarfið er ágætis starf fyrir alla sem þola smá álag því nauðsynlegt er að vera til staðar fyrir aðra í nemendafélaginu. Það er einmitt lykilatriði þegar maður hefur mikið að gera, að skipuleggja sig vel. Það sem ég legg samt alltaf mikla áherslu á er að hafa smá tíma fyrir sjálfan mig, það er alveg nauðsynlegt.“

hilda@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Blaðið sem **Karl Garðarsson** ritstýrir birtir leiðara sína ekki undir nafni höfunda. Blaðið fer því sömu leið og Morgunblaðið í þessum efnum, þótt skrifin séu ekki eins merkingarþrungin. Heilagur andi Morgunblaðsins er nánast persónugerður og því víst að andi ritstjórans, **Styrmis Gunnarssonar**, svífur jafnan yfir vötnum þótt aðrir skrifi leiðara Morgunblaðsins. Ómerkt leiðaraskrif Blaðsins hafa orðið til þess að flestir leiðarar þess eru eignaðir hægrisinnaða álitsgjafanum **Andrési Magnússyni** sem starfar á Blaðinu. Þetta á ekki síst við þegar Blaðið beinir spjótum sínum að Samfylkingunni og R-listanum. Andrés mun þó ekki eiga heiðurinn af öllum herlegheitunum og sá kvittur er kominn á kreik að **Sigurður G. Guðjónsson**, stjórnarformaður útgáfufélags Blaðsins og einn eigenda þess, láti stundum til sín taka á þessum vettvangi og að hann hafi til að mynda skrifað leiðara um Samfylkinguna. Þá hefur einnig sést til Sigurðar með myndavél og því talið líklegt að hann leggi blaðinu einnig til myndefni. Standist þetta er Sigurður greinilega jafn alþýðlegur og hann var þegar hann stjórnaði Stöð 2 og gengur í hin ýmsu störf á Blaðinu.





Forseti Indlands, dr. A.P.J. Abdul Kalam, sem hóf opinbera heimsókn sína á Íslandi í fyrradag, byrjaði dvölina með einkasamkvæmi á Nordica á sunnudagskvöld. Þangað bauð hann til sín rjómanum af íslenskum vísinda- og fræðimönnum, en þar nutu gestrisni Indlandsforseta Kári Stefánsson, Hjálmar Ragnarsson, Herdís Þorgeirsdóttir, Kristín Ingvarsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Árný Sveinbjörnsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsóttir, Jóhann Sigurjónsson, Gísli Sigurðsson, Ásgeir Margeirsson, Halldór Guðmundsson, Örnólfur Thorsson og Ólafur Harðarson.








# Uppstoppaður tunglfiskur til sýnis

Á haustdögum flæktist í höfnina í Þorlákshöfn gríðarstór fiskur sem fyrst var talinn vera hákarl. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að um tunglfisk var að ræða, öðru nafni guðlax, tveggja metra langan furðufisk sem slæpst hafði um langa leið til Íslands. Fiskurinn er mjög sjaldgæfur svo norðarlega en finnst víða sunnar á hnettinum. Tunglfiskurinn er stærsti þekkti beinfiskurinn og verður afar þungur en björgunarsveitarmenn fönguðu fiskinn og komu honum á bryggjuna. Þessi tiltekni fiskur var tveir metrar að lengd og annað eins ugga á milli.

Á síðustu mánuðum hafa uppstopparnir Steinar Kristjánsson og Ove Lundström stoppað fiskinn upp, en þetta mun vera eitt stærsta verkefni í uppstoppun sem unnið hefur verið hér á landi. Báðir uppstoppararnir hafa hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín, meðal annars fékk Steinar önnur verðlaun í heimsmeistarakeppni uppstoppara í vor. Á sjómannadaginn, 5. júní, verður opnuð sýning í Ráðhúsi Ölfuss, Þorlákshöfn, þar sem tunglfiskurinn skipar heiðurssæti. Það er ókeypis inn og er gert ráð fyrir að sýningin verði opin í eitt til tvö ár. Á sýningunni verða einnig ýmis önnur sjávardýr, bæði þekktir fiskar og annað sem sést sjaldnar, meðal annars tröllakrabbi, lúsífer og sædjöfull. Af tilefni opnunar mun Steinar Kristjánsson sýna ýmis dýr sem hann hefur stoppað upp, meðal annars verðlaunafuglinn úr heimsmeistarakeppninni. ■



**TUNGLFISKURINN** Hann lifir eingöngu á marglyttum og hrygnir meira en nokkurn annar fiskur.

# Nauðsynlegt í ferðalagið

15%




VOLTAREN EMULGEL

599




HANSAPLAST SURVIVAL KIT

Lítil og handhæg sjúkrataska í allar ferðir.

15%




VECTAVIR




15%

VOLTAREN DOLO




GEHWOL

Gehwol Extra er mýkjandi krem fyrir þurra, þreytta og auma fætur.

15%



15%

COMPEED PLÁSTRAR

Nauðsynlegir í gönguna. Fyrirbyggjandi og hindra blöðrumyndun.

20%




SÁRAKREM

Sótthreinsandi sárakrem frá Gamla apótekinu þarf alltaf að vera til taks.




529

Áður: 629 kr.

LÓRITÍN

40 á verði 20



COMODYNES AVENA

Handhægir klútar fyrir andlitshreinsun. Fyrir almenna húð. 40 klútar á verði 20.

2 fyrir 1




COMODYNES BRÚNKUKLÚTAR

Falleg, jöfn og áferðarfalleg brúnka á aðeins 3 klst. sem endist í 3-4 daga. Þú kaupir 1 og færð annan í kaupbæti.




1.799

HAWAIIAN TROPIC TASKA

Þú velur saman 1 stk. sólarvörn, 1 stk. aftersun og 1 stk. varasalva við þitt hæfi. Þetta þrennt færðu í tösku á aðeins 1.799 kr.

GOTT FÓLK McCANN

Gildir til 7. júní

Lyf & heilsa

*Við hlustum!*

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000






BAKÞANKAR
STEINUNNAR STEFÁNSDÓTTUR

# Fréttir af fólki

Fréttir snúast um fólk. Fréttir sem eingöngu greina frá þurrum staðreyndum eru, sannast sagna, oft hundleiðinlegar. Fólkið bak við fréttirnar gefur þeim líf og gildi. Sumar fréttir eru þó þess eðlis að farsælast getur verið að halda sig við beinharðar staðreyndir og tölur og leyfa fólkinu sem þær snúast um að liggja milli hluta, fá bara að vera án nafns og andlits.

**ÞAÐ** er tvímælalaust frétt að maður veikist af hermannaveiki og sömuleiðis hversu margir hafi fengið veikina á þessu ári eða því síðasta, jafnvel þróunin í fjölda greininga í einhver ár, að ekki sé minnst á batahorfur sjúklinganna. Það er hins vegar ekki frétt hvaða einstaklingar veikjast af þessum sjúkdómi, nema þeir séu á einhvern hátt opinberar persónur.

**OG** hver er þá opinber persóna? Ráðherra? Já. Þingmaður? Ætli það ekki? Leikari? Tja, ef hann er mjög frægur – eða mjög fjölmiðlafíkinn (sem sagt æstur í að vera í fjölmiðlum hvenær sem færi gefst). Kaupsýslumaður? Sama og með leikarann. Þetta er auðvitað hárfín lína og alls ekki óumdeilanleg en flestir eru líklega sammála um að óbreyttur starfsmaður á sjúkrahúsi geti varla talist opinber persóna.

**REGLULEGA** eru okkur fluttar fréttir af því hversu margir greinast með krabbamein og ekki síður um batahorfur þessara sjúklinga, sem góðu heilli verða stöðugt betri. Líklega dytti samt fáum í hug að birta myndir af fólki sem greinist með krabbamein og ekki heldur öllum þeim sem læknast af því.

**ÝMSIR** sem veikst hafa af alls konar sjúkdómum hafa hins vegar valið að miðla af reynslu sinni í fjölmiðlum, eins og fólk hefur gert sem orðið hefur fyrir slysum og alls konar annarri reynslu. Slíkar frásagnir eru iðulega áhrifaríkar og einnig gagnlegar, ekki síst þeim sem deila reynslu með fólkinu. Þeir sem hafa greinst með sjúkdóm, orðið fyrir slysi eða skilið við maka sinn, ef út í það er farið, og óska ekki eftir að deila reynslu sinni með öðrum hljóta samt að eiga fullan rétt á að eig þetta einkalíf sitt í friði. Að ekki sé minnst á þá sem eru of veikir til þess einu sinni að taka afstöðu til þess hvort þeir vilja koma fram í fjölmiðlum eða ekki. ■




trampólín – svampgryfja – fimleikar – taekwondo – klifur – leikir – sund – gönguferðir- grillveisla – bolur

HOLL HREYFING FYRIR HRESSA KRAKKA

Íþróttanámskeið
Fjör og fimi 6.-12. ára

Klifurnámskeið
Klifur og trampólín 8.-12. ára

Upplýsingar og skráning í síma 5652311 og á www.fbjork.is – fbjork@fbjork.is
Íþróttamiðstöðin Björk - Haukahrauni 1 - Hafnarfirði

Fimleikafélagið Björk